



ÁRSRIT
Skógræktarfélags Íslands
1950

TIMBUR

og fassar aðrar

BYGGINGAVÖRUR

er best að kaupa

hjá

stærstu

timburverzlun

landsins.

TIMBURVERZZLUNIN

VÖLUNDUR H. F.

HEYRJAETIK

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1950



- Gefið út í 5500 eintökum -

REYKJAVÍK - 1951 - PRENTSMIÐJAN ODDI H.F.

EFNISYFIRLIT:

	Bls.
Valtýr Stefánsson: <i>Nokkrar staðreyndir um skógræktina</i>	5
Hákon Bjarnason: <i>Skógræktarfélag Íslands 20 ára</i>	24
Ármann Dalmannsson: <i>Skógræktarfélag Eyfirðinga 20 ára</i>	39
Steindór Steindórsson frá Hlöðum: <i>Skógar í Eyjafirði</i>	49
Ketill Indriðason: <i>Guðmundur Ólafsson</i>	82
Ályktun Búnaðarþings um skógræktarmál	84
Hákon Bjarnason: <i>Starf Skógræktar ríkisins 1949</i>	86
-„- Minningarorð	106
Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1949	114
Skýrslur skógræktarfélaganna árið 1949	127
Smávégis	135

VALTÝR STEFÁNSSON:

Nokkrar staðreyndir um skógræktina.

Trúið þið því, að hér á landi geti dafnað stórvaxnir og víðáttumiklir barrskógar?

Oft heyrist þessi spurning eða aðrar henni líkar. Er það að vissu leyti, eðlilegt. En hið rétta svar er á þessa leið:

Við bæði trúum því og vitum það, að vonir manna geti rætst í þessum efnum. Veðurfar og jarðvegur hér á landi, reisir ekki skorður við því, að stórvaxnir greni- furu- og lerkiskógar geti vaxið og dafnað hér. Með dugnaði, fyrirbyggju og markvissu starfi getur þjóðin komið sér upp skógum, sem fullnægt geti viðarþörfum landsmanna að mestu leyti, er fram líða stundir. Með því að gróðursetja víðlenda skóga af þessum nytjaviðum, geta næstu kynslóðir margfaldað afrakstur og verðmæti landsins.

LOFTSLAGIÐ LEYFIR SKÓGA.

En þeir, sem hafa ekki enn komið auga á þessar staðreyndir, hljóta að spyrja: - Hvað hafið þið til sannindamerkis um, að þið farið með rétt mál?

Veðurfar ræður úrslitum um það, hvaða trjátegundir geta dafnað í hverju landi. Gerður hefur verið samanburður á veðurfari Íslands og annarra norðlægra landa, þar sem skógar vaxa. Komið hefur í ljós, að í norðanverðri Evrópu og á vesturströnd Norður-Ameríku, einkum í Al-

aska, eru víðlend héruð, þar sem meðalhiti hvers mánaðar í árinu, úrkomur og vindar eru mjög á sömu lund og hér á landi. Á þessum slóðum eru miklir, hávaxnir og ákaflega verðmætir barrskógar,

Eins og kunnugt er, hefur veðurfarsbreyting orðið á norðurlhveli jarðar síðasta aldarfjórðunginn. Hefur loftslag hlýnað að mun á þessu tímabili, frá því sem var á síðustu öld. Einkum gætir þess í hinum nyrstu byggðum, því þar hefur hlýindaaukinn haft mest áhrif á gróðurfarið. Breytingarnar á veðurfarinu í nyrstu byggðunum hafa verið samtímis um allt norðurlhvelið, og því hafa hinir stórvöxnu og víðlendu barrskógar í héruðum með „íslensku“ loftslagi vaxið og alizt upp við mun kaldara loftslag en þar er nú.

REYNSLA SÍÐUSTU ÁRATUGA.

Það er þó fleira en samanburðurinn á veðurfarinu hér á landi og í nyrztu barrskógahéruðunum, sem við höfum máli okkar til stuðnings, er við fullyrðum að hér geti vaxið barrskógar.

Reynsla af vexti barrtrjáa hér á landi, talar sama máli og samanburðurinn á loftslaginu. Þó hér séu enn ekki víðlendir barrskógar, eins og síðar mun geta orðið, hafa tilraunir undanfarinna 40-50 ára fært okkur heim sanninn um, að hér geta margs konar nytjaviðir dafnað og tekið góðum þroska. Við þurfum ekki víðlenda skóga máli okkar til sönnunar, því augljóst er, að þar sem nokkrir einstaklingar eða fá hundruð af einhverri trjátegund geta vaxið, getur líka og ekki síður vaxið samfelldur skógur sömu tegundar.

Tilraunir í skógrækt hófust hér á landi um og eftir síðustu aldamót. Þær trjáplöntur, sem komu hingað á þeim árum, voru allar frá veðursælli löndum en Íslandi. Á þeim árum var lítið sinnt um skógrækt á norðlægum slóðum, í svipuðu loftslagi og hér er, og þess vegna var erfitt að afla

fræs þaðan. Auk þess gerðu menn sér ekki eins glögga grein fyrir því þá eins og nú, að til þess skógrækt heppnist á norðlægum slóðum, verður hún að byggjast á ræktun þeirra trjáa, sem ættuð eru frá héruðum með sömu eða svipuðum veðurskilyrðum.

RAUÐAVATNSFURAN.

Fyrstu skógræktartilraunirnar hér á landi með barrviði voru ekki umfangsmiklar. Voru þær yfirleitt gerðar á skjóllausu landi, og dró það mjög úr árangrinum.

Lang kunnust er tilraunin, sem gerð var hér við Rauðavatn. Flestir hafa séð gróðrarstöðina þar tilsýndar. Hún liggur rétt við fjölfarnasta þjóðveg landsins.

Hinar lágvöxnu, kræklóttu, jarðlægu fjallafurur, sem gróðursettar voru við Rauðavatn fyrir hálfri öld, eru ættaðar sunnan úr Alpafjöllum, úr allt öðru loftslagi og öðrum jarðvegsskilyrðum, en þær lifa við þarna. Auk þess eru þær að eðlisfari bæði margstofna og lágvaxnar í heimkynnum sínum, svo að úr þeim verða aldrei teljandi nytjaviðir. Þess vegna má telja það furðu sæta, að fjallafura þessi skuli hafa hjarað hér, en ekki dáið gjörsamlega út.

Á hinn bóginn er það auðsætt, að þessi skógræktartilraun við fjölfarnasta þjóðveginn hefur dregið mjög úr skógræktaráhuga manna og valdið íslenskri skógrækt miklum álitshnekki, vegna þess að menn hafa hvorki vitað, hve trjátegund þessi er lítilfjörleg að eðlisfari, né heldur að hún er hingað flutt frá veðurskilyrðum sem eru með öllu ólík íslensku veðráttufari.

Samtímis voru einnig gerðar tilraunir á Þingvöllum og við Grund í Eyjafirði. Á báðum þessum stöðum voru ræktunarsvæðin mjög lítil og skjólvana. En tegundirnar, sem þarna voru gróðursettar voru fjallafura, cembrafura, skógarfura, hvítgreni og lerki, og allar af suðlægari uppruna, en hentaði í íslensku loftslagi.

TILRAUNIRNAR VIÐ HALLORMSSTAÐ MERKASTAR.

Tilraunir þær, sem gerðar voru á fyrstu árum aldarinnar að Vöglum í Fnjóskadal, fóru yfirleitt forgörðum vegna beitar. Á Hallormsstað tókst betur til. Tilraunir þar frá þessum árum, hafa reynst þýðingarmestar fyrir skógræktina.

Í Mörkinni á Hallormsstað standa fimm blágrenitré. Þau eru 8-11 metrar á hæð. En þvermál stofnanna í brjósthæð eru 24- 30 cm. Viðarmagnið í þeim trjám, sem stærst eru, er um það bil hálfur teningsmetri. Trén eru gróðursett árið 1906.

Því miður vita menn ekki hvaðan þau eru ættuð. Heimkynni blágrenisins eru Klettafjöllin í Norður-Ameríku. Telja má víst, að þessi Hallormsstaðatré séu ættuð úr héruðum, sem eru langtum suðlægari en Ísland. Samt hafa þau tekið þessum þroska í Hallormsstaðaskógi. Þrisvar hafa blágrenitrén borið fræ og með því helgað sér borgararéttinn í hinu íslenska gróðurríki.

Upp af fræjum þessara trjáa hafa nú vaxið um 4000 nýgræðingar. Þessi árangur sannar og sýnir, að við getum komið upp greniskógum þessarar tegundar hér á landi. Og nú eru allar líkur til, að við getum fengið fræ af blágreni, úr loftslagi, sem er svipaðra íslenzku loftslagi en þar, sem foreldrar þessara fimm trjáa stóðu.

Hér var og sett niður all mikið af blágreni á árunum 1937-1939, bæði sunnan lands og austan. Þessi tré hafa öll, undantekningarlaust, þrifist mjög vel. Meðalhæðin er víðast um meter, og er það alveg sami vöxtur og tíðkast í Troms og Nordlands fylkjum í Noregi. Uppruni og ætterni þessara trjáa er alveg óþekktur, en þau hafa vaxið betur en stóru blágrenin á Hallormsstað á árunum 1906- 1918.

Árangurinn af gróðursetningu Síberíulerkis á Hallormsstað er þá ennþá glæsilegri. Hæsta tré þessarar tegundar



*Gildasta blágrenið í Hallormsstað. Þvermál 30 sm í 1,3 m hæð frá jörðu.
Hæð 11 m 1950.*

H. B.

er nú hæsta tré á Íslandi, 12 m á hæð. En mörg þeirra eru um og yfir 10 m. Til þeirra var sáð árið 1913. Eru þau alls á annað hundrað að tölu. Þau voru gróðursett árið 1921 og voru þá um $\frac{2}{3}$ úr metra á hæð, en nú eru þau sem óðast að vaxa upp fyrir hæstu birkitré landsins.

Bæði blágrenið og lerkitrén hafa nú náð þeim aldri og vexti, að unnt er að gera sér grein fyrir árlegum viðarvexti þeirra í íslenzku loftslagi. Samkvæmt mælingu, sem gerð hefur verið á þessum trjám í Hallormsstaðaskógi, reynist hinn árlegi viðarvöxtur þeirra alveg sambærilegur

við viðarvöxtinn í þeim löndum, þar sem þessi tré mynda víðlenda og mikla skóga.

Skógarfura var fyrst gróðursett í Hallormsstaðaskógi árið 1906 og svo aftur fám árum síðar. Er hún að líkindum ættuð úr Þrændalögum og Mið-Svíþjóð. Furan er nú 7-8 metrar á hæð. Hún hefur ekki borið fræ ennþá. Vöxtur skógarfurunnar er í tæpu meðallagi, ef miðað er við vöxt hennar í heimkynnum hennar í Skandinavíu, enda hefur skjaldlús dregið töluvert úr þrifum hennar á síðustu árum.


Er þessar fyrstu tilraunir voru gerðar í skógrækt hafði C. E. Flensborg, skógræktarfræðingur frá Heiðafélaginu danska, umsjón með þeim. Hann hefur skýrt svo frá, að á þeim árum hafi ekki verið unnt að fá fræ af trjáplöntum í Norður-Noregi né heldur í Alaska. Eftirmaður hans, Kofoed-Hansen, skógræktarstjóri átti við sömu örðugleika að etja.

LERKIREITURINN.

Einhver lærdómsríkasta tilraunin, sem enn hefur verið gerð í íslenskri skógrækt, er með lerkitré frá Arkangelsk, en þá fyrst fékkst fræ, sem menn vissu örugg deili á. - Guttormur Pálsson, skógarvörður á Hallormsstað skýrir frá henni í Ársritinu 1947 á þessa leið.

Árið 1933 fékk hann fræ frá Arkangelsk í Rússlandi frá fræverslun í Kaupmannahöfn. Því miður keypti hann aðeins eitt pund. Fræið kom vel upp og plönturnar döfnuðu ágætlega í gróðrarstöðinni. En þaðan voru plönturnar fluttar og gróðursettar árið 1938, upp af Atlavík í Hallormsstaðaskógi, alls 6000-6500 plöntur. Er þessi tré frá 4 og- upp í 6 metra á hæð.

Samtímis því, sem lerkíð var gróðursett þarna í skjóli birkiskógarins, voru og gróðursettar 600 plöntur á berangri í skógargirðinguna á Eiðum. Þar hafa plönturnar



Síberískt lerki á Hallormsstað. Gróðursett 1921. Hæð 10 m 1950.

H. B.

vaxið furðu vel og standa keikar á móti öllum veðrum. En vöxturinn þar er ekki nema helmingur af því, sem hann er í Hallormsstaðaskógi. Ákjósanlegri reynslu og sönnun fyrir því, að lerkiskógar geti dafnað í þurrviðrasamari sveitum hér á landi, er ekki hægt að hugsa sér.

Þess er vert að geta, að viður af lerki er mjög verðmætur, enda kostaviður til margskonar nota.

SITKAGRENID.

Þá viku sögunni hér til Suðurlands og reynslu þeirrar, sem þegar er fengin af vexti og þroska sitkagrenisins.

Sitkagrenið vex eftir endilangri vesturströnd Norður-Ameríku, allar götur norður í Alaska. Allra nyrst myndar það mikla skóga, frá fjöruborði upp að efstu skógarmörkum eða í allt í 500-600 m hæð yfir sjávarmál. Í hinu harðviðra- og votviðrasama loftslagi við Prince Williams flóa myndar sitkagrenið allt að 40-50 metra háa skóga, og eru trén, sem ná þessari hæð um 2-300 ára gömul. -(sbr. Ársrit 1946).

Það er óhugsandi, að veðurskilyrði séu betri þar, sem þessir sitkagreniskógar vaxa heldur en hér sunnanlands og jarðvegurinn síst verri hér en þar, svo að ekki sé fastar kveðið að orði: Við höfum því miður ekki 100-200 ára reynslu fyrir því, hvernig sitkagrenið vex hér. En af vexti þess nýgræðings, sem hér hefur vaxið upp síðasta áratuginn, má ráða, að sitkagrenið kann vel við sig.

Árið 1937 komu hingað sitkaplöntur frá Noregi, er vaxið höfðu upp af fræi frá Alaska. Fræ þetta var þó tekið helst til sunnarlega all miklu sunnar en Ísland er. Samt hafa tré af þessu fræi dafnað mjög vel, eins og í Ártúnsbrekku, hjá Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni. Þar hefur sitkagrenið, sem gróðursett var 1937, þá fimm ára gamalt, nú náð 5 metra hæð og eru árssprotarnir frá 40 til 60 cm frá því að trén hófu vöxtinn.



*Sitkagreni í garði Sveinbjarnar Jónssonar í Ártúnsbrekku.
Gróðursett 1937. Hæsta tré 5 m 1950.*

Ljós. Ól. K. Magn.

Í heimkynnum sitkagrenisins í Alaska þykir þetta góður vöxtur. En úr því sitkagrenið vex hér eins vel og þar vestra fyrsta áratuginn, má ekki síður gera ráð fyrir, að næstu áratugi verði vöxturinn svipaður og hann er í heimkynnum þess.

Hitt er annað mál, að eðlilegt er, að við sem alist höfum upp í íslensku loftslagi og aldrei séð hér tré, sem vaxa hærra úr jörð en 8-10 metra, getum tæplega gert okkur grein fyrir því, að nokkura metra há sitkagreni hér, feli í sér eiginleika til þess að verða ferfalt hærri en hinir íslensku skógar.

TEGUNDAVAL.

Á síðustu árum hafa skógarfurur verið fluttar hingað frá Norður-Noregi, er hafa náð furðu góðum og örum vexti. Þær eru ættaðar úr loftslagi, sem heita má það sama og er hér á landi. Í Noregi mynda þær þétta skóga bæði inn til dala og út til stranda, sem eru um 20-28 m á hæð.

Skógarfurur frá uppeldisstöðvunum við Alstahaug og Rognan í Noregi, er hingað komu á árunum 1937-1939, eru nú allt að 2 metrar á hæð. Er sá vöxtur alveg sambærilegur við það, sem gerist í heimkynnum furunnar.

Þá hefur verið minnst á blágreni, lerki sitkagreni og skógarfuru, sem reynsla er fyrir að geti vaxið eins vel hér og á þeim stöðum, sem trén koma frá. Að þessu sinni er ekki þörf á að telja fleiri trjátegundir, sem geti vaxið í íslenskum framtíðarskógum.

Þó að hingað til hafi aðeins verið rætt um barrviði, er freistandi að nefna Alaskaöspina, sem náð hefur hér furðulega skjótum vexti, þar sem hún vex allt að meter á ári hverju og kelur ekki. Getur vel farið svo, að þessi trjátegund komi okkur Íslendingum að miklu gagni í framtíðinni.

En hér erum við ekki að ræða um það, hve fjölbreyttir framtíðarskógar Íslands geti orðið, heldur hitt, að óhætt sé að treysta því, að unnt sé að koma upp víðáttumiklum nytjaskógum. Tegundavalinu í skógunum verður svo auðvitað að haga eftir því, hvort rækta á tegundina á Norður og Austurlandi, þar sem þurrviðrasamt er, eða á Suður- og Suð-Vesturlandi, þar sem úrfelli er meira.



Alaskaöspin í Múlakoti að byrja 7. árið.

H. B.

HVAÐ HEFUR TAFIÐ?

Af þessum ástæðum er von að ýmsir spyrji: Hvers vegna hefur skógræktinni miðað svona seint áfram, úr því hún er svona öruggt og mikið framfaramál? Menn geta réttilega furðað sig á því, að eftir 50 ára tilraunir skuli þetta mál ekki vera komið lengra áleiðis en raun er á.

Þó er því til að svara í stuttu máli, að lengi vel misskildu menn alveg alla aðstöðu skógræktar hér á landi vegna þess, að hér voru ekki til, frá náttúrunnar hendi, aðrir skógar en birkiskógar. En birkið vex einna nyrst og einna hæst til fjalla á norðurvelli jarðar. Litu menn því svo á, að þetta væri vísbending um, að Ísland væri á nyrstu skógarmörkum jarðar.

Þessi trú manna hefur vafalaust styrkst við það, að í fjallahlíðum Noregs myndar birkið víðast skógarbelti fyrir

ofan barrskógana. En þegar gerður var nákvæmur samanburður á veðurfari í nyrstu barrskógasvæðunum austan hafs og vestan og á íslenskri veðráttu, sáu menn að það hlytu að vera aðrar orsakir en veðurfarið, sem olli því, að hér voru ekki barrskógar á landnámsöld.

Hér er einangrun landsins tvímælalaust um að kenna. Eftirtektarvert er, að fræ allra þeirra trjategunda, sem vaxið hafa hér frá alda öðli, en það eru birki, reynir, einir, víðir og ösp, geta borist til landsins loftleiðina. En fræ barrtrjáa eru of þung til að komast hingað sömu leið. Menn gerðu sér ekki grein fyrir því, að fjarlægð Íslands frá öðrum löndum hefur útilokað fjölmargar plöntutegundir úr gróðurríki landsins, sem annars hefðu vaxtarskilyrði hér. Meðal þeirra eru barrtré.

Á meðan menn litu svo á, að veðurskilyrði landsins leyfðu aðeins björkinni einni að mynda skóga, var það og auðvitað talið vafasamt, hvort nokkurn tíma gætu dafnað hér aðrir skógar. Ræktun annara trjategunda, og ekki síst barrviða, var í raun og veru talin í mótsögn við gróðurskilyrði landsins og þess vegna óeðlileg.

BREYTT VIÐHORF.

Við nánari athugun, og eftir þeirri reynslu, sem fengin er, er viðhorfið gersamlega breytt. Nú er það því ekki lengur talið eðlilegt, að hér vaxi aðeins bjarkarskógar. Hins vegar er sýnilegt, að hér geta vaxið barrskógar eins og í öðrum norðlægum skógarhéruðum. Með því að rækta barrskóga er verið að gera landið skógi vaxið, eins og það hefði orðið af sjálfu sér, með því loftslagi, sem hér ríkir, ef það hefði verið nær barrskógalöndum, en það er.

Þegar Norðmenn, sem kunnugir eru í nyrstu skógarhéruðum lands síns heyra það, að á Íslandi vaxi enginn skógur nema birkiskógur, spyrja þeir undrandi, hvernig á þessu geti staðið. Þeir giska þá á, að það sé jarðveginum að kenna, að hér vaxi ekki barrskógur. Slíkt er auðvitað

fjarstæða, því að hér er jarðvegur víðast hvar mun betri og frjósamari en í Noregi.

Noregur er mikið skógaland. Reynslan hefur kennt mönnum þar, að það fari nokkurn vegin saman, að þar sem hægt er að rækta kartöflur, geti einnig þrífist nytjaskógar barrviða. Og svipuð regla hlýtur að gilda hér á landi. Í öllum héruðum landsins, þar sem unnt er að rækta kartöflur, þar á að vera hægt að rækta stórvaxinn skóg.

Þrátt fyrir þetta er ekki nema eðlilegt, að efagjarnir menn verði enn nokkra stund að átta sig á því, hve skilyrði eru mikil fyrir skógrækt hér á landi. Það er ávalt svo; að menn eiga yfirleitt erfitt með að gera sér grein fyrir því, að mannshöndin geti valdið svo stórkostlegri breytingu á náttúrunni, eins og t. d. með því að breyta skóglausum svæðum í skógahéruð.

Í Miðjarðarhafslöndum, þar sem beit hefur eytt skógunum á stórum svæðum fyrr á öldum, hafa menn lifað kynslóð eftir kynslóð í þeirri trú, að þar geti skógar ekki vaxið, aðeins vegna þess, að þjóðin er ekki von því, að þar vaxi skógar. Úr því að skógleysið getur dregið svo kjark úr mönnum þar syðra, er ekki að furða, þó slíkt geti komið fyrir hér norður á Íslandi. Og ekki, síst þar sem hér er um algera nýjung í sögu landsins að ræða.

NÆSTA SKREFIÐ.

Þegar menn vita, að unnt er að fá hávaxna barrskóga og jafnvel nytjaskóga annara trjategunda til að vaxa hér á landi, er blátt áfram ekki hægt að láta undir höfuð leggjast, að hefjast handa um svo mikilvæga ræktun í stórum stíl.

Liggur þá fyrst fyrir, að gera sér grein fyrir, hve miklum skógum þurfi að koma hér upp, til þess afurðir þeirra geti fullnægt viðarþörf landsmanna að miklu leyti, er stundir líða.

Um þetta atriði hefur Hákon Bjarnason skógræktar-

stjóri gert fyrir mig svofellda áætlun, jafnframt því, sem ég við samning þessa greinarkorns, hef stuðst við umsögn hans, um önnur skógfræðileg atriði.

Hann skýrir svo frá:

Undanfarin ár hefur innflutningur á trjáviði hingað til lands numið um 80 þús. teningsmetrum að meðaltali árlega, ef miðað er við tré á rót. Af því viðarmagni munu um 70 þús. teningsmetrar hafa verið barrviður, sem unnt væri að rækta hér á landi. Lætur því nærri að viðarþörf þjóðarinnar, af þess konar viði, nemi um hálfum teningsmetra á mann á hverju ári. Almennt er talið, að í menningarþjóðfélagi sé ekki unnt að komast af með minna viðarmagn til árlegrar notkunar.

Viðarinnflutningur þessi kostar okkur um 50-60 millj. króna. Árlega eru það því engin smávegis útgjöld, sem skógleysið kostar okkur Íslendinga á hverju ári. Til mikils er að vinna, að stöðva að mestu þennan fjáraustur úr landinu.

Athugum þá í stuttu máli, hvað við Íslendingar þurfum að eiga af barrskógum, til þess að geta tekið nauðsynlegt barrviðartimbur af okkar eigin landi.

2 ½ *TENINGSMETRI Á HEKTARA ÁRLEGA.*

Samkvæmt viðarmælingum, sem hér hafa verið gerðar á furu og lerki, og er dæmt er eftir hæðarvexti sitkagrenis, blágrenis og nokkurra annarra trjátegunda, er vaxið hafa hér aðeins röskan áratug, má vænta 2 til 3 teningsmetra viðarvaxtar árlega á hverjum hektara skóglendis. Er þetta svipaður vöxtur, og venjulegur er í ræktuðum skógum um miðbik Skandinavíu. Viðarvöxtur þessi er meðal ársvöxtur skóga, frá því þeir eru gróðursettir, uns þeir eru felldir, fullþroska, 100-150 ára gamlir.

Sé gert ráð fyrir 2,5 teningsmetra árlegum vexti að meðaltali mun vöxturinn á hverjum hektara skóglendis nægja sem svarar þörfum hverra 5 landsmanna, eins og þær þarfir eru taldar nú.

Gerum ráð fyrir, að árið 2050, verði landsmenn um 250 þús. samtals. Þjóðin þarf þá að setja sér það mark, að rækta svo mikla skóga, að hún geti séð fyrir eigin þörfum í þessu efni að mestu leyti að 100 árum liðnum.

Auðvelt er að reikna út, hve mikið við þurfum að leggja af mörkum árlega, til þess að svo geti orðið.

Við reiknum með 2,5 teningsmetra viðarvexti á hverjum hektara skóglendis. Til þess að geta fullnægt viðarþörfinni að þessum tíma liðnum, verðum við að eiga barrskóga á 50 þús. hekturum lands. Við þurftum sem sé að gróðursetja skóg í 500 hektara lands á hverju ári næstu öld. Þetta gerir samtals 100 sinnum 500 ha eða 50000 ha lands, eða 500 ferkílómetra samtals. Þetta er smávægilegt landrými, samanborið við hið ræktanlega landflæmi í byggðum landsins, sem borið gæti skóg.

Landrými þetta er alls 6 föld stærð Þingvallavatns svo eitthvað sé tekið til samanburðar. En samanlagt skóglendi og kjarrlendi landsins er nú talið vera 1000 ferkílómetrar, eða helmingi stærra, en land það, sem þjóðin þarf undir barrskóga sína að 100 árum liðnum.

Af þessu sést, að ekki þarf að koma til neinna árekstra milli skógræktar og sauðfjárræktar landsmanna, eða beitarbúskaparins yfirleitt, sökum landþrengsla, enda þótt að þessu ráði yrði horfið. Landið sem færi undir skóg, samsvarar aðeins rösklega núverandi túna stærð á landinu,

GRÓÐURSETNINGARSTARFIÐ.

Venjulegt er í skógarlöndum að telja gróðursetningarstörf á einum hektara lands um 16 dagsverk, þegar þau eru unnin af vönu fólki. En þó gróðursetning sé hér hafin í stórum stíl má vart gera ráð fyrir því að fara munu minna en 20 dagsverk í að planta í hektara lands.

Við starf þetta er það talin hagkvæm verkaskipting að jafnmargir karlar og konur standi að verki í einu. Geta því allir verkfærir landsmenn lagt hér hönd á plóginn.

Til eru gróðursetningarvélar, en þær, ganga illa í þýfi og brattlendi. Og svo verður að setja barrplönturnar í skjóli birkiskóga, en erfitt mun reynast, að koma þar við vélum. Því er ekki unnt að byggja áætlanir á þeim að svo komnu máli.

Við verðum því að telja, að allt gróðursetningarstarfið verði unnið með handafli. Um 10 þús. dagsverk þarf, til þess að gróðursetja skóg í 500 hektara lands. Gróðursetningin verður að fara fram á 6 vikna tímabili á vorin og fyrirpart sumars. Þess vegna geta orðið nokkrir örðugleikar á, að fá nægilegan mannafla til þessa starfs í jafn fámennu þjóðfélagi og okkar, nema með því móti að skógræktarfélag og önnur áhugamannafélög um skógrækt, taki þetta starf upp fyrst í stað, hvert í sínu héraði, og fái sjálfboðaliða, til að inna mikinn hluta þess af hendi.

PLÖNTUUPPELDIÐ.

Aðal útgjaldaliðurinn við gróðursetningu barrskóganna er að jafnaði útvegum og kaup á trjáplöntum, Varla má geta ráð fyrir að nokkursstaðar verði komist af með færri en 5000 plöntur á hvern hektara lands. Þar sem gróðursett er í skóglendi, má yfirleitt komast af með 5000-6000 plöntur á hektara. En á berangri má naumast gera ráð fyrir færri en 7500-8500 plöntum á hektara.

Að sjálfsögðu verður lögð áhersla á að gróðursetja í birkiskógana, þar sem því verður við komið. Því ætti að mega gera ráð fyrir 6000 plöntum á hektara að meðaltali. Og í 500 hektara lands færi þá árlega magn, sem næmi 3 milljónum trjáplantna. Meðal uppeldiskostnaður hvernar trjáplöntu er nú um 50 aurar. Að sjálfsögðu er hann mikið hærri en síðar verður, þegar plöntuuppeldið verður rekið í stærri stíl, en hingað til hefur verið.

Tolltekjur ríkisins af timburinnflutningi hafa á undanförunum árum verið allt að 2 millj. króna á ári. Ekkert er eðlilegra en fé þetta verði látið renna til plöntuuppeldisins.



Barnakennarar við gróðursetningu í Haukadal vorið 1950.

H. B.

Á þann hátt má koma fótum undir þá skógrækt, sem mun firra þjóðina því, að þurfa um aldur og ævi að kaupa allt timbur frá útlöndum.

Í Noregi og Svíþjóð er skattur lagður á allan þann við, sem felldur er. Er tekjunum af þeim skatti varið til þess að gróðursetja skóg að nýju. Ríkissjóður okkar á því að taka ríflegan hluta af timbertollinum og verja honum beint til að kosta uppeldi barrplantna, svo hægt verði að afhenda þær ókeypis eða fyrir mjög lítið verð til félaga eða einstaklinga, sem vilja gróðursetja þær. Kostnaðurinn við skógræktina yrði þá aðallega við gróðursetninguna.

SPARISJÓÐUR KYNSLÓÐANNA.

Loks verður að gera ráð fyrir nokkrum girðingarkostnaði fyrir barrskógana og nokkru kaupverði þess lands, sem undir skógana verður tekið. En hvorugt ætti þetta að geta

orðið tilfinnanlegt. Fyrst um sinn verður víða nægilegt landrými, sem hentugt er fyrir barrskóga, innan þeirra skógargirðinga, sem til eru í landinu. Reisa þarf skorður við því, að nokkurs staðar dragi það úr ræktun nytjamikilla barrskóga, að ekki fáið land undir þá með viðunandi verði. Eigi ríkið land, sem æskilegt og hentugt er til skógræktar, ætti það að margborga sig fyrir þjóðfélagið, að slíkt land yrði afhent skógræktarmönnum fyrir lítið sem ekkert verð. En til þess að koma góðu skipulagi á skóggræðsluna yfirleitt, verður að samræma störf skógræktarfélaganna og einbeina þeim að því, að fyrst verði tekin bestu svæðin, sem völ er á, í sem flestum byggðum landsins, undir barrskóga framtíðarinnar.

Þegar þetta mikilsverða þjóðnytjastarf er vel á veg komið, hafa menn hvarvetna fyrir augum sannanir þess, að engin ræktunarstörf bera jafn margfaldan ávöxt í landinu, eins og skógrækt. Þá er þess að vænta, að æ fleiri einstaklingar, utan sem innan skógræktarfélaganna, rísi upp og hefjast handa um skógrækt. Þá mun almenningur fljótt sjá, að með engu móti er kostur á að leggja öruggari grundvöll undir framtíðargengi niðjanna, en á þennan hátt. Þá verður nauðsynlegt að leiða í lög, að hver sá maður, sem leggur fé sitt í örugga skógrækt, geti dregið vissan hluta tekna sinna frá tekjuskatti. Tillögur um þetta hafa verið ræddar á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands á undanförunum árum, og að tilhlutun félagsins hafa þær verið lagðar fyrir Alþing í frumvarpsformi. Þær hafa ekki enn náð fram að ganga, en málið þolir skamma bið. Verður að halda því vakandi.

Það liggur í augum uppi, að hver sá maður sem ver verulegum hluta tekna sinna í ræktun, sem gefur engan arð fyrr en eftir einn eða tvo mannsaldra, á siðferðislegan rétt á því, að undanskilja það fé skatti, sem til þessara starfa er varið.

Ungskógar þeir, sem rísa hér á næstu áratugum, verða einskonar sparisjóður. Hver teningsmetri skógviðar sem

í skóginum stendur, er nú 500 króna virði. Árlegur viðarvöxtur í vaxandi barrskógi nemur því 1250 kr. Það er sú verðgildisaukning sem skógareigendur fá árlega, sér að fyrirhafnarlausu, í vexti af stofnfé skóganna. Eftir 100 ár verður skógurinn á hektara með núverandi verðlagi 125 þús. krónur að verðmæti.

Á 8 hektara skóglendi yrði þá skógur, sem væri 1 milljón króna virði. En 8 ha var meðal túnstærð fyrir nokkrum árum.

Enginn önnur leið er til ávöxtunar á fé og mannsorku hér á landi, svo kunnugt sé, sem getur jafnast á við skógrækt, sé hún rétt rekin. Með því að gróðursetja skóg, er sumarhitinn og sólarljósið, sem oftast er af skornum skammti hér á landi, virkjað í þágu kynslóðanna. Með því að gróðursetja skóga, sem árlega bæta við vöxt sinn, er orka sumarsólarinnar látin safnast fyrir í timbrinu, en skógurinn er felldur, þegar henta þykir og eigendum hans kemur best.

Þannig hafa Finnar t. d. á síðustu árum leitað til skóga sinna, þegar þá vanhagaði mest um útflutning, til þess að greiða erlendum yfirgangsmönnum stríðsskaðabætur.

Við Íslendingar höfum ekki þurft á slíkum greiðslumöguleikum að halda. En við höfum sjálfir herjað á náttúruauðæfi lands vors, svo þar er nú víða gróðursnauð urð og blásnir sandar, sem áður voru frjóar lendur.

Besta, öruggasta og gagnlegasta uppbótin fyrir ágengni við frjósemi og gróðurmagn lands okkar er sú, að komið verði upp víðlendum barrskógum, er reynast mega öruggur sparisjóður kynslóða þeirra, sem eiga að erfa landið.

V. St.

HÁKON BJARNASON:

Skógræktarfélag Íslands 20 ára.

Skógræktarfélag Íslands er í heiminn borið hinn 27. dag júnímánaðar árið 1930. Var það stofnað í Almannagjá á Þingvelli er þúsund ára hátíð Alþingis stóð sem hæst. Þrátt fyrir hinn mikla mannfjölda, sem þá var saman kominn á Þingvelli, komu ekki nema um 60 manns á stofnfundinn. Eftir stofnunina lá við borð að félagið hlyti sömu örlög og margur nýgræðingurinn í köldum vorum. Þegar hátíðaskapið var runnið af mönnum gleymdist þessi reifastrangi, og fóru engar sögur af honum í hált annað ár.

Var félagið orðið máttlítið, þegar farið var að huga að því á ný. Þá var kreppan skollin á og fjárhagur þröngur. Stóð það félaginu mjög fyrir vexti og þrifum. Samt sem áður fór því jafnt og hægt fram, fyrir styrk ágættra manna.¹⁾ Og nú, að 20 árum liðnum, er þetta orðinn öflugur félagsskapur, sambandsfélag 24 héraðsskógræktarfélaga, með um 5200 félaga samtals innan vébanda sinna.

Er rifja skal upp sögu félagsins verður að minnast þeirra tíma, þegar félagið sleit barnsskónum. Í þann mund, er Alþingishátíðin fór í hönd, var mikill hugur í mörgum. Ræktunarmál landsmanna voru þá að komast í betra horf en áður hafði verið, og margt hafði verið gert, sem til bóta horfði. Skógræktarmál landsins höfðu samt orðið mjög útundan. En mörg af þeim trjám, sem gróðursett

1) Í Ársritinu 1940 á bls. 7 er yfirlitsgrein um 10 ára starf félagsins eftir M. Júl. Magnús, og vísat til hennar um nokkur atriði, sem hér er sleppt. En ekki varð hjá því komist að taka sumt upp úr þeirri grein, þar sem rit þetta er nú ófánlegt með öllu.

höfðu verið á fyrsta tug aldarinnar, og lítið hafði miðað framan af, fóru nú að rétta úr kútnum á árunum 1925 til 1930. Flestir voru farnir að telja þennan gróður einskis virði, sem vonlegt var, þótt það væri hins vegar ekki nema eðlilegt hvernig vexti hans var háttað. En þetta kveikti aftur vonarneistann í brjóstum margra þeirra, er fylgst höfðu með eða starfað að skógræktinni áður.

AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN FÉLAGSINS.

Veturinn 1929-1930 hittust þeir Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri og Jón Rögnvaldsson garðyrkjumaður og ræddu um nauðsyn þess að stofnað væri skógræktarfélag. Sigurður hafði kynnt sér skógrækt í Noregi skömmu fyrir aldamótin, og síðar hafði hann bæði athugað skóga í Fnjóskadal og verið ötull forgöngumaður í trjárækt, fyrst á Akureyri og síðar á Hólum í Hjaltadal. Hafði hann því fylgst með skógræktinni hér á landi frá upphafi vega. Tveim eða þrem árum fyrir 1930 reit hann ítarlega grein í Tímann, þar sem hann vakti athygli á því, að hinn gamli barrgróður hér væri farinn að vaxa miklu örvar en áður. Jón Rögnvaldsson hafði dvalið í Ameríku um skeið, og þar hafði hann séð og lært margt, og meðal annars kynnst því, hve skógar geta þrífist við óblíð kjör. Þeim Sigurði og Jóni var strax ljóst, að skortur á harðgerum trjáplöntum væri fyrsta vandamálið, sem leysa þyrfti, til þess að skógræktinni vegnaði vel.

Þess ber og að geta, að Vestur-Íslendingur einn, Björn Magnússon að nafni, hafði og brennandi áhuga fyrir skógrækt á Íslandi. Hafði hann ritað ýmsar greinir um þetta í blöð og skrifað ýmsum málsmetandi mönnum um hugðarefni sitt. Björn var fátækur veiðimaður eftir að hann fluttist vestur um haf. Lagði hann því litla fjármuni af mörkum til skógræktar, en með skrifum sínum ýtti hann við ýmsum, og mér er ekki grunlaust um, að starf hans hafi flýtt fyrir stofnun Skógræktarfélags Íslands.

Vorið 1930 gekkst Íslandsdeild norræna búvísindafélagsins fyrir því, að kosin var nefnd til þess að undirbúa stofnun skógræktarfélags. Í nefndinni voru þeir Sigurður Sigurðsson, M. Júl. Magnús læknir, ráðunautarnir Ásgeir L. Jónsson og Pálmi Einarsson ásamt H. J. Hólmjárn. Sigurður var kosinn formaður undirbúningsnefndarinnar, en Hólmjárn ritari. Nefndin vann starf sitt af miklu kappi, enda voru bæði formaður og ritari hamhleypur miklar þegar eitthvað lá við. Undirbúningstími var naumur, þar sem ákveðið var að ganga frá stofnun félagsins á Alþingishátíðinni.

Hinn 12. maí hélt nefndin fyrsta fund sinn í húsi Búnaðarfélagsins. Var þá strax ákveðið að senda út boðsbréf til 2000 manna, og þar var einnig lagt fram uppkast að lögum fyrir félagið. Síðar rak hver fundurinn annan um skeið, og verður ekki annað sagt, en að undirbúningsnefndin hafi rækt starf sitt af miklum dugnaði.

Þótt undarlegt megi virðast boðaði Jón Rögnvaldsson til fundar á Akureyri hinn 11. maí, daginn áður en fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn, og á þeim fundi var stofnað félag, sem hlaut nafnið Skógræktarfélag Íslands. Ekki er mér kunnugt um, hvers vegna Norðlingar tóku sig út úr samtökunum í bili, enda skiptir það engu máli nú, en eftir stofnun Skógræktarfélags Íslands á Þingvelli voru um hríð tvö félög með sama nafni og sama marki. Síðar breyttu Norðlendingar nafni félagsins í Skógræktarfélag Eyfirðinga, og er það félag því elsta starfandi skógræktarfélag í landinu.

FRÁ STOFNUN FÉLAGSINS Á ALÞINGISHÁTÍÐINNI.

Undirbúningsnefndin kom sér upp bækistöðvum á Þingvelli meðan á hátíðahöldunum stóð, en stofndagurinn var ákveðinn að kvöldi hins 27. júní. Annan tíma vildi Alþingishátíðarnefnd ekki leyfa, og má segja, að hún hafi ekki gert

félagsstofnuninni sérlega hátt undir höfði. Stofnfundurinn var haldinn í Almannagjá klukkan 10 að kvöldi. Veður var all sæmilegt, sólarlaust og nokkuð svalt.

Maggi Júl. Magnús tók að sér að stýra fundi, og bauð hann fyrst hina sex tugi manna, er þar voru saman komnir, velkomna á fundinn. Meðal erlendra gesta á hátíðinni var H. Hauch, landþingsmaður frá Danmörku, en hann átti sæti í stjórn Heiðafélagsins danska. Hann var því beðinn að koma á fundinn, og var hann fyrstur ræðumanna. Flutti hann stutt erindi um störf Heiðafélagsins og óskaði þess, að störf Skógræktarfélagsins mættu reynast jafn giftudrjúg hér og Heiðafélagsins í Danmörku. Næstur talaði Sigurður Sigurðsson og skýrði frá því, hvað félagið ætti að starfa og hvernig, lagði fram uppkast að lögum og hvatti menn með nokkrum eggjunarorðum. Þá talaði Ágúst H. Bjarnason prófessor nokkur hvatningarorð. - Ekki er getið fleiri ræðumanna á þessum fundi í fundargerðinni. Þá voru lög samþykkt og stjórn kosin: Sigurður Sigurðsson, M. Júl. Magnús, H. J. Hólmjárn, Jón Ólafsson bankastjóri og Einar Árnason fjármálaráðherra. Í farastjórn voru kosnir Valtýr Stefánsson ritstjóri, Pálmi Einarsson og Ásgeir L. Jónsson.

Þó ekki væru nema um sex tugir manna á stofnfundi höfðu um 600 manns lofað að ganga í félagið samkvæmt þeim boðsbréfum, er út höfðu verið send og inn voru komin til ritara nefndarinnar, er hann skilaði stjórn félagsins þeim gögnum, sem hann hafði haft undir höndum. Virtist því uppskeran af starfi nefndarinnar mjög góð, og nú hefði þurft að fylgja hinum fyrsta sigri vel eftir. En það átti því miður ekki fyrir félaginu að liggja. Stjórnin reyndist ekki nógu samstæð og ritari félagsins fór af landi burt skömmu eftir stofnfundinn, án þess að varamaður væri kallaður í hans stað. Fyrir því varð langur dráttur á, að stjórnin kæmi saman á fund til þess að ráða málum félagsins. Að því er ráðið verður af bókum félagsins leið hálft annað ár uns fundur var haldinn, og varð þessi bið

all örlagarík fyrir hið unga félag. Þegar farið var að kanna liðið komu ekki nema rösklega 200 félagar í leitirnar, hinir höfðu dregið sig í hlé og vildu ekki vera með áfram. Var það ofur skiljanlegt, því að á meðan að á þessum drætti stóð hafði kreppan skolið á. Menn horfðu í kostnaðinn, þótt árgjaldið væri ekki nema fimm krónur.

STARFIÐ HEFST.

Vorið 1932 réði stjórnin mig sem starfsmann félagsins yfir sumarið, og fyrsta starfið var að reyna að safna hinum gömlu félögum saman og fá nýja. Auk þess höfðu verið lögð drög fyrir land til skógræktar, sem jafnframt gæti verið bækistöð félagsins, í landi Reykja í Ölvesi. En ríkisstjórnin vildi ekki láta landið falt, og eru því enn óræktarmóar austast í landi Reykja, þar sem annars mundi vera kominn sæmilegur skógur. Er sýnt var, að þetta land fengist ekki, leitaði stjórnin til Reykjavíkurbæjar. Knud Ziemsen var þá borgarstjóri, og tók hann málinu mjög vel. Liðu ekki nema fáir dagar frá því að umsókn barst, að félagið hafði fengið 9 hektara land í Fossvogi til fullra umráða, eins lengi og það vildi hafa trjárækt á þessum stað. Landið fékkst endurgjaldslaust, og var það afhent félaginu 6. ágúst 1932.

Þá hafði og tekist að afla félaginu nokkurra tekna. Fékk það fimm þúsund króna styrk úr ríkissjóði, sem að vísu var klipinn af fjárveitingu til Skógræktar ríkisins, og eitt þúsund krónur hafði það hlotið í vöggugjöf frá sænskum manni, lektor Fr. Sandwall, sem var hér á Alþingishátíðinni. Frá Vestur-Íslendingum komu nærri átta hundruð krónur og ýmsa smástyrki og gjafir hafði það hlotið. Félagið hafði því nokkur fjárráð til að hefja með starf sitt, og nú var ekki beðið boðanna. Landið var girt mjög vandaðri girðingu fyrir haustið og jarðvinsla hafin, þannig að allt væri undirbúið fyrir gróðursetningu næsta vor.

Fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn 22. október 1932.

Þar komu aðeins 12 manns og var honum því frestað um nokkra daga, en á þann fund komu aðeins 11 manns, og við það varð að sitja.

Á stjórnarfundi í byrjun ársins 1933 var rætt um útgáfu ársrits, og var H. J. Hólmjárn falið að sjá um það. Kom Ársritið fyrst út þá um vorið, og var það vísirinn að riti félagsins, sem nú kemur út í 18. sinn.

Vorið 1933 voru fyrstu plönturnar settar í stöð félagsins, og stóð það nokkurn veginn á endum er því var lokið, að þá voru allir fjármunir félagsins upp gengnir. Tekjur félagsins árið 1934 urðu mjög litlar, þar sem það fékk engan styrk neins staðar að, og var því lítið aðhafst. Þetta ár voru aðeins haldnir tveir stjórnarfundir, og á hinn síðari komu aðeins tveir úr stjórninni. Enda lýkur fundargerðinni með þessum orðum: „Mjög er sorglegt hve illa gengur að ná mönnum saman á stjórnarfundi og til starfa fyrir félagið.“

Í nóvember 1934 var haldinn aðalfundur félagsins, og var hann einkennilega vel sóttur, því að þar komu milli 30 og 40 manns. Fundarstjóri var þá Eggert Claessen, hæstaréttarlögmaður. Þá baðst Sigurður Sigurðsson undan endurkosningu í stjórn, og var Árni Friðriksson kosinn í hans stað. Tók hann við formennsku í félaginu.

BÆJARSTAÐUR OG RAUÐAVATN.

Ásgeir L. Jónsson ráðunautur hafði ritað ágæta grein í fyrsta Ársrit félagsins um Bæjarstaðaskóg og nauðsyn þess að friða hann. Var nú farið að athuga möguleika á því; að koma friðuninni á, er þeir Skaftafellsbændur höfðu gefið leyfi til þess að skógurinn yrði girtur. Árni G. Eylands, sem þá var deildarstjóri hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, fékk loforð fyrir öllu því girðingarefni, er með þurfti, hjá nokkrum erlendum og innlendum fyrirtækjum. Gekk Árni alveg ótilkvaddur að þessu verki, og var það mjög vel af sér vikið. Þá var næst að leita til ýmissa

aðila í Reykjavík, til þess að afla fjár fyrir verkalaunum við uppsetningu girðingarinnar. Þetta tókst bæði fljótt og vel fyrir greiðvikni góðra manna. Um það má lesa betur í Ársritinu 1936, en því er það dregið hér fram á ný, að þetta var fyrsta meiri háttar afrek félagsins, og það sýnir vel, hvaða ítök það átti hjá ýmsum góðum mönnum á þessum erfiðu tímum. Girðingin var svo reist í júní 1935. Var hún mjög vönduð í alla staði, en svo vel hafði verið til samskota efnt, að afgangur varð. Hann var lagður í sjóð, sem enn má finna í reikningum félagsins.

STARFIÐ VEX.

Árið 1935 var farið að leggja drög að því, að Rauðavatnsstöðin, sem lítið hafði verið sinnt í mörg ár, kæmist undir umráð félagsins. Tókst það nokkru síðar fyrir milligöngu Knud Ziemsen, en hann var einn af hluthöfum og stjórnendum Skógræktarfélags Reykjavíkur, sem átti stöðina og rak hana, en það félag var í raun og veru liðið undir lok fyrir mörgum árum.

Árið 1936 tók starf félagsins mjög að glæðast. Fjárráð þess urðu nokkuð rýmri en áður, og það hélt bæði útbreiðslufundi og útvarpskvöld. Á þessu sumri kom C. E. Flensborg, forstjóri Heiðafélagsins danska, hingað til lands og flutti erindi um störf þess. Hann stjórnaði fyrstu skóggræðslutilraunum hér frá 1900 til 1906, eins og kunnugt er, og var hann því kunnugur staðháttum og ýmsum vandamálum okkar. För hans varð til þess að lyfta undir skógræktarstarfsemina, og varð Skógræktarfélagi Íslands töluvert gagn af komu hans. Meðal annars kom hann hingað með skógarkvikmynd, sem sýnd var á nokkrum stöðum.

Á aðalfundi félagsins hinn 29. desember 1936 sagði Árni Friðriksson af sér formennsku og baðst jafnframt undan endurkosningu í stjórn. Í hans stað var Árni G. Eylanda kosinn, og var honum falin formennskan. Vorið 1937 var fyrst gerð tilraun með að láta barnaskólabörn gróðursetja

trjáplöntur í nágrenni Reykjavíkur. Norska skógræktarfélagið studdi þá viðleitni höfðinglega með því að gefa hingað nokkuð af plöntum og 100 plöntuhaka. Þótt hin fyrsta tilraun tækist ekki nema í meðallagi vel, var enn meira unnið að gróðursetningu með barnaskólabörnum vorið 1938. Þá kom hingað einnig norskur skógræktarmaður, Storm Grieg að nafni, og leiðbeindi hann við þetta starf. Árið 1939 var þessari gróðursetningu enn haldið áfram, en svo lagðist hún niður á stríðsárunum sakir skorts á plöntum. Gróðursetning þessi tókst mjög misjafnlega. Fór það eingöngu eftir kunnáttu og áhuga kennaranna, hvernig hún heppnaðist. Sums staðar gekk þetta ágætlega vel, og nú eru til dæmis snottir barrviðarlundir á einstöku stað, sem skólabörn hafa unnið að. Til þess að gróðursetning skólabarna geti komið að nokkrum notum þurfa kennararnir að kunna vel til verka og hafa áhuga fyrir starfinu.

UPPHAF HEIÐMERKUR.

Árið 1938 sendi stjórn félagsins frá sér áskorun til bæjarstjórnar Reykjavíkur um að girða og friða Heiðmörk. Þetta mál hafði nokkrum sinnum verið rætt á stjórnarfundum frá því árið 1935, en það var ekki fyrr en á þessu ári, að formaður félagsins tók saman ítarlega greinargerð um málið. Komst nokkur hreyfing á þetta, og gekkst félagið fyrir samskotum meðal bæjarbúa til þess að unnt væri að festa kaup á girðingarefni. Samskotin gengu nokkuð dræmt í fyrstu, en samt voru fest kaup á efni, í von um að úr rættist. En það varð ekki, fyrr en löngu síðar að Árni B. Björnsson gullsmiður gekkst fyrir að safna því, sem enn á skorti. En þessu máli lauk svo, að Skógræktarfélag Íslands lagði fram nærri allt það efni, sem til girðingarinnar þurfti, auk rösklega þrjú þúsund króna í handbæru fé. Bæjarstjórn og Skógræktarfélag Reykjavíkur luku svo þessu verki á árunum 1948 og 1949.

STARFSVIÐIÐ FÆRIST ÚT.

Fram til ársins 1938 höfðu aðeins þrjú skógræktarfélög verið starfandi auk Skógræktarfélags Íslands. Voru þau ekki í neinum tengslum við það lengi framan af. Nú komu víða fram raddir um að stofna héraðsskógræktarfélög, sem gætu verið í samstarfi og sambandi við Skógræktarfélag Íslands. Lögum félagsins var því breytt nokkuð á aðalfundinum 1938, þannig að það gæti verið sambandsfélag skógræktarfélaganna. Það ár voru stofnuð tvö félög, Skógræktarfélag Austurlands og Borgfirðinga, en fyrir voru Skógræktarfélag Eyfirðinga og Skagfirðinga, og er hið síðastnefnda stofnað 1931. Skógræktarfélag Vestmannaeyinga, er stofnað hafði verið árið 1931, var að sofna svefninum langa um þetta leyti. Á aðalfundinum varð sú breyting á, að Guðmundur Marteinsson verkfræðingur var kosinn í aðalstjórn félagsins í stað Jóns heitins Ólafssonar bankastjóra, og Guðbrandur Magnússon forstjóri í stað Einars Árnasonar, sem lítið hafði tekið þátt í stjórnarstörfum sakir þess, að hann var búsettur fjarri Reykjavík.

Félagið varð 10 ára sumarið 1940, og í tilefni þess var aðalfundur haldinn utan Reykjavíkur í fyrsta skipti. Fundurinn stóð á Laugarvatni, og var Magnús Torfason fundarstjóri. Þá gekk Árni G. Eylands úr stjórn félagsins samkvæmt eigin ósk, en í hans stað var Valtýr Stefánsson ritstjóri kosinn. Var honum falin formennskan, og hefur hún verið í höndum hans síðan. Á aðalfundinum var kosin undirbúningsnefnd, er skyldi vinna að stofnun skógræktarfélags í Árnessýslu, og var það stofnað 2. nóv. þetta ár. Á þessu ári bættust og Skógræktarfélag Svarfdæla og Seyðisfjarðar í hópinn.

Með skógræktarlögunum frá 1940 var Skógræktarfélag Íslands viðurkennt sem sambandsfélag allra skógræktarféлага í landinu, og upp frá því var unnið ötullega að stofnun héraðsfélaga.

TRYGGVAGARÐUR.

Á þessu ári bar Guðmundur Marteinnsson fram tillögu um að reisa Tryggva Gunnarssyni minnisvarða, með því að koma á fót trjágarði á Selfossi, er bæri nafn hans, í tilefni af því, að brátt væru liðin 50 ár frá því að Ölvesárbrúin var byggð. Fyrir velvilja þáverandi ráðherra, Ólafs Thors, fékkst kr. 5000,00 fjárveiting til þess að hefja með starfið, og síðan tók Skógræktarfélag Árnesinga garðinn að sér og hefur annast hann síðan.

Hinn 30. desember 1941 lést M. Júl. Magnús, sem verið hafði féhirðir félagsins frá upphafi og einn af máttarstólpum þess þegar mest á reyndi. Við störfum hans tók Guðmundur Marteinnsson, en Ingvar Gunnarsson tók sæti hans í stjórninni.

Aðalfundur félagsins árið 1942 var all fjölmennur, og mikið var rætt um framtíðarstarf og framtíðarskipulag félagsins. En þetta ár og tvö næstu var erfitt um framkvæmdir allar, bæði sakir skorts á plöntum og efni til girðinga. En á þessu tímabili voru nokkur félög stofnuð víðs vegar um landið, svo sem skógræktarfélög Vestur-Ísfirðinga, Rangæinga, Vestur-Barðstrendinga og Suður-Þingeyinga.

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR.

Um miðjan apríl 1944 skýrði landsnefnd lýðveldiskosninganna frá því, að henni þætti rétt að marka þessi tímamót í sögu landsins, á einhvern þann hátt, sem minnisstæður yrði. Hafði henni komið til hugar að stofna einhvern sjóð í sambandi við kosningarnar. Í samráði við stjórn Skógræktarfélags Íslands var hafinn undirbúningur að stofnun þess sjóðs, er síðar hlaut nafnið Landgræðslusjóður.

Sakir þess, hve tími var lítill til stefnu, varð að hafa mjög hraðan á, og margir fundir voru haldnir til undirbúnings sjóðsstofnuninni. Alls voru 18 stjórnarfundir

haldnir þetta ár, og flestir þeirra í sambandi við sjóðsstofnunina. Við kosningarnar söfnuðust alls um kr. 130 þúsund, en síðar lagði nefndin fram kr. 250 þúsund, sem hún átti eftir, er kosningum var lokið. Eftir þetta hafa sjóðnum borist ýmsar gjafir, og er hann nú rös hálft milljón króna. En það urðu stjórn Skógræktarfélags Íslands mikil vonbrigði, er ekkert varð úr vilyrði því, sem gefið hafði verið, þegar sala hófst á eignum setuliðsins hér á landi. Var þá látið í veðri vaka, að ágóðinn af þeirri sölu skyldi renna til landgræðslu, og hefði þá legið beinast við að láta fé þetta, sem nam um eða yfir þrem milljónum króna, í Landgræðslusjóðinn. Þá hefði sá sjóður verið vel starfhæfur, og þá hefði allt starf héraðsskógræktarfélaganna orðið langt um léttara.

Aðalfundur ársins 1944 dróst nokkuð á langinn sakir þess, að ekki tókst að ganga frá stofnun Landgræðslusjóðs á því ári, og var hann því haldinn snemma árs 1945. Á þeim fundi var kosin nefnd til þess að undirbúa skipulagsbreytingu á félaginu, þannig að það yrði sambandsfélag allra skógræktarféлага landsins. Í þá nefnd völdust þeir dr. Helgi Tómasson, Hermann Jónasson, Jón Pálmason, Ingvar Gunnarsson og Hákon Bjarnason. Þá var og gengið frá skipulagsskrá Landgræðslusjóðs. Sátu 55 menn þann fund fyrri fundardaginn, en 30 hinn síðari.

BREYTING Á STÖRFUM FÉLAGSINS.

Hinn 12. desember 1945 var haldinn aðalfundur ársins 1945. Var þá skýrt frá tillögum þeim, er nefndin hafði gert um framtíðarskipulag félagsins. Rétt þótti að láta fulltrúa frá hinum ýmsu héraðsfélögum fjalla um þessa breytingu, áður en að lögum yrði, og var því frestað að samþykkja hana til næsta aðalfundar. Skyldi þá fulltrúum félaganna boðið að koma á fundinn til þess að láta álit sitt í ljós og gera tillögur til breytinga, ef með þyrfti.

Árið 1945 var tala félaga í Skógræktarfélagi Íslands um 2000 manns, og hafði félögum fjölgað ört undanfarin ár. Í því sambandi má geta þess, að Ólafur Friðriksson, fyrrum ritstjóri, hafði lagt sig mjög fram um að safna mönnum í félagið, og varð honum vel ágengt. En í héraðsfélögunum var álíka margt manna, enda höfðu sum þeirra hafið töluvert mikla starfsemi. Má í því sambandi einkum nefna Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga. Á þessu ári og því næsta á undan voru nokkur skógræktarfélög stofnuð. Voru það skógræktarfélög Akraness, Mýrdælinga, Austur Húnvetninga og Mörk í Austur-Skaftafellssýslu, svo og Skógræktarfélag Ísafjarðar.

Hinn 24. október 1946 var næsti aðalfundur haldinn, en þangað komu fulltrúar frá öllum starfandi félögum nema einu. Einhver kaldhæðni örlaganna hagaði því svo, að Jón Rögnvaldsson, sem átti að koma frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, tafðist á síðustu stundu, en hann var, eins og áður getur, einn af hvatamönnum þess, að félagið var stofnað. Á fundinum samþykktu fulltrúar héraðsfélaganna þær lagabreytingar, sem gerðar höfðu verið, með þeim breytingum, sem þeim þótti henta. Gísli Sveinsson, þáverandi forseti sameinaðs Alþingis, fór höndum um allar breytingartillögur, samræmdi þær og sá um að allt form væri hið löglegasta. Voru svo lögin samþykkt, en er það hafði verið gert, lýsti stjórnin því yfir, að hún segði öll af sér svo að fulltrúum gæfist kostur á að velja sér stjórn við sitt hæfi.

Í hina nýju stjórn voru kosnir Valtýr Stefánsson, H. J. Hólmjárn, Haukur Jörundsson kennari, Einar G. E. Sæmundsen, skógarvörður og Hermann Jónasson alþingismaður. Í varastjórn voru kjörnir þeir Ingvar Gunnarsson, dr. Helgi Tómasson og dr. Björn Jóhannesson. Þeir Ingvar Gunnarsson og Guðmundur Marteinnsson, sem áður höfðu verið í aðalstjórn, vildu ekki gefa kost á sér aftur, þar sem þeir voru hvor um sig að undirbúa stofnun héraðsfélaga í Hafnarfirði og Reykjavík, enda voru þeir báðir

kosnir formenn þeirra félaga, sem stofnuð voru skömmu eftir fund þennan. Þá var og skipt upp eignum Skógræktarfélags Íslands, sem voru á félagssvæði þeirra, og þá komu meðal annars Fossvogsstöðin og Rauðavatnsstöðin undir forsjá Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Þá komu og fram óskir um, að framvegis yrðu aðalfundir haldnir utan Reykjavíkur, en hins vegar var stjórninni í sjálfsvald sett, hvar þeir væru á hverjum tíma. Síðan þetta var hafa aðalfundir verið á þessum stöðum: Í Vaglaskógi 30.-31. ágúst, 1947 að Hallormsstað 28.-30. júní 1948, í Reykjavík 29.-30. október 1949, en sá fundur hafði verið ákveðinn í Borgarfirði þó að ekki gæti af því orðið, og loks á Þingvelli 1.-2. júlí 1950.

VERKSVIÐIÐ NÚ.

Á hinum rösklega fjórum árum, sem liðin eru frá breytingum á starfsháttum félagsins, hafa störf þess verið að framkvæma óskir og ályktanir aðalfunda og fylgja þeim málum eftir, er skógrækt varða. Félagið hefur og aðstoðað héraðsfélögin eftir föngum með útbreiðslufundum og kvikmyndasýningum, svo og með ýmiskonar leiðbeiningum. Þá hefur Skógræktarfélag Íslands á hendi útgáfu Ársritsins, sem nú kemur úr í 18. sinni. Er því dreift til félaga fyrir kostnaðarverð. Í fyrra kom það út í 5000 eintökum, og er upp gengið.

Í ritinu er ávalt útdráttur úr aðalfundargerð frá árinu áður, og með því að lesa fundargerðirnar ásamt skýrslu stjórnarinnar má fá yfirlit um störf félagsins. Er því ástæðulaust að rifja það allt upp hér. En ekki sakar að minnast fáeinna atriða, sem stjórnin hefur unnið að.

Undanfarin ár hefur skortur á girðingarefni mjög hamlað starfsemi héraðsfélaganna. Óskir voru bornar fram um, að stjórn Skógræktarfélags Íslands annaðist sameiginlega innkaup fyrir öll héraðsfélögin. Var þetta reynt, en lengi

vel daufheyrðist Viðskiptanefndin alveg við því. Samt fékkst þó að lokum nokkur úrlausn, og standa vonir til, að tekið verði með skilningi á þessum málum framvegis. Samt má varla búast við að félögin fái nema lítið brot af þörfum sínum fyrst um sinn.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög, sem veita þeim mönnum, sem rækta skóg, nokkura vörn gegn sauðfé, er sækir á girðingar. Alþingi gat ekki fallist á óskir félagsstjórnarinnar, þótt þær væru í aðalatriðum sniðnar eftir sandgræðslulögunum, en samt má telja þessa lagasetningu til mikilla bóta frá því er var, er skógaeigendur voru alveg réttlausir gegn sauðfé og eigendum þess.

Þá var og reynt á síðasta þingi að fá sett lög um það, að menn mættu verja ofurlitlum hluta tekna sinna til skóggræðslu, án þess að þurfa að greiða skatta af því. Þótt undarlegt megi virðast, náði þetta ekki fram að ganga fyrir skammsýni fárra manna.

Á undanförnum árum hefur stjórn Skógræktarfélags Íslands gert hverja tilraunina á fætur annari til þess að fá efnt vilyrði það, sem gefið var á sínum tíma um að ágóðinn af sölu setuliðseigna rynni í Landgræðslusjóð. Hefur þetta reynst gersamlega árangurlaust enn sem komið er.

Þá gekkst stjórn Skógræktarfélags Íslands fyrir því, að 30 Íslendingar fóru til gróðursetningarstarfa í Noregi og að jafnmargir Norðmenn komu hingað í sömu erindum.

Loks skal þess getið, að í sambandi við það, sem skrafað hefur verið um gróðursetningu trjáa og barnaskólabörn, bæði á aðalfundum félagsins og eins meðal kennara, og með hliðsjón af þeirri reynslu, sem menn höfðu af slíkri gróðursetningu, hefur stjórn félagsins orðið það ljóst, að slíkri gróðursetningu er ekki unnt að hrinda af stað svo að nokkru nemi fyrr en kennarar hafa almennt bæði kunnáttu og áhuga fyrir að koma henni á. Þess vegna var efnt til námskeiðs fyrir kennara síðastliðið vor austur í Haukadál. Vonir standa til að þessi námskeið geti orðið árlega í sambandi við kennaraskólann, og þegar

þau hafa staðið í nokkur ár má fyrst vænta árangurs af gróðursetningarstarfi barnaskólabarna.

LOKAORÐ.

Fleira mun nú ekki talið að sinni af störfum Skógræktarfélags Íslands. Yfirlit um vöxt og viðgang félagsins má sjá að nokkru með því að líta á tölu félaga eins og hún hefur verið á ýmsum tímum. Fyrsta manntalið er frá árinu 1932 en síðan frá hverjum hálfum og heilum áratugi.

1932	voru	félagar	alls		223
1935	-	-	-		364
1940	-	-	-		627 ¹⁾
1945	-	-	-		3800 ásamt héraðsfél.
1950	-	-	-		5200 - -

Félagar eru að vísu nokkru fleiri 1950 en talið er, en þar sem starfsemi tveggja félaga liggur niðri, eru þau ekki tekin með. - Sambandsfélögin eru alls 24, og eru skuldlausar eignir þeirra í árslok 1949 taldar alls kr. 188300,00, en fasteignir yfirleitt lágt metnar. Sjóðir félaganna hafa aukist nokkuð sakir þess, að skort hefur girðingarefni, en félögin lagt fé til hliðar, ef kostur væri á að festa kaup í því. Alls voru tekjur félaganna árið 1949 kr. 335000,00 og þar af var ríkisstyrkur kr. 125000,00. Hafa þau því haft kr. 210000,00 annars staðar að, eða um 63% af heildartekjunum. Auk þess hafa þau lagt fram 370 dagsverk, einkum við gróðursetningarstörf, og sé hvert dagsverk metið á kr. 50,90, eru þetta kr. 18500,00. Og sé þetta talið með er ríkisstyrkurinn um 35% af því, sem félögin vinna. Nú er ekki minnsti vafi á að með aukinni gróðursetningarstarfsemi, eins og verður strax á næsta vori, verða dagsverk þau, sem félögin leysa af hendi, mikið fleiri en þau hafa verið fram að þessu. Og með því starfi munu héraðsfélögin eflast og styrkjast mjög frá því, sem orðið er.

1) Þá munu álíka margir hafa verið í héraðsskógræktarfélagunum.

ÁRMANN DALMANSSON:

Skógræktarfélag Eyfirðinga 20 ára.

Þegar Skógræktarfélag Eyfirðinga var 10 ára, var gefið út afmælisrit og í það skráð, meðal annars, ágríp af sögu félagsins. Það, sem hér verður sagt, veður því eins konar framhald af því, sem þar er skráð, en þó stiklað á nokkrum aðalatriðum frá byrjun.

Félagið var stofnað á Akureyri 11. maí 1930 og voru stofnendur 12 að tölu. Aðalhvatamaður að stofnun félagsins og fundarboðandi var Jón Rögnvaldsson garðyrkjumaður í Fífilgerði. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu: Jón Rögnvaldsson Fífilgerði, formaður, Jónas Þór verksmiðjustjóri, ritari og Bergsteinn Kolbeinsson bóndi, gjaldkeri. Allir þessir menn áttu lengi sæti í stjórn félagsins og Jón hefur lengur en nokkur annar skipað formannssætið. Auk hans hafa þeir gengt formannsstörfum í félaginu, Árni Jóhannsson, gjaldkeri K. E. A., Ármann Dalmannsson og Guðmundur Karl Pétursson yfirlæknir, núverandi formaður þess.

Aðalverkefni félagsins hafa verið þau, eins og líkum lætur, að friða skógarleifar í héraðinu og að friða skóglaut land og gróðursetja í það trjáplöntur. Hér verður í stuttu máli getið um þá reiti, sem félagið hefur girt og tekið til ræktunar. Nöfn þau, sem standa innan sviga, má skoða sem tillögur um framtíðarnöfn.

GARÐSÁRGILSREITUR (*Garðsárskógur*).

Í landi Garðsár í Öngulsstaðahreppi, austan við Garðsárgil, var afgangur reitur árið 1932, þar sem fyrir voru óveru

legar skógarleifar, aðeins fáeinar birkihríslur, sem höfðu svo örugt vígi í gílinu, að engri skepnu var fært að ná til þeirra. Þar er nú að verða allálitlegur birkigróður og eru nokkur tré orðin yfir 4 m á hæð. Lítið eitt af greniplöntum hefur verið gróðursett þar í skjóli birkisins.

VAGLAREITUR.

Í landi Vagla á Þelamörk var afgirtur reitur 1934 um 5 ha að stærð. Síðan hefur vaxið þar upp birkigróður, sem vekur orðið athygli þeirra, sem um þjóðveginn fara. Skógarreitur þessi er nú á vegum Skógræktar ríkisins. Meira land mætti að sjálfsögðu friða á þessu svæði með svipuðum árangri.

VADLAREITUR (*Vaðlaskógur*).

Árið 1936 fékk félagið umráðarétt yfir landspildu meðfram sjónum gegnt Akureyri og var sett þar upp girðing, sem er um 3 km að lengd. Var þarna friðuð um tveggja km strandlengja, er mun vera allt að 60 ha að flatarmáli. Þar voru að vísu engar skógarleifar, en framsýnum mönnum í félaginu lék hugur á, að koma því hugsjónamáli í framkvæmd, að austurströnd fjarðarins á móti Akureyrarbæ yrði skógi vaxin og eftirsóttur staður fyrir bæjarbúa og fleiri, þegar stundir liðu.

Síðan reiturinn var friðaður hafa verið gróðursettar í hann árlega ýmsar tegundir af trjáplöntum í þúsundatali. Nokkrar af birkihríslunum höfðu náð þriggja metra hæð síðast liðið sumar, og þær, sem orðnar voru um og yfir 2 m á hæð, skiptu þá hundruðum. Hæsta furuplantan mældist 1,8 m, en engin greinplanta er ennþá komin yfir eins meters hæð.

Þetta fyrirhugaða „friðland“ hefur upp á að bjóða töluverða fjölbreytni í jurtagróðri og landslagi. Þar skiptast á klettaborgir, hvammar, hæðir, lautir, gil, fossar og læk-



Úr Garðsárgili.

Ljósm. Eðv. Sigurgeirsson.

ir. Þegar mestur hluti þess er orðinn skógi vaxinn, mun verða gott þangað að leita næðis og náttúrufegurðar. Hundruð manna frá Akureyri hafa þegar lagt hönd að verki við gróðursetningarstarfið í þessum reit.

LEYNINGSHÓLAR.

Í landi jarðanna Leynings og Villingadals í Saurbæjarhreppi voru mest áberandi skógarleifar í héraðinu. Félagið fékk mikinn hluta þeirra til umráða og friðaði þær árið 1937-1938. Er girðingin um 3 km að lengd. Staðurinn er sérkennilegur og einkum vegna trjágróðursins heillandi um sumartímann, en norðan við hið friðaða landsvæði er tilvalinn samkomustaður. Nú á síðustu árum eru Saurbæjarhreppsþúar farnir að koma þar saman til sumarfagnaðar, eða halda þar eins konar sumarhátíð, sem þeir hafa gefið nafnið „Leyningshóladagur“.

KÓNGSSTAÐAREITUR (Kóngsstaðaskógur).

Félagið lét friða skógarleifar 1941 í Kóngsstaðahálsi í Skíðadal, er gengur inn úr Svarfaðardal. Er girðingin um reitinn nálægt þrem km að lengd. Var þetta gert með aðstoð frá íbúum dalsins, sem lögðu fram bæði sjálfböðavinnu og nokkurt fé til stofnkostnaðar. U. M. F. Skíði hefur lagt drjúgan skerf til þessara framkvæmda og að mestu leiti annast eftirlit með reitnum síðan. Trjágróður var þar strjáll, en þó nokkrir birkirunnar um og yfir 2 m á hæð. Dálitlu af birki- og barrplöntum hefur verið bætt við í þennan reit og hefur ungmennafélagið aðstoðað við gróðursetninguna.

AKUREYRARBREKKA.

Árið 1942 varð það að samningum, að félagið yfirtæki afgirtan reit í brekkunni suðaustur af kirkjunni á Akureyri. Höfðu nokkrir menn á Akureyri bundist samtökum um að friða brekkuna fyrir ágangi og gróðursetja í hana trjáplöntur. Munu flestir þessir menn nú vera meðlimir Skógræktarfélagsins og hefur reiturinn verið undir þess umsjá síðan. Má nú heita að lokið sé gróðursetningu í hið afgirta svæði, en margir hafa hug á að láta trjágróðurinn feta sig áfram suður eftir brekkunni og verður e. t. v. samvinna um það á næstu árum milli skógræktarfélagsins og fleiri aðila í bænum. Sérstök nefnd innan félagsins hefur haft umsjón með brekkunni. Hæsta birkihrísan þar er nú orðin 3 m og hæsta reynitréð 2,25 m.

MIÐHÁLSSTAÐIR.

1942 fékk félagið umráðarétt yfir eyðibýlinu Miðhálssstöðum í Öxnadal. Þar er ofurlítið af skógarleifum og var ætlunin að friða þar landspildu og hefja þar gróðursetningu. Nokkurt girðingarefni var flutt á staðinn og var



Úr furulandinu í Vaðlareitum vorið 1950.

Ljósm. Eðv. Sigurgeirsson.

byrjað á að setja niður stólpa, en áður en framkvæmdum var lengra komið, varð það að samningum, að Skógrækt ríkisins tæki við Miðhálstaðalandi og hefur það verið á vegum hennar síðan.

STEINAGERÐI (Kjarnaskógur).

Þegar á fyrstu starfsárum félagsins var farið að ræða um uppeldisstöð fyrir trjágróður, bæði til gróðursetningar í hina ýmsu reiti félagsins og til þess að geta hjálpað áhugamönnum í héraðinu í því efni, en vegna fjárskorts varð dráttur á að framkvæmdir væru hafnar. Í formannstíð Árna Jóhannssonar var þó byrjað lítills háttar á uppeldi trjáplantna, en framhald varð ekki á því. Á aðalfundi 1945



Frá gróðrarstöð félagsins í Steinagerði vorið 1947.

Ljósm. Eðv. Sigurgeirsson.

var samþykkt tillaga í þessu máli og kosin þriggja manna nefnd stjórninni til aðstoðar við undirbúningsframkvæmdir. Eftir töluverðar athuganir um staðarval fyrir uppeldisstöðina, sem ítarlega er greint frá í gerðabók félagsins, var endanlega, í samráði við Hákon Bjarnason skógræktarstjóra, valinn staður í Kjarnalandi sunnan við Akureyrarbæ. Lét bærinn félagið fá þar á erfðafestu um 10 ha. landsvæði árið 1946. Þá um haustið var plægður og jafnaður um 800 ferm. reitur til undirbúningsræktunar. Nokkur hluti þessa lands hafði verið að nafninu til ræktaður sem tún, en meiri hluti þess er þó mólendi og hólar beggja vegna meðfram Brunnánni. Næsta ár var svo keypt til viðbótar erfðafestuland 3-4 ha. að stærð, áfast hinu að austan, og rennur Brunnáin einnig í gegnum það land.



Furutoppur úr Vaðlareitnum.

Furur í Vaðlareitnum frá 1938.

Ljósm. Eðv. Sigurgeirsson.

Árið 1947 réði félagið sér fastan starfsmann yfir sumartímann, og var um vorið byrjað á fræsáningu í uppeldisreitinn. Um haustið var brotið land til viðbótar til undirbúningsræktunar og einnig jafnaður og undirbúinn um 400 ferm. sáðreitur. Um vorið var einnig byrjað á gróðursetningu í landinu meðfram Brunnánni og enn fremur í skjólbelti, samkvæmt frumdráttum að skipulagi á landsvæðinu. Síðan hefur verið framhald á þessari starfsemi og hefur félagið nú fastan starfsmann yfir sumartímann. Vorið 1949 var byrjað á plöntusölu frá uppeldisstöðinni.

GRÓÐURSETNING.

Árlega hefur gróðursetning trjáplantna verið töluverður liður í starfsemi félagsins og má segja, að í því hafi verið stöðugur stígandi. Síðustu tvö árin hafa á annað hundrað manns bæði árin tekið þátt í gróðursetningarstörfum félagsins. Sérstök nefnd innan félagsins hefur séð um söfnun sjálfboðaliða og skipulagningu gróðursetn-

ingar í samráði við stjórnina. Margir fleiri, hafa á ýmsan hátt lagt félaginu lið og sýnt starfsemi þess fullan skilning.

Samkvæmt því, sem skýrslur félagsins og fundargerðir sýna, hefur nú verið gróðursett í hina friðuðu reiti félagsins eins og hér segir:

	Birki	Víðir	Fura	Greni	Samtals
Í Garðsárgilsreit.....	„	„	„	um 100	100
- Vaðlareit.....	86850	800	13250	1600	102500
- Akureyrarbrekku	2800	„	„	„	2800
- Kóngsstaðareit	750	„	500	50	1300
- Kjarnareit	18400	„	3000	1600	23000
Samtals	108800	800	16750	3350	129700

FÉLAGATALA.

Við síðustu áramót voru æfifélagar 30 að tölu, ársfélagar 300 og auk þess félagsdeildir, sem gengu í félagið 1949 samkvæmt lagabreytingum, sem gerðar voru á aðalfundi það ár. Deildir þessar eru í Hrafnagils- og Saurbæjarhr. Vinna deildirnar að því, að afgirða reiti til skógræðslu við einstök býli eða sameignarreiði (félagsreiði) og gróðursetja í þá. Veitir félagið þeim nokkurn styrk til þessarar starfsemi. Á þessu ári hafa einnig verið stofnaðar deildir í Arnarnes-, Öngulsstaða- og Árskógsstrandarhreppi. Á síðasta aðalfundi félagsins var meðal annars samþykkt tillaga um að fela stjórninni ásamt fulltrúum frá þeim deildum, sem þegar eru myndaðar, að undirbúa skipulagsbreytingu á félaginu með tilliti til þess, að deildir verði myndaðar í hverri sveit héraðsins og að Skógræktarfélag Eyfirðinga verði einskonar samband þeirra deilda.

HAGUR FÉLAGSINS.

Við síðustu áramót voru eignir félagsins samkvæmt reikningum kr. 78,996,51, þar af sjóðseignir kr. 45,954,51.

Árgjöld félagsmanna eru nú kr. 20,00, en félagsmenn fá

ókeypis Ásrit Skógræktarfélags Íslands. Æfifélagsgjöld eru kr. 200,00.

Fjárstyrkja hefur félagið notið frá Skógræktarfélagi Íslands (ríkisstyrkur), Eyjafjarðarsýslu, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Akureyrarbæ. Auk þess veitti Kaupfélag Eyfirðinga fyrir nokkrum árum fjárupphæð til uppeldisstöðvarinnar. Enn fremur hafa félaginu borist nokkrar gjafir frá einstökum áhugamönnum.

NIÐURLAGSORÐ.

Þetta stutta yfirlit, sem hér hefur verið dregið fram, gefur til kynna, að þetta tvítuga félag hafi reynt að sækja á og orðið nokkurs megnugt til undirbúnings skógræktarinnar í héraðinu, enda hafa ýmsir nýtir og áhugasamir menn lagt þar hönd að verki. Hitt má öllum vera ljóst, að það þarf óslitið starf margra kynslóða til þess að klæða landið skógi, eða þann hluta þess, sem æskilegt er að sé skógi vaxinn. Það þarf mikið fjármagn og jafnframt því fórnfýsi, þegnskyldu, þolinmæði og trú á lífið og landið til þess að svo megi verða.

Sú vakning, sem á síðustu árum hefur gengið yfir landið, og þó einkum sannfæring þeirra manna, sem öðlast hafa mesta þekkingu á skógræktarmálunum, um að nytjaskógar geti vaxið í flestum eða öllum héruðum þessa lands, gefur vonir um enn meiri stíganda í félagsstarfseminni bæði hjá þessu félagi og öðrum.

Það, sem nú tefur einkum fyrir almennum framkvæmdum og myndun félagsdeilda, er hinn tilfinnanlegi skortur á girðingarefni. Ef eitthvað greiðist úr með útvegum á því, og ekki þrengist mjög um fjárhag almennings, ættu næstu áratugir að geta skilað meiri sýnilegum árangri af starfsemi félagsins en þeir, sem liðnir eru. Þeim virðist fjölga óðum, sem láta sér skiljast, að þetta sé mikilsvert mál fyrir héraðið og landið allt og því má vænta þess,

að Eyfirðingar sýni í því, sem öðrum mikilsverðum fram-tíðarmálum, félagsþroska sinn og samvinnuhug.

Trjálund til minningar um Jón Arason biskup á nú að láta þá mold skapa, sem hann hafði fyrst undir fótum. Komið hefur einnig fram uppástunga um að láta trjálund til minningar um Jónas Hallgrímsson, skáldið og náttúrufræðinginn, vaxa upp úr þeim reit, sem hans kærustu bernskuminningar voru við tengdar, „Þar sem háir hólar hálfan dalinn fylla“. Þar sem blómin og jurtirnar, sem hann hafði að leiksystkinum, endurfæðast með sama svip ár eftir ár. Þetta er vel hugsað og viðeigandi og hugur alþjóðar ætti vissulega að sameinast um slíkan minningarlund. Eitt af mörgum verkefnum Skógræktarfélags Eyfirðinga á næstu árum, er að hafa forgöngu um það mál. En þó að fagrir trjálundir séu einhverjir ákjósanlegustu vitnisburðirnir um ræktarsemi við kærustu og nýtustu syni ættjarðarinnar, þá er ekki minnst um vert, að úr moldinni rísi minningarlundir um núlifandi kynslóð sem árangur af starfi hennar og striti, skógarlundir, sem verði ekki aðeins til augnayndis, heldur einnig til nytja og hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.

Ármann Dalmannsson.

STEINDÓR STEINDÓRSSON frá Hlöðum:

Skógar í Eyjafirði.

DRÖG TIL SÖGU ÞEIRRA.

Fyrir 10 árum samdi ég greinarkorn um sögu eyfirskra skóga, er birtist í minningarriti, er Skógræktarfélag Eyfirðinga gaf þá út um 10 ára starfsemi sína. Af sérstökum ástæðum varð seinni hluti greinar þessarar mjög af vanefnum ger. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Eyjafjörð var þá enn óprentuð, og handrit í Landsbókasafni voru lokuð niður úti í sveit, svo að ég fékk ekki kannað ýmsar mikilvægar heimildir, frá síðari öldum. Þegar stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga fór þess á leit við mig nú, að gera efni þessu betri skil í sambandi við 20 ára afmæli félagsins, gat ég naumast færst undan því, enda þótt ég hefði hugsað mér að leita betur um heimildir áður en ég betrubætti hina fyrri ritgerð mína. En þótt einhverjar eyður séu í söguna, þá þótti mér samt svo mikið dregið að af efni, að rétt væri að láta það koma fram, einkum samanburð á nútímanum og lýsingum Jarðabókarinnar. Þá er það einnig svo, að ætíð verður óvíst um framkvæmdir þeirra hluta, sem maður ætlar að gera einhvern tíma seinna. Af þessum sökum læt ég greinarkorn þetta frá mér fara, þótt mér sé ljóst, að eitthvað meira muni mega finna um þetta efni við lengri leit. Þó hygg ég ekki, að það sé margt fram um 1600, sem við yrði hægt að bæta. Inngangurinn og tveir fyrstu kaflarnir eru óbreyttir að kalla úr hinni fyrri ritgerð, en síðari hlutinn er saminn alveg að nýju.

INNGANGUR.

„Í þann tíma var Ísland viði vaxið milli fjalls og fjöru“, segir Ari hinn fróði um landnámsöldina. Þessi ummæli verða oss minnisstæð, ekki síst er vér rennum augum yfir holt og hrjóstur þau, er nú þekja yfirborð landsins. Og oft hafa menn efast um sannleiksgildi þeirra, enda þótt þau séu eftir hinum sannfróðasta Íslendingi, er sögur fara af. Því skal og eigi neitað, að áður fyrr hefur það hvarflað í hug mér, að hér væri um verulegar ýkjur að ræða. En

rannsókn skráðra heimilda um skóga hér á landi á liðnum öldum, sem hefi allmikið unnið að í hjáverkum mínum um mörg undanfarin ár, svo og kynni þau, er ég hefi af landinu haft á rannsóknarferðum mínum um tvo áratugi, hafa sannfært mig um, að engin ástæða er til að efast um sannleiksgildi orða Ara. Má svo heita, að hverju sinni, er ég hefi lagt nýjan landshluta undir fót til gróðurrannsóknna, hafi mér bætst ný sönnun í þessu efni. Og ég vona, að það, sem saman er tínt í greinarkorni þessu um sögu eyfirska skóga, sýni að hér er ekki út í bláinn mælt. Það mun því mega teljast fullvíst, að þegar forfeður vorir námu hér fyrst land, hefir langmestur hluti alls láglendis verið alvaxinn birkiskógi frá ystu nesjum til innstu dala. Aðeins háfjallahlíðar, miðhálandi landsins, og einstöku veðurbörðustu útkjálkarnir hafa þá verið skóglausir. og ef til vill sumir mýraflákar. Hygg ég þó, að kjarr hafi í þann tíma teygt sig furðu langt inn í hálendið, og má í því sambandi benda á, að enn vex birkikjarr inni við Hvítárvatn á Kili, og í Stórahvammi við Jökulsá eystri inn af Skagafjarðardölum. Margir mýraflóarnir munu og fyrst hafa orðið til við það, að skógurinn hvarf úr sögunni. Það má því vera lýðum ljóst, að mikil eru þau verðmæti, er glatast hafa á liðnum öldum við að skógarnir eyddust.

Eitt þeirra héraða, sem harðast hefir orðið, úti í þessum efnum er Eyjafjörður. Hin hlýja, fjallaprúða sveit hefir verið svo gjörsamlega rúin skógarklæðum sínum, að naumlega er unnt að tala um að þar séu nokkrar minjar eftir. Þó er því svo farið, að þar sem nú eru brunaholt og blásnir melar voru í fornöld limfagrir skógar. Hlíðarnar, sem nú standa berar og skriðurunnar, báru fyrum skjólgóð skógarklæði. Oss Eyfirðingum, og raunar fleirum, þykir sveit vor fögur, og vér miklumst títt af fríðleik hennar og frjósemi, en þó er hún áreiðanlega svipur hjá sjón, hjá því er skógar skreyttu velli og hlíðar.

Sögu þeirri er hér er sögð, hefi ég skipt í tímabil, án þess þó að bein söguleg ástæða sé til. Fyrsta tímabilið er

þjóðveldistíminn. Meginheimildir þess tíma eru fornsögur vorar, sem að vísu eru skráðar löngu eftir að atburðirnir gerðust, en varla er unnt að draga í efa, að söguriturunum, hafi verið kunnugt um skóga á þeim stöðum, er þeir geta þeirra. Annað tímabilið læt ég ná frá 1300 -1600, en um mestan hluta þess tímabils ná heimildir hins prentaða hluta Fornbréfasafnsins, og eru þær svo góðar, sem best verður á kosið. Þriðja tímabilið er svo frá 1600-1900, en þar eru meginheimildirnar Jarðabókin og Sóknalýsingar. Og loks er gerð grein fyrir þeim skógarleifum, sem mér er kunnugt um, að enn séu til í héraðinu.

I. FORNÖLDIN.

Enda þótt ekki sé víða minnst á skóga í hinum eyfirsku fornsögum, þá verður samt ljóst af þeim, að þá var hér víða skógi vaxið og skógurinn þroskamikill. Þannig er það auðsætt af Víga-Glúms sögu, þar sem segir frá skiptum þeirra Glúms og Skútu, að miklir skógar hafa þá verið um neðanverðan Eyjafjörð og einkum í nágrenni Munkaþverár. Í sömu sögu segir einnig frá skógarhöggi á Mjaðmárdal, og virðist sem um stórvaxinn skóg hafi verið að ræða, því að viðurinn er kallaður timbur, og sagt, að hann væri bundinn í drögur. Í Ljósvetninga sögu segir frá miklum skógum kringum Saurbæ og Gnúpufell, þar sem segir frá deilum Guðmundar ríka við þá Gnúpufellsmenn. Þar er svo að orði komist: „Rindill reið út frá garði í Saurbæ og svo út í skóginn“, þar sem Eilífur í Gnúpufelli vó hann, en Hlenni í Saurbæ barg Eilífi og förunautum hans undan atförl Guðmundar ríka með því að senda þá í *Eyrarskóg*, sem eftir því er helst verður ráðið af sögunni hefir verið í grennd við Gnúpufell, sennilega á leiðinni þangað frá Saurbæ. Valla-Ljóts saga segir um Eyjafjörð, „að skógur var um héraðið“, án þess að staðfæra þá nánar. Þá segir í Ljósvetninga sögu frá því,

er þau Guðmundur ríki og Þórlaus kona hans riðu frá veislunni á Bægisá, að þau komu í skógana hjá Laugalandi (í Hörgárdal).

Svarfdæla saga getur mikilla skóga í Svarfaðardal, þar segir svo: „Í Skíðadal var mörk svo þykk, frá Tungunni, að hvergi var rjóður í.“ Hins vegar er fullmikill æfintýrablær á sögunni um hinn stórvaxna skóg í Tungunni, sem haffært skip var af byggt, til þess að sú saga verði tekin alvarlega. Aftur er sagan um það, er Karl enn rauði hrakti Skíða, athyglisverð. Hann dró Skíða fyrir ofan Skorðumýri, „Skíði dragnaði eftir, og var þá eytt skóginum og stóðu stofnar eftir“. Valla-Ljóts saga talar og um skóga hjá Völlum.

Þá er talið það, sem sögurnar herma um skóga í Eyjafirði. Um vitnisburði þessa er það að segja, að þeir eru ekki samtíma frásagnir, heldur skráðir nokkrum öldum eftir að atburðirnir gerðust. Þó sé ég ekki ástæðu til að draga þessar frásagnir að nokkru verulegu leyti í efa, aðrar en skipasmíðarsöguna í Svarfdælu. Það er óhætt að fullyrða það, að svo stórvaxinn skógur hefir aldrei vaxið hér síðan sögur hófust, að úr viði hans hafi verið smíðuð haffær skip. En vitnisburðir sagnanna eru margir styrktir af seinni samtíma heimildum, er síðar verða raktar. En svo virðist, sem skógarnir hafi verið farnir að minnka á dögum sagnaritaranna á 12. og 13. öld.

Önnur forn heimild eru örnefnin. Af þeim hefi ég ekki átt kost á að athuga nema bæjarnöfn og byggðarlaga. Þau eru að vísu nægilega mörg til að sýna, að víða hefir verið skógi vaxið, en þó tel ég vafalítið, að eitthvað sé til fleira af örnefnum í sýslunni, sem minna á skóg. Allur neðri hluti Hörgárdals að austanverðu heitir *Þelamörk*. Nafnið er að vísu innflutt frá Noregi, en víst er það, að ekki hefði það verið gefið, ef ekki hefðu vaxið þar miklir skógar, enda sýna heimildir, að svo hefir verið. Á *Þelamörk* er bærinn *Skógar*. Þá má nefna *Hrísey*. Hún hefir án efa verið viði vaxin, sennilega bæði fjalldrapa og

birkikjarri, en svo vandlega hefir verið gengið þar um sættir, að hvorug þessi tegund finnst nú í eynni, en ótal gamalla kolagrafa tala sínu þögla máli og sanna, að nafnið hefir ekki verið gefið út í bláinn. *Hrísar* heitir bær í Svarfaðardal, landslag þar í grennd sýnir gjörla, að skógi klætt hefir verið þar fyrrum. Á ströndinni inn með firðinum eru *Árskógarnir* tveir og *Fagriskógur*. Enginn þarf að efa, að þar hafi verið skógar miklir og fagrir, enda óx skógur á Árskógsströnd fram á 18. öld. Inni í Eyjafirði eru bæjarnöfnin *Björk* á Staðarbyggð og í Sölvadal ásamt *Hrísun* öll skýr vitni um fornan skógargróður. Það eru einnig nöfn eins og *Espihóll*, *Víðigerði* og *Víðines*. Öspin á Espihóli er að vísu löngu horfin úr sögunni, og næstum því alveg úr gróðurríki landsins, enda hefir sennilega ætíð verið lítið um hana. Þá eru talin þau örnefni, sem mér eru kunnug, en vel má og vera, að einhver af „holtunum“, sem eru allmörg, séu einnig kennd við skógargróður, þótt eigi verði það með vissu sagt.¹⁾

Þeir vitnisburðir sagna og örnefna, sem nú eru taldir, sýna, að í öllum byggðarlögum sýslunnar nema þeim

1) Fyrir greiðvikni Kristjáns Eldjáms Þjóðminjavarðar gafst mér kostur á þegar prentun var langt komið, að kynna mér örnefnaskrá úr Eyjafjarðarsýslu, sem Margeir Jónsson hefur safnað. Við hraðan yfirllestur fann ég þessi örnefni, er benda á fornan skógargróður. Tel ég þau upp eftir bæjarnöfnum í stafrófsröð.

Bitra: Viðarflói, **Bægisá syðri:** Kolgerði, **Garðsá:** Kolgrafargil, **Hamar** í Svarfaðardal: Einihvamur, **Kambhóll syðri:** Skógarbrekkur, **Kóngsstaðir:** Kolanes, **Krossanes syðra:** Viðarholt, **Krossanes ytra:** Kolalág, **Skógar:** Viðarás, Viðarklöpp. Einihóll, **Skútar:** Kolaklettur, **Stærri Árskógur:** Skógarhólar, **Sörlatunga:** Skógardil. Eins og upptalningin ber með sér eru flest þessi örnefni á býlum, þar sem skóga er getið í öðrum heimildum. Nýir staðir eru Krossanesin, Bitra og Skútar allir í Glæsibæjarhreppi. Vert er þó að geta þess, að nöfnin **Viðarflói** og **Viðarholt** geta verið dregin af hrísi eða fjalldrapa. Þá tel ég líklegt að **Skógarbrekkur** hjá Syðsta Kambhóli, sé leifar eyðijarðarinnar Skógarbrekku, sem þar er getið. Nöfn þau, sem kennd eru við **eini**, eru bæði skýrð með því að einir vaxi þar nú, en þar sem svo er, benda allar líkur til forns skógargróðurs. Þá er og hugsanlegt að örnefnið **Brennla** hjá Hofi í Hörgárdal gæti átt rót sína að rekja til skógarbrennu.

allra nyrstu hefir skógur vaxið til forna og hann sennilega víða vöxtulegur.

Ég gat þess, að ætla mætti, að þegar fornsögurnar voru skráðar, hafi eyfirzkum skógum verið tekið að hnigna, í þá sömu átt bendir, að mjög sjaldan er minnst á skóg í Sturlungu. Ég hefi ekki fundið þar nema tvo vitnisburði úr Eyjafjarðarsýslu. Í Guðmundar sögu dýra segir frá því í eftirmálunum eftir Lönguhlíðarbrennu um 1200, að Þorgrímur alikarl væri kominn í Gnúpufellsskóga með hundrað manna. (Sturl. I. 289). Þá hafa verið þar miklir skógar. Hin sögnin er að vísu ekki eins ákveðin, það er í frásögninni um Þverárbardaga 1255. Þess er þá getið, að þeir Eyjólfur Þorsteinsson og Hrafn Oddsson lágu með flokk sinn á Rauðahjalla yfir Kaupangi, en ekki sást til þeirra neðan úr héraðinu (Sturl. IV. 34). Hefi ég borið það undir kunnuga menn, sem fullyrða, að slíkt væri óhugsandi, nema þá hefði verið skógi vaxin hlíðin. Hafa því þá að líkindum enn verið allmiklir skógar í Kaupangursveit.

II. FRÁ 1300-1600.

Heimildir um skóga á þessu tímabili er næstum allar að finna í íslensku fornbréfasafni (Í. f.). Eru þær elstu frá 14. öld, en hinar yngstu frá því 1520. Sigurðarregistur hið elsta. Þá hef ég bætt við nokkrum heimildum yngri eða frá því um 1600, en útgáfu Fornbréfasafnsins er ekki komið lengra en fram á miðja 16. öld, eins og fyrr segir. Vitnisburðum þessum hef ég raðað eftir legu staðanna, sem um ræðir, þannig að byrjað er nyrst í Svarfaðardal, en endað fremst í Eyjafirði.

Karlsárdalur. - 1394-1461.

Í máldaga Tjarnarkirkju í Svarfaðardal 1394 og 1461 stendur, að hún eigi hrís í Karlsárdal milli Grænalækjar og

þess næsta grjótgils, er þar er fram frá (Í. f. III. 515 og V. 258). Þótt hér sé aðeins nefnt hrís, þykir mér líklegt, að um birki sé að ræða, en skógurinn verið orðinn smávaxinn.

Skógarbrekka á Galmaströnd. - 1447.

Meðal eigna Möðruvallakausturs 1447 er talin „skógarbrekka á Galmaströnd“ (Í. f. IV. 710). Samkvæmt Jarðatali Johnsens fylgdi eyðihjáleiga með þessu nafni Arnarnesi 1802. Ókunnugt er mér, hvort þetta örnefni er enn til.

Tréstaðir. -1375-1430.

Í jarðaskiptabréfi um Auðbrekku frá 1375, er meðal ítaka hennar talinn tólf feðminga skurður í Trégrefsstaðaskógi (Í. f. III. 295), en í bréfi frá 1430 er það orðað svo: „þriggja 12 feðminga torfskurð í Trégrefsstaðaland“ (Í. f. IV. 436). Ef til vill mætti draga af þessu þá ályktun, að hér hefði upphaflega verið um skógarítak að ræða, en þegar skógurinn þraut, hafi því verið breytt í mótekju, svo að það veitti samt eldsneyti. Hefði Tréstaðaskógur þá átt að eyðast um 1400. Í bréfum um Auðbrekku frá 1445 og 1479 er þessu ítaki sleppt.

Vaglí. - 1461-1525.

Samkvæmt mállega Möðruvallaklausturs 1461 á klaustrið skógarparta í Vaglajörð suður frá Fornhagaskógi og til Kiðalækjar, frá Dunhagaskógi og ofan þaðan. Þessi ákvæði eru óbreytt í Sigurðarregistri 1525 (Í. f. V. 290 og IX. 370). Af þessu er ljóst, að þá hefur verið mikill skógur í Vaglalandi, og hefur hann legið þar, sem enn heitir Vaglaskógur, en í honum er skógræktargirðing Skógræktarfélagsins.

Steðji. -1495.

Árið 1495 er seld Neðri-Lönguhlíð í Hörgárdal, sem nú er kölluð Skriða. Meðal eigna jarðarinnar eru taldir „allir

skógar í Steðja jörðu upp í fjall og ofan í á út að Kiðalæk og suður í móts við Auðbrekkuskóg (sbr. Skóga), nema Steðji skyldi eiga eldivið sem honum þarfnæðist.“ (Í. f. VII. 236).

Skógar. - 1375-1445.

Í þeim sölubréfum Auðbrekku, sem fyrr getur, segir 1375, að Auðbrekka eigi „skógarstöðu í Skógaland svo víða, sem Auðbrekka hefur átt að fornu, á Skógajörð árlega laupshögg í settu takmarki“ (Í. f. III. 295). Af þessu ákvæði er að sjá, sem Skógar hafi sjálfir átt litlar nytjar sinna eigin skóga líkt og Steðji. 1430 segir, að Auðbrekka eigi „skógarhrís í Skógaland“ (Í. f. IV. 436), en 1445 eigi „skógarhrís í Skógajörðu“ (Í. f. IV. 436), en 1445 „allan skóg í Skógajörðu“ (Í. f. IV. 664). 1479 er ítakinu sleppt. Ef til vill mætti draga af því þá ályktun, að þá hafi skógarnir verið orðnir svo rýrir, að ekki hafi þótt taka því að telja þá meðal gæða jarðarinnar.

Ás. - 1452-1525.

Í vitnisburðarbréfi Einars Magnússonar 1452 um ítök Möðruvallaklausturs í Ásjörðu segir hann, að skógurinn Maríuhrís milli Auðbrekkuskógs og Vindheimaskógs var haldinn gömul eign klaustursins. „Ræður út við Auðbrekkuskóg jarðkross lagður af steinum og svo langt suður, sem réttsýni ofan á Ásgerði, og svo út frá gerðinu ið neðra til móts við Auðbrekkuskóg en upp svo langt sem skógur vex.“ Ennfremur segir hann, „að staðarins ráðsmenn um næstu 20 ár framan til mannplágunnar hafi bæði látið höggva timbur og vinna til kola í nefndum skógi klaustursins vegna“ (Í. f. V. 93). Í mállega klaustursins 1461 (Í. f. V.290) er skógarparturinn Maríuhrís nefndur meðal eigna þess og sömuleiðis í Sigurðarregistri 1525 (Í. f. IX. 370). Árið 1454 hefur verið uppi ágreiningur um, hvort Vindheimar ættu ítak í Ásskóg árlega svo mikið,

„sem jörðunni þarfnaðist að hafa“. Skyldi Vindheimabóndi höggva skóginn þangað til sannað yrði með eiði, að Vindheimar ættu eigi áður greint ítak. (Í. f. V. 107).

Af undanfarandi vitnisburðum er ljóst, að fram á 15. öld að minnsta kosti, og jafnvel fram yfir 1500, hefur land allt milli Krossastaðaár og Fossár á Þelamörk verið skógi vaxið. Hins vegar er vert að veita því athygli, að allar höfuðjarðirnar vestan Hörgár frá Möðruvöllum að Skriðu, eða Möðruvellir, Dunhagi, Auðbrekka, Fornhagi og Skriða eiga þarna ítök, eða réttara sagt, þær eiga raunverulega mestar skógarnytjarnar. Þetta þykir mér benda til þess, að skóglaut hafi þá verið orðið vestan árinna. Á þessu tímabili kaupir einnig Möðruvallaklaustur Skuggabjörg í Fnjóskadal 1475, sýnilega vegna skógarins, er þar var.

Hallfríðarstaðir. - 1394-1397.

Í bréfi frá 1397 segir svo: „Hallfríðarstaðir eiga skóg í Tungujörð með þessum ummerkjum, varða á hálsinum fyrir sunnan Stigadæli og réttssýni niður í Drangstein við Skuggagötu, og ræður hann síðan út á háls fyrir neðan forin“ (getur verið förin) (Í. f. III. 621). Í bréfi 1394 segir aðeins, að Hallfríðarstöðum sé eignaður skógur í Tungujörðu (Í. f. III. 504).

Öxnadalur. - 1375-1442.

Úr Öxnadal eru þrír vitnisburðir, sem erfitt er að staðfæra til jarða, annarra en þeirra, sem ítökin áttu. Þeir eru þessir:

Syðri-Bægisá „á skóg með ummerkjum fyrir handan Öxnadalá,“ segir í sölubréfi frá 1428 (Í. f. IV. 353).

Efstá(skriðu)landi fylgja nokkrir skógarhryggir fyrir sunnan Bakkaskóg (Í. f. III. 298). Sennilega hafa þessir umræddu skógar legið neðanvert í dalnum að vestanverðu. Það má víst telja, að Bægisárskógurinn hafi verið í hálsinum á móti Bægisárlandi, eftir því sem til orða er

tekið. Vafasamt er um hina skógana, Efstalands og Bakka, þótt trúlegt sé, að þeir hafi verið einnig þar í hlíðinni, í Skjaldarstaða eða Hraunshöfða landi. Þá er til gjafabréf frá 1442, þar sem Björn nokkur Jónsson gefur Möðruvallaklaustri „skógarpart er liggur í Öxnadal milli Skuggagötu og Almenningsgötu, suður að skriðu þeirri er eignuð var Saurbæ og út að Möðruvallaskógi.“ (Í. f. IV. 626). Það lítur út fyrir, að þarna hafi verið um all stórt skóglendi að ræða, þar sem Möðruvellir hafa átt ítak fyrir, og skriðan, sem Saurbæ er eignuð, gæti fyrr hafa verið skógarítak. Ekki verður með vissu sagt, hvar skógur þessi hefur legið, en líklegt tel ég, að bæði hann og Hallfríðarstaðaskógur hafi verið í Staðartunguhálsi, Hallfríðarstaðaskógur í Staðartungulandi, en Möðruvallaskógur í Miðhálsstaðalandi. Örnefnin eru að vísu glötuð, en þó heitir Stigalág í hálsinum, og gæti það vel verið sama og Stigadæli. Kunnugur maður hefur tjáð mér, að gata, sem enn liggur milli Miðhálsstaða og Staðartungu um svonefnda Skinndráttargjá, gæti vel hafa heitið Skuggagata eftir staðháttum að dæma.

Möðruvellir í Eyjafirði. - 1318-1600.

Í máldaga Möðruvallakirkju 1318 segir, að hún eigi þriðjung í heimalandi, í skógum svo mikið, sem þarf til húsaumbóta (Í. f. II. 449). Ákvæði þessi standa óbreytt í máldögum 1394, 1429 og 1461 (Í. f. III. 516, IV. 378 og V. 378). Það er ljóst af ummælum þessum, að skógurinn hefur verið svo stórvaxinn, að hann hefur verið nýttur til raftviðar. Sæmundur Eyjólffsson skýrir frá því í Búnaðarriti 8. ári, bls. 63, að til sé skinnbréf frá því um 1600, þar sem það sé vottað, að Elín, dóttir Staðarhóls-Páls, hafi gefið Sigríði Sigurðardóttur í Torfufelli skógarhögg í Möðruvallaskógi fyrir framan Hlífárgil, en eftir dauða Sigríðar skuli það aftur falla undir Möðruvelli. ...

Björk í Sölvadal. – 1461.

Í máldaga Miklagarðskirkju frá 1461 er henni eignaður skógur í Bjarkarlandi og ræður gil fyrir utan og sunnan. (Í. f. V. 313).

Gnúpufell. - 1394-1525.

Gnúpufellsskóga hefur þegar verið getið eftir sögum. Lítil furða er, þótt þeir eyddust, er svo margar jarðir áttu þar ítök, eða Dalur, Grund, Hvassafell, Mikligarður og Saurbær, þar sem þarna var um stórbýli að ræða, sem mikils hafa þarfnast af skógarnytjum, enda hefur Klemenz Jónsson það eftir sóknarlýsingum, að Gnúpufellsskógur hafi verið gereyðilagður vegna kolagerðar þegar á 17. öld. (Grundarsaga bls. 6), og í Jarðabók Árna Magnússonar er skógurinn talinn gereyddur, sem síðar segir.

Leyningur. - 1375.

Í jarðaskiptabréfi um Hóla í Eyjafirði er meðal ítaka jarðarinnar talinn skógarpartur í Leyningsjörð. (Í. f. III. 295). Í ritgerð Sæmundar Eyjólfsssonar, sem fyrr er vitnað í, segir hann, að margar jarðir hafi fyrr átt skógarítak í Leyningslandi, án þess að greina frekari heimildir.

Þá eru taldir þeir vitnisburðir, er ég hef fundið um skóga í Eyjafirði á umræddu tímabili. Ég geri varla ráð fyrir, að margar fleiri séu til, þótt aldrei sé fyrir slíkt að synja. Af þessum gögnum verður það ljóst, að fram á 16. öld hefur enn verið allmikill skógur í héraðinu, a. m. k. á Þelamörk og kringum Möðruvelli og Gnúpufell í Eyjafirði. Enda þótt ekki sé mér það fyllilega kunnugt, hygg ég, að mikið af þeim skógum hafi verið í mynni Sölvadals, og hann þá neðan til skógi vaxinn að verulegu leyti.

En samt sem áður er nokkurnveginn jafnvíst, að um þessar mundir hafa skógar þá verið miklu minni í Eyjafirði en fyrrum, og þeir hafa þá ekki fullnægt brýnustu þörfum héraðsbúa. Þetta ræð ég af því, hve mörg utan-

héraðs skógarítök kirkjustaðir og höfuðból hafa eignast um þetta leyti. Skal nú getið þeirra ítaka, sem ég hef fundið gögn um. Glæsibæjarkirkja á 1394 skógarstöðu í Fnjóskadal út frá Hofsstöðum. Hrafnagil á Pétursskóg í Laufásskarði 1508, Espihóll á Vatnsleysuskóg í Fnjóskadal 1391, Munkaþverárklaustur á Þórðarstaðaskóg, skóg í Skuggabjörgum og víðar í Dalsmynni þegar um miðja 15. öld, en á árunum 1479-1485 kaupir klaustrið mestalla skóga í Vaglalandi í Fnjóskadal, en selur þá Möðruvallaklaustri Skuggabjargaskóg fyrir vervist í Flatey með öllum vergögnum, saltbrennu, húsgerð og naustgerð. Þótt vér vitum eigi, hve stór þessi skógur hefur verið, sýna þessi kaup, að skógarpartar hafa verið mikils metnir, því að áreiðanlega hefur vervistin í Flatey með umræddum gögnum verið mikil búbot klaustrinu. Grund í Eyjafirði á skógarparta í Fnjóskadal 1395, og Saurbæjarkirkja hálfan skóg í Kaldbak 1318. Það lætur nærri að álykta, að fyrst kirkjurnar og höfuðbólin lögðu svo mikla áherslu á að eignast skóga, sem oft lágu mjög fjarri, eins og t. d. Kaldbaks-skógurinn Saurbæ, þá hafi verið mjög tekið að sneiðast um nærtækari skóga. Ætti héraðið eftir því að hafa verið orðið skóglítið þegar á þessum tíma, þrátt fyrir að bestu skógarnir hafa enn verið allstórir og vöxtulegir.

III. FRÁ 1600-1900.

Skógar í Eyjafirði um 1700.

Það verður seint ofmetið, hversu merkilegt heimildarrit Jarðabók Árna og Páls er um íslenska þjóðhagi í byrjun 18. aldar. Sjálf Jarðabókin er 11 gild bindi, en ekki þætti mér ósennilegt, að með tímanum yrðu skrifuð önnur 11 bindi, eða jafnvel fleiri út af efni hennar, um hag og búnaðarháttu á Íslandi á 17. og 18. öld. Að vísu verður ætíð að nota Jarðabókina varfærnislega sem heimild. Jarðeigendum og ábúendum hefur sýnilega verið tamt, að gera

sem minnst úr kostum, en mest úr göllum jarðanna. Einkum ber mjög á því, að mikil áhersla er lögð á, að öllum jarðargæðum sé að hnigna frá því, er áður var. Nokkuð af þessu er venjulegur barlómur og varfærni, til þess að tálma því, að jarðamatið hefði í för með sér hækkuð afgangið og skatta. En þó hygg ég, að margt af því, sem sagt er um hnignun jarðargróða á þessum árum sé ekki ástæðulaust með öllu. Á ég þar einkum við það, sem mest snertir þessa grein, svo sem hnignun skóga, einnig vaxandi eyðing lands af uppblæstri. skriðuföllum og vatnaágangi, sem raunar allt saman hlaut að fara saman, þegar skógarnir eyddust. Skal það nú rakið nokkru nánar.

Árferði var illt um land allt á 17. öld, og síðustu tvo tugi aldarinnar voru fellisár tíð. Má fara nærri um, að búpeningur sá, er hjarði, hafi gengið hart að öllu grónu landi, og nærri hafi verið gengið skógarleifum, til fóðuröflunar í harðindum, þegar jarðbönn voru og áfreðar. Þannig hefur farið saman árferði, er óhagstætt var skógargróðri. og jafnframt enn hóflausari nýting skógarleifanna en í góðærinu. Afleiðingin hlaut að verða sú, að skógarnir gengu saman. Þá má og minnst þess, að í versluninni var sífeldur viðarskortur, svo að mjög mun hafa verið hart að gengið um að nytja allan þann raftviðarskóg, er í landinu var, en um 1700 hafði einokunarverslunin verið í algleymingi um heila öld. Þætti mér líklegt, að bæta mætti aukinni eyðingu skóga á syndareglistur hennar á liðnum öldum. Í kjölfar skógareyðingarinnar fóru síðan önnur landsspjöll eins og fyrr var á drepíð. Þá er og víst, að snjóavetur með ísingu og áfreðum, eldgos og önnur óáran hefur einnig um þessar mundir átt beinan þátt í að spilla skógargróðri. Þannig er þess beinlínis getið við árið 1699, „að skógar brotnuðu af snjóþunga og kör, svo að þeir féllu niður, fúnuðu og eyddust í mörgum sveitum af slíkum frostavetrum hverjum eftir annan.“ (Árbækur Espólíns VIII. bls. 63). Að vísu má segja, að það sem hér er sagt sé almenns eðlis, og eigi ekki við Eyjafjörð sérstaklega, en skógar þar eru

viðfangsefni þessarar greinar, en ósennilegt er, að harðindi og óáran aldarinnar hafi farið þar hjá garði. Jarðabókin er tekin saman á árunum 1702-1712, í Eyjafirði 1712. Árferði var þá enn misjafnt, og auk þess gekk drepsótt yfir á þeim árum, svo að áreiðanlega hefir verið dauft yfir hug manna, og allt þetta orkað á þann svip, er jarðalýsingarnar fá. En þótt tilhneigingin sé til þess að rýra kosti jarðanna, hygg ég samt, að lýsing skóga í Eyjafirði sé þar ekki fjarri sannni. Og eitt er víst, þeir hafa að minnsta kosti ekki verið minni, né afurðir þeirra rýrari en Jarðabókin segir. Þannig að er vér berum þá saman við seinni tímann, hefir hnignunin áreiðanlega verið heldur meiri en minni.

Svo má segja, að skógarnytjar séu flokkaðar í fernt í Jarðabókinni. Þar er talað um skóg til raftviðar, kolgerðar, eldiviðar og rifhrís. Innan þessara flokka er svo skóginum lýst þannig að hann sé nægjanlegur, bjarglegur. til styrktar eða lítill. Fleira er stundum tekið fram, en þetta eru helstu lýsingarorðin um hann. Ég var í fyrstu í vafa um, hvort telja bæri rifhrís Jarðabókarinnar til birkiskóga, eða þar væri einungis um fjalldrapa að ræða. En við nána athugun sá ég, að hvarvetna er gerður greinarmunur á þessu tvennu, svo að ég tel fullvíst, að rifhrís sé lágvaxið birkikjarr. Grasnytjar Björns Halldórssonar virðast og taka af öll tvímæli í þessu efni, en þar er fjalldrapa og rifhrísi lýst sem tveimur aðskildum tegundum, og er rifhrísi lýst á þessa leið: „Þetta er úrkynjað birki, kræklótt, sem ekki verður herra en meðalmanni undir hönd. Dugir lítið til kolgerðar. en hentugt til eldiviðar, þess lim er gott á vetrum til beitar og líka geldneyta fóður.“ (Grasnytjar bls. 174). Lýsing þessi á svo vel við lágvaxið og kræklótt birkikjarr, að naumast verður betur á kosið. En annars segir nafnið rifhrís sína sögu, þ. e. kjarrið er svo smávaxið, að ekki þykir lengur taka því að höggva það, heldur er það rifið upp, oft með rótum, en einmitt viðarrifið hefur reynst allra hættulegast gagnvart uppblæstrinum. Í yfir

liti þessu tel ég því rifhrísið til skógarleifa. En lítum nú á, hvernig Jarðabókin lýsir skógarleifum í Eyjafjarðarsýslu.

Svo má heita, að þá séu skógar með öllu horfnir úr öllum Inn-Eyjafirði. Þar höfðu eins og fyrr getur fram eftir öldum verið miklir skógar á Möðruvöllum í Gnúpufelli, Sölvadal og Leyningi. Er ítaka og skógarnytja þar áður getið. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna er frá því sagt, að stórvaxinn skógur á Möðruvöllum hafi brotnað og eyðst í ísingarveðri 1607. Segir þar einnig, að enn 1752 megi sjá stoðir og bjálka úr þessum skógi á Möðruvöllum (Ferðabók II. bls. 85). Ótrúlegt er, að skemmdaveður þetta hafi farið fram hjá öðrum skógum héraðsins, þótt ekki sé sérstaklega getið um önnur skógaspjöll. Viðáttumestir skóga í Eyjafirði hafa án efa *Gnúpufellsskógar* verið. Þar áttu ítök: Grund, Stóridalur, Hvassafell, Mikligarður og Saurbær. Jarðabókin getur ekki um ítök Stóradals og Hvassafells. Þau hafa verið eydd fyrir svo löngu, að þau hafa verið gleymd, eða a. m. k. ekki þótt ástæða til að rifja þau upp. Hinna ítakanna er að vísu getið, en sagt, að þau séu gereydd, og sama segir um ítak Saurbæjar í *Bjarkarlandi* í Sölvadal. Um *Gnúpufell* segir svo í Jarðabókinni: „Skógur hefir áður verið mikill og góður, sem fallinn er fyrir meira en 80 árum.“ Orðalag þetta gæti bent til, að skógurinn hefði eyðst snögglega af áfelli, og gæti manni þá flogið í hug óveðrið, er eyddi Möðruvallaskóg, þótt þá væru liðin rúm 100 ár frá þeim tíma, uns Jarðabókin var skráð. Er sennilegt, að áfelli það ásamt vetrarharðindum fyrstu áratugi 17. aldar og hóflausri notkun skóganna, hafi lagst á eitt með að gereyða þeim á fyrri hluta aldarinnar.

Um *Leynings-* og *Villingadalsskóg* segir svo: „Skógur til kolgerðar að kalla eyddur, en til tróðs og eldiviðar ennþá bjarglegur.“ Í Leyningsskógi áttu þessar jarðir ítök: 1) *Saurbær* í Cecilíuhöfða, þar „er lítill eldiviðarskógur, en bjarglegur til tróðs, eyðist mjög því að takmarkið er lítið.“ 2) *Hólar* áttu skóg á Hrafnnesi milli Járnhryggjar og Torfufellsár, „sá skógur er eyddur til kolgerðar, en

bjarglegur til tróðs og eldiviðar.“ 3) *Æsustaðir* áttu einnig skóg til kolgerðar, „og hefir brúkast lítilsháttar, því að skógurinn er lítill.“ Af því sem ráðið verður af samanburði við eldri heimildir um skóg þenna, hefir skógum í Leyningi hnignað verulega frá því, er áður var. Ef áðurnefnd örnefni eru enn til, mun mega gera sér nokkurn veginn fullkomna hugmynd um víðáttu skóganna, eins og Jarðabókin segir frá þeim. Sæmundur Eyjólfsson hermir eftir sögnum, að seint á 18. öld hafi Leyningsskógur verið stórvaxinn, og ætti Leyningsskógi því að hafa farið fram frá því Jarðabókin var skráð. Til hins sama þykir mér og benda útlit skógarleifanna eins og þær voru áður en skógurinn var girtur. En vera má, að Jarðabókin geri mun minna úr honum en hann var í raun og veru.

Þá getur Jarðabókin um rifhrís á þessum jörðum: *Munkapverá* „mjög lítið.“ *Öngulsstöðum* „lítið til tróðs eða eldiviðarstyrks,“ og *Vargjá* „lítið í fjallinu, sem ekki brúkast.“

Í byrjun 17. aldar er skógum svo farið, að í öllum Eyjafirði innan Glerár eru allir skógar eyddir, nema Leyningsskógur, og hann er þó vart nýtandi til kolagerðar, en aðeins til tróðs og eldiviðar, og lítilsháttar kjarr af rifhrísi er á þremur jörðum í Öngulsstaðahreppi, og er það þó naumast til nytja nema á Öngulsstöðum. Hvergi annars staðar eru svo miklar skógarleifar, að forráðamönnum jarða þyki taka því að lýsa þeim.

Í öðrum byggðarlögum héraðsins var ástandið sýnu betra, þótt mjög væru skógar taldir í afturför. Á Þelamörk voru enn allmiklir skógar. Er þar fyrst að telja skóginn í *Ási*, *Skógum*, *Steðja* og *Vöglum* á Þelamörk. Lýsir Jarðabókin honum á líkan hátt á öllum jörðunum, þ. e. skógur til raftviðar sé eyddur, en nægur til kolgerðar og eldiviðar. Þess er og getið, að um þær mundir eyðist skógurinn og falli í fauska. *Vindheimar* áttu þá skógarítak í Áslandi, „fyrir ofan Brytagötu“ en ekki er getið hins forna ítaks *Möðruvalla*, sem frá greinir í Fornbréfasafni.

Auðbrekka átti allan skóg í Skógalandi, en *Skriða* í Steðjalandi umfram það, er þurfti til heimilisnota á þessum býlum. Skógarmörkum *Skriðu* í Steðjajörðu er lýst svo: „frá Kiðalæk gagnvart Tveggja sátna bletti, þaðan í Marteinskletta, allt að ofan frá fjalli til Hörgár.“ Í Vaglalandi áttu ítök: *Möðruvellir*, *Stóri Dunhagi*, *Fornhagi* og *Laugaland*. Möðruvallaitakinu er lýst svo, að skógurinn sé öldungis ónýtur til allra gagnsemda. En að öðru leyti er ítökunum lýst líkt og fyrr er getið í aðallýsingu skóglendisins. Víðatta þessara ítaka gefur hugmynd um legu og stærð skóglendisins, ef örnefnin eru enn kunn, sem mér er ókunnugt um önnur en Kiðalæk, sem er á merkjum Steðja og Vagla, spölkorn fyrir sunnan skógræktargirðinguna á Vöglum. Ítak Stóra Dunhaga var frá Kiðalæk að sunnan, Dunhagaklettum að ofan í lækjarfarveg að norðan og Þormóðshæð að neðan. En Fornhagaítakið var frá Kiðalæk að sunnan upp í Þormóðshæð að ofan, að Köldubrunnum að norðan og að efri Reiðgötum að neðan. Þá var Laugalandsskógur fyrir sunnan Krossastaðaá.

Þá segir Jarðabókin að á *Krossastöðum*, *Laugalandi* og *Grjótgarði* væri „skógur og víðir til eldiviðar, en lítt nýtandi til kolgerðar.“

Af þessu er ljóst, að allvíðáttumikill skógur hefir um þessar mundir verið frá Fossá og niður fyrir Laugaland, að minnsta kosti fyrir neðan brúnir, en vel má vera að hann hafi náð alllangt upp eftir fjalli, þótt ekki verði um það sagt að svo stöddu. Hvergi annars staðar er skóga getið í Glæsibæjarhreppi, nema í *Lögmanshlíð*, en þar var „skógur að kalla gereyddur, og er nú eftir einstaka lítið rífhús.“ Orðalagið sýnir berlega, að þar hafa menn þá enn minnst meiri skóga og betri.

Allverulegt skógarsvæði hefir þá einnig verið í hálsinum milli Hörgárdals og Öxnadals í landi *Staðartungu* og *Miðhálsstaða* (Missjálfsstaða), sem þá eru taldir eyðiból í Staðartungulandi, hefir skóglendið haldið áfram inneftir vesturhlíð Öxnadals.

Um *Staðartungu* segir svo: „Skógur er hér ... Mjög er hann í rýrnan en þó nægjanlegur fyrir ábúandann. Rifhrís er hér í Hálsinum ánægjanlegt til eldiviðar, ef brúkast skyldi.“ Ítök í Staðartunguskóga áttu þá: *Langahlíð*, *Hallfríðarstaðir* ytri, *Saurbær*, *Myrká*, *Bægisár* báðar og *Stórabrekka*. Ítökum þessum er ekki lýst sérstaklega, nema Syðri Bægisár skógurinn er „varla nýtandi til kolgerðar,“ og Ytri Bægisár, að hann „sé mjög eyddur og óbrúkanlegur til kolgerðar, en nýtanlegur til eldiviðar.“

Ekki er með öllu gott að átta sig á útbreiðslu þessa skóglendis, en rétt tel ég þó að rekja merki ítakanna eins og Jarðabókin lýsir þeim. Ítak Saurbæjar var frá Myrkárlág að Stigalág, en Myrkár, „frá Myrkárlág að sunnan og allt að Ytri Bægisárskóg til miðgatna (sem er leiðrétt neðanmáls í reiðgatna, sem þó er vafasamt), en fyrir ofan efstu götur eigna sér Myrkár- og Saurbæjarmenn allt á fjall upp.“ Syðri Bægisá á skóg „fyrir neðan reiðgötur milli Bakka- og Ytri Bægisárskóga allt að Yxnadalsá.“ Loks er Stórubrekku eignaður skógur fyrir utan Miðhálsstaði. Merki Hallfríðarstaðaitaks í Staðartunguskógi eru ekki nefnd í Jarðabókinni, en þau eru áður rakin hér eftir Fornbréfasafni.

Á *Skjaldarstöðum* er „skógur til kolgerðar.“ Á *Bakka* er skógur talinn eyddur til kola, „en rifhrís er þar nokkurt til léttis við eldivið.“ Sömu ummæli hefir Jarðabókin um *Auðni*, *Hraun*, *Gil* og *Syðri Bægisá*. Ekki er skóga getið annars staðar í hinum forna Skriðuhreppi, nema „rifhrís til léttingar við eldivið“ í *Búðarnesi*, á *Ásgerðarstöðum* og „hrisrif“ í *Flögu*.

Af þessu verður ráðið, að í Öxnadal og framanverðum Hörgárdal hefir skógum verið svo háttað, að allvöxtulegur og samfelldur skógur hefir verið um allan norðanverðan Staðartunguháls, og hefir hann náð Öxnadalsmegin allt inn um Skjaldarstaði. Síðan hafa verið slitróttar kjarrleifar og líklega fremur lítils vaxtar á ýmsum stöðum inn að Hrauni. Þar að auki hafa kjarrleifar verið hjá Gili,

Syðri Bægisá, og í hlíðinni milli Ásgerðarstaða og Flögu í Hörgárdal.

Í Arnarneshreppi getur Jarðabókin hvergi um skóga, nema „rifhrís nokkuð til léttis við eldivið“ á Syðri Bakka. Hefir það kjarr sennilega verið þar á ásunum.

Á Árskógsströnd hefir í þann tíma verið víðáttumikið kjarr, en líklega ekki verulegur skógur, Rifhrís til eldiviðar ýmist nægilegt, bjarglegt eða til eldiviðarstyrks er þá talið á þessum bæjum: *Kálfskinni*, *Selá*, *Birnunesi*, *Stærra-* og *Litla Árskógi*, *Krossum*, *Hellu* og *Hámundarstöðum*, eða með öðrum orðum á hverju aðalbýli, sem þá var á ströndinni fyrir utan Haga. Auk þessa var „rifhrís lítið til eldiviðar“ á *Grund* í Þorvaldsdal, en víðirif á *Kúagili*. Svo er að sjá af ummælum Jarðabókarinnar, að minnst hafi kjarrið verið á þremur nyrstu bæjunum, þar er það einungis til „eldiviðarstyrks með taði,“ en ekki er tekið neitt fram um taðið á hinum bæjunum, svo að ætla mætti, að þar hefði hrísið eitt verið nægjanlegt. Sennilegt er, að allt hið víðáttumikla mólendi á Árskógsströnd og neðanverðar hlíðar hafi um þessar mundir verið vaxið kjarri, og sennilega nokkru vöxtulegra en Jarðabókin hermir, því að víst er, að skógur til kolgerðar var á báðum Árskógunum langt fram eftir 18. öld. Og seint á 19. öld voru þar enn svo stórvaxnir runnar, að fé leyndist undir þeim (Náttúrufr. X. bls. 72).

Skóglendi Árskógsstrandar, hefir haldist lítt sundurslitið norður í Svarfaðardal yfir Hámundarstaðaháls. Á öllum bæjunum, sem næstir eru hálsinum, *Hálsi*, *Hamri*, *Hrísum*, *Skáldalæk* og *Sökku* segir Jarðabókin, að sé rifhrís til eldiviðar, bjarglegt ýmist eitt eða með taði. Sama segir um *Hofsá* nokkru innar í dalnum. Þá er „rifhrís lítið“ á *Ytra-* og *Syðra Hvarfi*, *Hjaltastöðum* og *Sælu* í austanverðum Skíðadal. Í vestanverðum dalnum, er „rifhrís með taði til eldiviðarstyrks“ á *Kóngsstöðum*, „víðirif og lítið hrís“ á *Sveinsstöðum*, en eytt er hrísrifi á *Másstöðum*. „Lítið hrísrif“ í *Tungufelli*, Einnig er lítið rif-

hrís og víðir á fremstu jörðum Svarfaðardals, *Skeiði*, *Koti* og í Hnjótafjalli í landi *Atlastaða*, en þar eiga þá *Urðir* ítak. Á *Þverá* í Svarfaðardal er „hrísrif lítið.“ Aðalskóglendi Svarfaðardals um þessar mundir hefir þó verið á Upsaströnd, þar er „skógur til eldiviðar og kolgerðar bjarglegur“ á *Sauðanesi*, *Karlsá* og *Upsum*, þó er kolaskógurinn að mestu eyddur á Upsum, auk þessa á Tjörn bjarglegan skóg til kolgerðar á *Karlsárdal*, „sem brúkast árlega“. Í *Sauðárkoti* var skógur til eldiviðar. Á ystu bæjunum í sjálfum dalnum, *Böggvisstöðum*, *Ytra-* og *Syðra Holti* er rifhrís bjarglegt eða til eldiviðarstyrks. Af þessu má sjá, að tiltölulega samfelldir skógur og kjarr hefir verið utan frá Ólafsfjarðarmúla og inn undir Tjörn.

Í Ólafsfirði telur Jarðabókin rifhrís einungis á tveimur jörðum, *Gunnólfsá* „bjarglegt til kola og eldiviðar“ og á *Skeggjabrekku* lítið. Þá er getið um víðirif til „heys og eldiviðarstyrks“ á *Reykjum* og *Hreppisá*.

Í Héðinsfirði var „rifhrís og víðir til heystyrks og eldiviðar“ á *Ámá*, *Vatnsenda* og *Vík*, en víðirif lítið er í *Hvanndölum*. Á *Ámá* er það fram tekið, að rifhrísið sé nægilegt til eldiviðar, svo að þar hefir verið um allmikið kjarr að ræða. *Möðruvellir* áttu þá ítak í Ámárland. Loks er í Siglufirði, „rifhrís mjög lítið“ á *Staðarhóli* og „víðirif til heystyrks á *Hóli*“.

Þá hefir verið rakið það, sem Jarðabókin hefir að segja um skóga innan Eyjafjarðarsýslu, og leitast við að bregða upp mynd af þeim á hverjum stað. Alls er skógarnytja getið á 66 jörðum, og skiptast þær þannig:

Skógur til kolgerðar er talinn nægilegur á 7 jörðum, bjarglegur á 2 en lítill á 6, á þessum jörðum öllum er skógur nægjanlegur til eldiviðar, en auk þess er skógur til eldiviðar á 1 jörð. Alls nefnir því Jarðabókin skóg á 16 jörðum, en telur hann auk þess eyddan á 2.

Rifhrís til kolgerðar er á 1 jörð, til eldiviðar nægilegt á 4, bjarglegt á 5, til eldiviðarstyrks á 17, lítið á 20, og eytt á 1 jörð.

Af þessu má ráða, að í byrjun 18. aldar hefir enn verið að ræða um all verulegar skógarnytjar í héraðinu, auk þeirra nota, sem af kjarrinu var til beitar og fóðurs, að ógleymdu því, hversu skógurinn, þótt lágvaxinn væri víða, hefir hlíft landinu fyrir eyðingu og uppblæstri.

Skógar í Eyjafirði um 1840

Eftir að Jarðabókinni sleppir er eyða í sögu skóganna fram um 1840. Að vísu eru til einstakar heimildir, sem ýmislegt má ráða af, þótt engin heildarmynd fáist, og erfitt sé að gera sér grein fyrir, hvernig skógunum hefir smám saman hnignað, uns þeir mega heita eyddir með öllu. Hygg ég, að lokaþátturinn í eyðingu þeirra hafi fyrst orðið í byrjun 19. aldar, eða fyrir 1820. Hér skal getið helstu heimildanna, sem ég hefi náð til milli Jarðabókar og Sóknalýsinga.

Í Ferðabók Eggerts og Bjarna (1752) er hvergi getið skóga í Eyjafirði nema kjarrs á Árskógsströnd, er enn sé notað til kolagerðar (Ferðab. II. bls. 45). Ólafur Olavíus fór um þessar sömu slóðir um 20 árum síðar. Hann getur skóga og kjarrs á Upsaströnd, og segir einnig, að skógur til kola og eldiviðar sé til í Bakka- og Bægisársóknum (Ferðab. Olav. bls. 290 og 298). Einkennilegt er að hvorug ferðabókin skuli nefna Leyningsshólaskóg, og að Olavíus skuli hvorki geta um skógana á Árskógsströnd né á Þelamörk, svo með vissu verði sagt. Hafa þó hinir síðarnefndu enn verið í allmiklum blóma lengi fram eftir öldinni, því að 1789 segir Ólafur Ólafsson síðar prófessor í Kónsbergi frá því í Ritum Lærdómslistafélagsins, að Skagfirðingar kaupi viðarkol á Þelamörk, en sumir sæki þau til Fnjóskadals (X. bindi bls. 154). Mátti hann gerla um það vita, þar sem hann var Skagfirðingur.

Þorvaldur Thoroddsen getur þess í Ferðabók sinni (I. bls. 20), án þess þó að tilgreina heimildir, að kjarrskógar hafi verið hjá Laugalandi í Hörgárdal fram um aldamótin

1800, og á sama stað hefur hann það eftir Þorsteini Daníelssyni eldra á Skipalóni, að um miðja 18. öld hefði öll þelamörk verið skógi vaxin, en skógurinn eyddist af kolabrennslu, skepnuátroðningi og illri meðferð. Menn hjuggu upp hríslur og bundu í bagga og höfðu til að hlaða kvíar og stekki, og brenndu svo það, sem nýtandi var á eftir. Ofmælt hlýtur það að vísu að vera, að öll þelamörk hafi þá verið skógi vaxin, en með tilliti til lýsinga Jarðabókarinnar, tel ég líklegt, að enn um miðja öldina hafi skógurinn verið samfeldur að mestu frá Laugalandi og fram undir Fossá. Þorsteinn var fæddur 1796, og mátti hann því vel hafa haft þessar frásagnir frá sjónarvottum.

En naumast hafa skógar þessir haldist lengi við fram yfir aldamótin 1800.

Í dagbók Jónasar Hallgrímssonar frá 1839 er talað um Miðhálstaðaskóg, sem hann segir, að sé nú að mestu horfinn, en liggi að austanverðu í Bakkahálsi, þar sem Hörgá og Öxnadalsá mætast. Ekki verður séð af samhenginu, hvort þetta er sami skógurinn og sá, er Þorlákur í Skriðu sótti í birkihríslur til gróðursetningar, en um þann skóg segir Jónas, að það sé deyjandi birkiskógur, þar sem trén - eins og algengast er - séu varla annað en rótarsprotar á gömlum stofnum (Rit J. H. III. bls. 82). Annars getur Jónas hvergi um skóga í Eyjafirði nema hrísluna í Möðru-fellshrauni. Ekki er þó leyfilegt að draga þá ályktun af þögn hans, að hvergi hafi verið kjarr á þessum slóðum, og sýna ummæli sóknalýsinganna það best.

Um 1840 lét Bókmenntafélagið safna saman sóknalýsingum um land allt að undirlagi Jónasar Hallgrímssonar. Var það undirbúningur að Íslands lýsingu þeirri, er hann hugðist semja. Í spurningum þeim, er Jónas samdi og sendar voru prestum landsins, var ein um skóga, svohljóðandi:

„Hverir eru þar skógar, hversu stórir og hversu góðir? fer þeim fram eða aftur, og hvað veldur því? Vex þar nokkur annar viður (til a. m. reyniviður) og hvar og hve mik-

ill?“ Þar sem svo nákvæmlega er spurt, mátti ætla, að allglöggst yfirlit fengist um útbreiðslu skóglendis og ásigkomulag að þessu sinni. Má og segja, að svör prestanna í Eyjafjarðarsýslu gefi góða hugmynd um hversu komið var. Frá sama tíma og sóknalýsingarnar er Jarðatal Johnsens. Þar er í brauðalýsingum allvíða getið um skógarnytjar og tek ég þessar tvær heimildir hér saman. Verða sóknarlýsingarnar raktar hér orðrétt að mestu.

Hvanneyrarsókn. Kvistlendi er lítið í Siglufirði, en meira í Héðinsfirði.

Kvíabekkjásókn. Engir eru hér skógar, og enginn annar viður en allar víðitegundirnar og lítið eitt af *Betula alba* [rifhrísi] og *Betula nana* [fjalldrapa], sem brúkast til kolagerðar.

Tjarnarsókn. Enginn skógur er í honum (Svarfaðardal) nokkurs staðar að finna, nema á stöku stað lítið eitt af fjalldrapa.

Jarðatalið segir um Tjörn, hrísrif á Karlsárdal er orðið að litlu liði. Bendir það til þess, að það hafi þó ekki verið með öllu horfið.

Stærta Árskógssókn. Á þessari tíð eru hér engir sannir skógar, heldur fjalldrapa hrísviður, sem stórum hnignar, blæs jörð upp árlega æ meir í mosa og holt en gras þverrar ... Viðartegund vex heldur engin önnur utan ef nefna skyldi víði, sem einnig er í þverrun.

Möðruvallaklausturssókn. Á Þelamörk er mjög mikið af smáviði og gráviði, en enginn er þar skógur framar, sem nokkur spíta fáist í, því þó þar sé af búendum gert til kola, eru þau úr tómun fjalldrapa og víði. ... Enginn skógur er hér heldur til, því sá litli skógur, sem var fyrrum til á þeim parti Þelamerkur, sem liggur undir þessa sókn, er nú enginn orðinn, en fjalldrapi er þar og gráviðir töluverður, sem áður er sagt. Einstök reyniviðarhrísla er sögð í gili nokkru fyrir framan Fornhaga, og hefir bóndinn sama staðar plantað af henni kvisti heima hjá sér.

Myrkársókn. Sörlatungudalur brúkaður ... til afréttar

á sumrum grasatínings og kolviðarrífs, sem þó fer allt árlega minkandi. Dalur þessi hefir til forna verið skógi vaxinn, einkum á suðaustursíðuna, sem nú er næstum gereyddur af manna og hallæra tilverknaði. Nú er ekki eftir nema holt og hrjónur með einstöku smákviststönglum Á norðaustansíðunni (í Hörgárdalnum?) hafa skógarnir verið meiri nema í afdölum, þar sem enn veitist lítilvægi af ... kolavið eins og hinumegin. (Síðasti hlutinn virðist eitthvað úr lagi færður annaðhvort af misskrift eða mislestri á handriti). Jarðatalið segir svo um Myrká: Skógarpartur staðarins í Miðhálssstaðalandi í Öxnadal er gersamlega upprættur, og eins viðarrífið í Búðarnesslandi, en í dal nokkrum mílum vegar að heiman er ... hrísrif lítið eitt til kola og fjalldrapi. Mun þar átt við Sörlatungudal.

Bakkasókn. Í Hólunum hjá Hrauni er hér og hvar skógviður og einismárunnar. Litlir sem engir skógar eru þar (í sókninni) nú, að fráteknium litlum skógarleifum í Miðhálssstaðaskógi, sem fyrir skemmri tíma en einum mannsaldri var nokkurnveginn í blóma, ekki þó að sönnu utan góður kolaskógur, þó af birkiviði. Nú er þar hrjóstrugt holtlendi með fáeinum berbeinum á stangli. Skógur þessi, sem aðrir meina menn mest hafi eyðilagt fyrir rúmlega hálfum mannsaldri í þeim svokölluðu Móðuharðindum, þá menn í fóðurskortu skepna sinna urðu handa þeim til bjargar skóginn á klakanum að höggva, hvörs vegna stofnana kól til dauða, en sá nýgræðingur, er síðan kom upp, hefir jafnótt til kola höggvinn verið, þar í þessari sókn er skortur á öðrum kolaviði. Þó er á fáeinum stöðum í henni ennþá nokkur hrísviður til dengsliskola heimabrukunar, líka lítið eitt af rauðvíði og grávíði, svo sem til að taka á Auðnum og Hrauni, einnig á síðarnefndri jörð sjást litlar minjar af skógi. Reyniviður finnst þar enginn. Ennfremur segir svo: Þverá og Hólar, lítið viðartak á dalnum. Gloppa, Gil og Varmavatnshólar, hrístak nokkurt.

Bægisársókn. Enginn skógur eða annars slags viður, svo sem reyniviður etc., utan dálítið af fjalldrapa og víði.

Jarðatalið segir að skógarpartur staðarins hinum megin Öxnadalsár sé gereyddur, og verði aðeins notaður til beitar.

Hrafnagilsprestakall. Í þessum sóknum finnst enginn skógviður að fráteknunum einstaka hríslum í árgljúfrum, og ekki heldur reyniviður, nema einstaka hríslur plantaðar af mönnum, og eitt fjarska stórt og yfrið gamalt reyniviðartré í Möðrufellshrauni, sem nú er farið að visna. Einnig má finna lítið eitt af smáfjalldrapa.

Miklagarðs- og Hólasóknir. Hvergi finnst skógviður í þessum sóknum utan lítið eitt í Leyningshólum, hvar fyrri var allgóður skógur, en sést nú aðeins óvíða í smáskákum og brekkum. Um ítök Saurbæjar segir svo: litlar skógarleifar í Cecilíuhöfða í Leyningshólum, og eru nú að þeim skógi lítil sem engin not. Jarðatalið segir að af þessu ítaki sjáist nú litlar eða engar minjar, en önnur skógarítök Saurbæjar eru fyrir manna minni liðin undir lok.

Af lýsingum þessum er augljóst, að skógar og kjarr hefir að mestu verið horfið úr Eyjafirði um 1840, og ásigkomulagið í þeim efnum líkt og vér minnumst þess frá upphafi þessarar aldar. Í fljótu bragði séð, virðist sem eyðingin hafi gengið furðu ört, þegar lítið er á hversu mikið kjarr og skógar voru hér í byrjun 18. aldar og áreiðanlega lengi fram eftir henni. En frásögn Þórsteins á Lóni og lýsing Bakkasóknar gefa oss fulla skýringu á því, hvernig á þessu stendur. Miskunnarlaust og fávíslegt högg og síðan beit hefir riðið skógunum að fullu á skömmum tíma. Vafalítið er að Móðuharðindin hafa stuðlað mjög að því að svona fór, eins og sóknarlýsingin bendir á, en síðan hafa aldamótaharðindin rekið á smiðshöggið. Siglingateppa og illt árferði þrengdi þá svo að fólki, að reynt hefir verið að nota öll jarðargæði eftir því sem framast var kostur. Það kjarr, sem ekki var nytjað til kolagerðar hefir verið höggvið og rifið til að bjarga búpeningi í vetrar og vorharðindum, og loks hefir sauðartönnin séð fyrir nýgræðingnum, sem gæðist upp milli hinna gömlu fauska. Þetta er raunasaga, en vafasamt er þó, hvort vér getum kveðið upp áfellisdom

yfir forfeðrum vorum fyrir það. Vér megum enn vera þess minnugir, að ekki eru nema rúmir þrír tugir ára liðnir frá því, að fjalldrapi var hvarvetna, þar sem hann fékkst, rifinn til drýginda kúafóðri eftir grasleysissumarið 1918, og mundi þá ekki líkt hafa farið með kjarraleifar, ef til hefðu verið. Enda vitum vér fullvel, að þegar að sverfur, er engu hægt að hlífa, er bjarga þarf lífi fólks og fénaðar. Þá afsökun hafa forfeður vorir, er þeir eyddu skógarleifunum, því að ekki gátu þeir treyst á fóðurbæti né aðra hjálp en þá, sem náttúran veitti þeim.

IV. SKÓGALEIFAR Í EYJAFIRÐI NÚ.

Svo er almennt talið, að Eyjafjarðarsýsla sé skóglaut hérað með öllu. Ekki er það að vísu bókstaflega rétt, þótt litlar séu nú minjar hinna eyfirsku skóga. Birki hefir fundist á allmörgum stöðum um héraðið, einkum í árgiljum og öðrum friðuðum stöðum, og sýnir útbreiðsla þess það ljóslega, ásamt skráðum heimildum, að héraðið hefir allt verið skógi vaxið til forna. Vil ég nú rekja það, sem mér er kunnugt um fundarstaði birkis og kjarraleifa í Eyjafjarðarsýslu.

Eini skógurinn, sem velli hefir haldið í öllu héraðinu, er skógurinn í *Leyningsshólum*. Skógurinn liggur í hlíðarbrekkum suður og upp frá bænum Leyningi og suður undir Torfufellsá. Ekki er þar þó um samfelt skóglendi að ræða, heldur er skógurinn í torfum og autt land á milli. Sunnan að skógartorfunum liggja örfoka melar, og er sýnilegt, að þar hefir uppblástur fylgt fast eftir, þegar skógurinn hefir eyðst. Var honum mikil hætta búin af uppblæstri, enda höfðu torfurnar gengið saman í tíð núlifandi manna. Skógræktarfélag Eyfirðinga lét girða mestan hluta þessa skóglendis á árunum 1937-1938. Flatarmál hins girta svæðis er um 50 ha, en af því eru um 35 ha alvaxnir skógi. (Til samanburðar má geta þess, að Vaglaskógur í Fnjóskadal

er 250 ha). Skógarleifarnar í Leyningshólum voru þegar fyrir friðunina einstaklega vöxtulegar. Mátti ljóslega á þeim sjá, að þar var eðlisgóður birkistofn. Trén eru furðubeinvaxin og mörg einstofna, sem fátítt er í ófriðuðu beitarkjarri. Síðan girt var, hefur skógurinn tekið verulegum framförum, og nýgræðingur breiðst út um holt og mela, og það sem mest er um vert, að uppblásturinn er stöðvaður, viðnám og nýgróður er hafinn í stað eyðingar.

Á austanverðum *Garðsárdal* eru nokkrar kjarrleifar, lágvaxnar að vísu, en hafa tekið nokkrum framförum síðari árin.

Í *Garðsárgili* milli bæjanna Hóls og Garðsár hefir geymst allvöxtulegt kjarr, sem gilið hefir verndað gegn ágangi manna og búfjár. Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk þar land nokkurt til umráða, og lét þá girða (1932) 4 ha svæði á gilbarminum að norðanverðu. Var þar þá skóglaust með öllu, en vafalaust hafa smáplöntur verið þar á víð og dreif, því að fræ fýkur þangað úr kjarrinu í gilin. Brátt tók nýgræðingurinn að vaxa, og nú er allmikið af svæði þessu alvaxið þróttmiklum ungskógi. Eru mörg trén á þriðja metra á hæð, en nákvæmar mælingar eru ekki fyrir hendi. Garðsárgilsbirkið er mjög fallega vaxið og óvenjulega stórblöðótt.

Í *Munkapverárgili* og *Núpárgili* vex nokkuð af birki, en ekki er mér fullkunnugt um, hvort þar er um samanhagandi birkikjarr að ræða. En þetta eru síðustu leifar skóganna á Mjaðmárdal og Sölvadal og Gnúpufellsskóga.

Sumarið 1941 fann ég örlitlar birkileifar skammt fyrir innan túnið á *Tjörnum* í Eyjafjarðardal. Var það sýnilega leifar af gömlu kjarri en ekki nýgræðingur.

Á *Þelamörk* vex allmikið birki á ýmsum stöðum í *Krossa-staðarár-* og *Fossárgiljum*, en varla er þar nokkurs staðar um samfelld kjarr að ræða. Þar á milli ána, á hinum gömlu skógarsvæðum vex víða mjög smávaxið birki, en ekki lyftir það sér yfir fjalldrappann og lyngið. Einna þéttastar voru leifar þessar í brekkunum fyrir sunnan og neðan

Vagla og hét þar enn *Vaglaskógur* á all stóru svæði. Árið 1934 lét Skógræktarfélagið girða þar um 12 ha svæði, en seldi síðar Skógrækt ríkisins girðinguna.¹⁾ Brátt tók birkið að teygja upp kollinn, og eru nú vöxtulegir runnar víðsvegar um allt svæðið. Sumir þeirra eru allt að 3 m háir. Sýnir þetta dæmi, hversu lífseigar gamlar skógarleifar eru, og hve fljótt þær komast á legg, þegar friðunin er fengin, ef um góðan stofn er að ræða.

Af hinum fornu skógum í *Staðartunguhálsi* er nú ekki annað eftir en örsmáar hríslur á víð og dreif umhverfis Miðhálsstaði og út eftir hliðinni og hálsinum, eru þær með líkum hætti og á Vöglum. Einnig eru einstakar hríslur í gili Öxnadalársár. Þá hafa og smáleifar birkis fundist skammt fyrir norðan *Bakkasel* í Öxnadal. Í Hörgárdal vex birki í nokkrum árgiljum: hjá *Sörlatungu*, í *Tunguár*- og *Fornhagagiljum*.

Í *Kúgilsheiðum* í Þorvaldsdal hefur birki fundist,²⁾ og á þessum stöðum í Svarfaðardal: *Syðra Hvarfi*, *Sælugili*, *Klængshóli*, *Kónsstöðum*, *Hrafnstöðum*, *Böggvisstaða*-

1) Til þess að félagið gæti girt Leyningshóla.

2) Þegar að því var komið, að grein þessi færi í prentun, tjáði Ármann Dalmannsson mér, að hann hefði að beiðni Skógræktarfélagsdeildarinnar á Árskógsströnd litið á svæði, sem birkileifar fyndust á að Grund í Þorvaldsdal. Þar eru allmiklar leifar smávaxins birkis einkum fyrir innan svonefndan Grundarlæk. Þar og í Kleifarlandi fann hann einnig reynivið á 3 stöðum. Greinar þær, er hann sýndi mér voru þroskalegar og blaðstórar. Í ritgerð sinni um Gróður á Árskógsströnd, getur Ingólfur Davíðsson ekki þessara leifa, og mundi hann þó sennilega hafa gert það hefði honum verið kunnugt um þær þá, þótt þær liggi utan þess svæðis, sem ritgerðin fjallar aðallega um. Ekki er þeirra heldur getið í Héraðsflóru Eyjafjarðar. Þykir mér því sennilegt, að teinungar þessir hafi teygst sig úr grasi, síðustu árin, en Grund hefir nú verið í eyði um alllangt skeið, og öll byggðin sauðlaus síðan í fyrra haust. Bendir þetta til, að fljótt taki hið eydda kjarr við sér, þegar beit minnkar eða hverfur, svo lengi sem nokkrir rótarsprotar finnast í jörðu. Þá skýrði Ármann mér einnig frá, að hann hefði í sumar fundið nokkrar birkiplöntur á litlu svæði í landi Botns í Hrafnagilshreppi. Er þar sennilega um sjálfsáinn nýgræðing að ræða, og getur frá hafa borist úr gördunum á Stokkahlöðum eða Hrafnagili.

dal og *Karlsárseta*. Ekki er mér kunnugt um hvort þarna er nema um einstakar hríslur að ræða nema á Kóngsstöðum og í Karlsárseta. Á Kóngsstöðum eru sundurlausar kjarraleifar á víð og dreif um allstórt svæði austan í hálsinum fyrir utan og ofan bæinn. Víðast hvar er kjarr þetta lágt og bælt af beit og snjóþyngslum, en sums staðar í lautabörðum voru runnar þó á annan metra á hæð þegar kjarrið var friðað árið 1941 að tilhlutun Skógræktarfélags Eyfirðinga, er hið girta svæði um 20 ha. Ekki er mér kunnugt um, hverjum framförum kjarr þetta hefir tekið eftir friðunina, en miklu virtist það vera seinna á sér í því efni fyrstu árin en kjarrið í Vaglareitnum og voru leifarnar þó miklu vöxtulegri en þar þegar girt var. Í *Tungunni* í Svarfaðardal hafði verið gisið birkikjarr fram um síðustu aldamót en nú er það horfið með öllu.

Í Ólafsfirði er birki á *Kvíabekk*, *Skeggjabrekku* og *Ytri Á*. Í hlíðinni út með firðinum fyrir utan *Á* vex víða þétt birkikjarr í lautardrögum og grunnum giljum, þar sem skýlt er. Er það að vísu bælt og kræklótt, og óvíða meira en mittishátt. Ókunnugt er mér um útbreiðslu þess á hinum stöðunum.

Á *Víkurdal* í Héðinsfirði er dálítið samfelld kjarr, en jarðlægt að mestu. Einnig er samfelld kjarr og stakir runnar í vesturhlíð Héðinsfjarðar inn með vatninu og lengra inn eftir. Loks eru stakar hríslur og smárunnar á *Skútudal* í Siglufirði. Allar þessar leifar í nyrstu byggðarlögum héraðsins eru lágvaxnar, víða jarðlægar og kræklóttar. Er birkið beygt af snjóþyngslum og skemmt af beit. En er og órannsakað mál, hvort hið lágvaxna kjarr, er vex í snjóþungum útkjálkabyggðum kunni eigi að vera sérstakt afbrigði, sem ekki getur myndað regluleg tré. Ég tel því vafasamt, hvort þarna hafi nokkru sinni verið verulegir skógar, en fullvíst má telja, að til forna hafi neðanverðar hlíðar verið alvaxnar hinu lága kjarrvaxna birki. Þá hefi ég talið það, sem mér er kunnugt um skógarleifar í Eyjafirði, eins og þeim er nú háttað. Það er ekki

mikið að vöxtum, en nægilegt þó, ásamt rituðum heimildum og örnefnum, til að sanna, að til forna hefir héraðið verið vaxið kjarri eða skógum frá ystu nesjum til innstu dala. Um það tala kræklurnar á Skútudal, hjá Bakkaseli og Tjörnum svo skýru máli að ekki verður um villst.

NÍÐURLAGSORÐ.

Að lokum býst ég við, að einhver kynni að spyrja, hvort hægt væri að benda á nokkrar orsakir öðrum fremur til þess, hversu mjög skógar hafa eyðst í Eyjafirði, og það áreiðanlega meira en í mörgum héruðum öðrum, þar sem skilyrði skógagróðurs eru engu betri, eða jafnvel lakari, einkum þegar þess er gætt, að óvíða á landinu hafa trjáræktartilraunir borið betri árangur en hér. Vitanlega er erfitt að leysa úr þessu, en þó vildi ég benda á nokkur atriði.

Hér að framan hefir verið getið um hið mikla veðuráfall, sem eyddi skóginum hjá Möðruvöllum 1607, og nokkrum orðum farið um hver áhrif illt árferði hafi haft á skógana. En slíkt hefir ekki verið neitt einsdæmi um Eyjafjörð, og engar líkur til, að veðráttufar hafi fremur eytt skógum í Eyjafirði en annars staðar á landinu. Hitt mun sanni nær, að skógarnir hér hafi eyðst af of mikilli notkun og óhyggilegri meðferð skóglendisins. Ganga má að því vísu, að notkun skóganna hefir snemma orðið sérstaklega mikil í Eyjafirði. Héraðið varð snemma fjölbyggt, og þar risu upp mörg höfuðból, sem ríkir höfðingjar sátu löngum með fjölmenni. Vafalítið er, að þeir hafi húsað vel bæi sína, en þá þurfti mikils við um eldsneyti, er langeldar voru kyntir í miklum salakynnum og til matseldar mörgu fólki. Hefir því fljótt gengið á skóginn, en mikill búpeningur, sem gekk á þröngu landi, sá ráð fyrir nýgræðingnum. Tel ég lítinn vafa á, að hin mörgu stórbýli hafi orðið skóginum sérstaklega hættuleg. Þá er og víst um svo þéttbýlt hérað, að snemma hefir þurft mikinn við til kolagerðar.

Voru skógar snemma svo þrotnir innan héraðs, að sækja þurfti skógarnytjar til Fnjóskadals. Mikils þurfti og við til húsagerðar, bæði á höfuðbólum og smærri býlum. Vafalítið er, að birki hefir verið notað mikið til raftviðar, a. m. k. í útihús. Þegar hefir verið getið ummæla Eggerts Ólafssonar um birkivið í húsum á Möðruvöllum. Í máldaga Hrafnagils frá 1461 er getið þar 6 útihúsa með nýjum birkiviði. (Í f. V. 317). Þess minnst ég einnig að hafa séð mikið af birkiröftum í gömlum útihúsum á Þelamörk, og stundum jafnvel mikinn hluta viðar. Þessi dæmi, þótt fá séu, benda ótvírætt til, að ekki hefir birkið verið sparað til raftviðar meðan það var fánlegt. Nokkuð mun birki einnig hafa verið notað í aðrar smíðar. Þannig tekur próventumaður, er réðist til Munkaþverárklosturs 1487, fram, að hann skuli hafa á hendi trésmíðar og járnsmíði á staðnum að undanskildu birkismíði, (Í. f. VI. 684). Þegar þannig var gengið á skógana, var náttúrulega fyrst höggvinn sá skógurinn, er stórvaxnastur var, en ekkert grætt í staðinn, og fénaðurinn sá um nýgræðinginn, er skaut upp kollinum. Var því ekki að undra, þótt svo færi sem raun er á orðin.

En til hvers er að rifja þetta allt upp, mun einhver spyrja. Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar að benda á, hversu fer um gæði landsins, ef þau eru rányrkt. Margra alda rányrkja hefir breytt víðáttumiklum skóglendum í blásna mela, berar skriður og brunaholt. Vitneskjan um þetta hvetur til varfærni í meðferð náttúrugæða. En hins vegar er upprifjan þessarar sögu hvatning til þeirrar kynslóðar, er nú lifir, til þess að gjalda landinu aftur þá skuld, er vér stöndum í við það fyrir rányrkju genginna kynslóða. Sú skuld verður einungis goldin með því að rækta nýjan skóg og græða hin gömlu sár á þann hátt. Og einmitt sagan sýnir oss, að þetta er engin fjarstæða, þar sem skógur hélt velli öldum saman allt um hina verstu meðferð, er einsætt að hann muni geta vaxið á ný í skjóli friðunar og kunnáttu um meðferð hans.

En vér þurfum ekki einungis að leita sögulegra röksemda í því efni. Um síðastliðin 50 ár hafa trjáræktartilraunir á Akureyri og víðar í héraðinu sýnt ótvírætt, að tré geta náð hér góðum þroska. Og sú reynsla bendir oss einnig á nýjar brautir. Hún bendir oss á, að vér eigum ekki að leggja kapp á að rækta einvörðungu birkiskóga, heldur hefja ræktun barrskóga, furu, grenis og lerkis. Þau tré verða miklu stórvaxnari og afurðameiri en björkin getur nokkru sinni orðið, og skógræktin er og á að vera fremur öllu öðru hagnýt ræktun.

Sennilegt þykir mér, að ræktun birkis og friðun birkiskóga verði í framtíðinni aðallega til þess að skýla ungvíði barrtrjánna og búa í haginns fyrir landnám hinna nýju skóga. Þeir sem kynnu að efast um, að barrviðir geti náð þroska hér í byggðarlagi, ættu að skoða gróðurreitinn á Grund í Eyjafirði og barrviðarbrekkuna í Gróðrarstöðinni á Akureyri. Má þó fullyrða, að lítt hafi verið til vandað um val þeirra plantna, er þar voru gróðursettar í fyrstu.

Öld sú, er vér lifum á tók við héraðinu alrúnu skógarklæðum sínum. Fyrri hluta aldarinnar höfum vér verið að þreifa fyrir oss um hversu vér mættum veita því klæðnað þann að nýju. Nú að öldinni hálfnaðri má segja, að fastur grundvöllur sé fundinn, og vér vitum nú hvað gera skuli, þ. e. að hefja ræktun barrviða í stórum stíl. Ráðstafanir hafa verið gerðar um uppeldi trjáplantna til undirbúnings stórfeldari ræktun en áður hefir reynd verið. Harmsaga eyfirskra skóga á að vera oss hvöt til þess að nota af kostgæfni þann aldarhelming sem nú er að hefjast svo vel, að 20. öldin skili héraði voru með vöxtulegum barrskógum, er færa næstu kynslóð arð og ánægju. Með því einu verður hinna fornu skóga hefnt.

HEIMILDARRIT:

1. Árbækur Íslands eftir Jón Espólín VIII. deild.
2. Björn Halldórsson: Grasnytjar, Khöfn 1783.
3. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson: Ferðabók II., Rvík 1943.
4. Ingimar Óskarsson: The Vegetation of Hrísey, Rvík 1930.
5. Ingimar Óskarsson: Héraðsflóra Eyjafjarðar, í Lýsingu Eyjafj., Ak. 1949.
6. Ingólfur Davíðsson: Gróður á Árskógsströnd, Náttúrufræðingurinn X. Rvík 1940.
7. Íslenzkt fornbréfasafn I.-XII. bindi.
8. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. X. bindi.
9. Johnsen J.: Jarðatal á Íslandi. Khöfn 1847.
10. Jónas. Hallgrímsson: Rit III. b. Rvík 1933.
11. Klemenzen Jónsson: Grund f Eyjafirði. Rvík 1923-1927.
12. Ljósvefninga saga. Rvík 1896.
13. Olavius, Olaus: Oeconomisk Reyse. Khöfn 1780.
14. Ólafur Ólafsson: Um ljáadengslu, Rit Lærdómslistafél. X. bindi. Khöfn 1790.
15. Sóknalýsingar Bókmenntafélagsins, Hdr. í Landsbókasafninu.
16. Stefán Stefánsson: Föð til Héðinsfjarðar og Hvanndala, Andvari 18. ár.
17. Sturlungasaga, I. og IV. bindi. Rvík.
18. Svarfdæla saga. Rvík 1898.
19. Sæmundur Eyjólfsson: Ferð um Þingeyjar- og Múlasýslur, Búnaðarrit 8. ár.
20. Valla-Ljóts saga, Rvík.
21. Víga-Glúms saga. Rvík 1897.
22. Þorvaldur Thoroddsen: Árferði á Íslandi, Khöfn 1916-1917.
23. Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók I., Khöfn 1913.

ÁSKORUN.

Ég vil beina þeirri ósk og áskorun til allra þeirra, sem rit þetta fá í hendur, ef þeim er kunnugt um fleiri fundarstaði birkis og meira um útbreiðslu þess í Eyjafirði en frá er sagt í ritgerð minni hér á undan, að þeir láti mér þær upplýsingar í té munnlega eða skriflega. Ennfremur það, sem þeim kunni að vera kunnugt um sagnir af skógum í héraðinu, sem nú eru horfnir. Örnefni er benda á skóga og yfirleitt allt, sem til fróðleiks kynni að vera um skóga í Eyjafjarðarsýslu umfram það, sem sagt er í ritgerð þessari.

Steindór Steindórsson frá Hlöðum.

Guðmundur Ólafsson.

Við sáumst fyrst á mótum Skógarmanna.
Og milli okkar fáorð kynning varð.
En mér er þó, sem misst ég hafi granna.
Og manni færra verji ættargarð.

Því skógarhilling óþekkt svipmót setur,
á sveitina, sem myndar varnarhring.
Og sóknarfleyg og göfgi málsins metur,
en miðar ekki störf við ávinning.

Og því varð hver einn kærri ýmsum kunnum,
þó hversdagsstörfín skyldu okkur að.
Að til var mál, sem allir jafnt við unnum,
án eigingirni, hver á sínum stað.

Nú gjóstar fast um bera stokka og steina,
og strengur kaldur inn um skarðið fer,
því traustur stofn úr röðum Birkibeina,
að brjóstum fósturmoldar hniginn er.

Þó kynslóð okkar beri að leiðarlokum
og lágur gróður enn sé miður sín.
Þá mun það sjást ef saman bökum þokum,
að síðarmeir, á græddar lendur skín.

Á hæstu sumri eftir auðnu manna,
ber andvarinn af hæðum gróðurregn.
Á ungviðið slær gliti gróindanna
það geymir fyrirheit um vaxtarmegn.

Og viðir rísa úr fönn og frera storku,
í firna hæð, sem storkar hverjum byl.
Þeir rækta þjóð, sem fórnar afgangsortu,
og enda nokkru meira, þurfi til.

Og þó við föllum hér frá höfnu verki,
sem hálfur sigur raunar löngum er,
þá lyftu arfar aftur föðurmerki,
með auknum styrk í margfölduðum her.

Þá anga blóm þar áður stirndi á steina
og stormahlé sem fyrrum næddi svalt.
Því fáliðaður hópur Birkibeina
þá búinn er að vinna landið allt.

Ketill Indriðason.

Ályktun Búnaðarþings um skógræktarmál á 50 ára afmæli þess á Egilsstöðum á Völlum.

Búnaðarþing kom saman á hálfrar aldar afmæli sínu að Egilsstöðum á Völlum hinn 1. og 2. september 1949. Þangað var boðið formanni Skógræktarfélags Íslands, Valtý Stefánssyni, og flutti hann þar erindi og áskorun um samstarf milli búnaðarsamtakanna og skógræktarfélaganna. Var máli hans mjög vel tekið af öllum þingheimi. Ræða hans er birt í októberhefti Freys 1949, svo að ekki þykir ástæða til að endurprenta hana hér. En ályktun Búnaðarþings fer hér á eftir, eins og hún var samþykkt af Búnaðarþingi með 24 samhljóða atkvæðum.

„Búnaðarþing, haldið að Egilsstöðum á Völlum dagana 1. og 2. september, lítur svo á:

að skógræktin geti verið mikilvægur þáttur í ræktunarmálum landsins, til jarðvegsverndunar, landgræðslu og skjóls fyrir annan verðmætan nytjagróður. og að takast megi - er tímar líða - að framleiða gagnvið til mikilla hagsbóta og eflingar efnalegs öryggis fyrir landsmenn.

Búnaðarþing lítur svo á, að ræktun gagnviðarskóga hér á landi sé mjög merkilegur og þýðingarmikill þáttur í hagnýtingu á gróðurskilyrðum landsins, og að með þeirri starfsemi sé lagður grundvöllur að nýjum atvinnurekstri með þjóð vorri.

Með tilliti til þessa lýsir Búnaðarþing yfir stuðningi við skógræktarstarfsemina og vill beita sér fyrir því, að stjórn Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsamböndin og hreppabúnaðarfélögin hafi ávalt náð samstarf við Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands, um hvers konar fyrirgreiðslu og stuðning, er miðar að eflingu skógræktar.“

Að loknum hádegisverði hinn 1. september bauð Skógrækt ríkisins þingfulltrúum og gestum þingsins upp að Hallormsstað, þar sem menn fóru um skóginn síðari hluta dags, en síðan var sest að ágætum kvöldverði þar á staðnum. Skógræktarstjóri skýrði frá starfinu á Hallormsstað, en formaður Búnaðarfélags Íslands þakkaði boðið og sagði, að förin að Hallormsstað mundi boðsgestum lengi minni stæð.

HÁKON BJARNASON:

Skýrsla um störf Skógræktar ríkisins 1949.

Árið 1949 voru kr. 525.000,00 veittar til framkvæmda Skógræktar ríkisins og kr. 5.500,00 til greiðslu á vöxtum af lánum. Af fé þessu gengu kr. 80.000,00 til þess að greiða halla ársins 1948, en hann stafaði af frádrætti þeim, sem fjármálaráðuneytið fyrirskipaði síðla á árinu 1948 samkvæmt heimild í fjárlögum. Voru þá kr. 445.000,00 eftir af fjárveitingunni, en af því varð að greiða fastar afborganir ýmissa lána, röskar kr. 60.000,00. Var því fjárhagurinn ærið þröngur, og varð því enn að grípa til þess að fá kr. 50.000,00 sem fyrirframgreiðslu af væntanlegri fjárveitingu ársins 1950. Til skrifstofukostnaðar voru veittar kr. 30.000,00, en hann fór nokkuð fram úr áætlun, og varð að greiða mismuninn af framkvæmdafé.

Styrkur til skógræktarfélaga nam kr. 125.000,00 og var það kr. 25.000,00 herra en árið áður. Ríkissjóður greiddi því kr. 685.500,00 til skógræktar á þessu ári, auk launa til fastra starfsmanna, en það mun alls hafa numið um kr. 141.158,00 með launauppbótum,

Eins og víða hefur verið frá skýrt, snýst aðalstarf Skógræktarinnar nú um að auka uppeldi barrtrjáa, og hafa öll önnur störf verið látin sitja á hakanum sakir þessa. En til þess að koma þessu starfi áfram, verður að koma upp stórrí gróðrarstöð, sem getur alið upp og afhent eina til tvær milljónir plantna árlega. Tumastaðir í Fljótshlíð voru keyptir árið 1944 undir gróðrarstöð. Síðan hefir öll-

um fjármunum, sem kostur hefir verið á, varið til þess að koma þar upp nauðsynlegum byggingum, brjóta land, ræsa fram og gróðursetja skjólbelti. Nú hefir verki þessu miðað svo, að þar er komið íbúðarhús, þar sem tvær fjölskyldur búa, gróðurhús, sem er röskir 200 fermetrar að flatarmáli, verkfærageymsla, 90 fermetrar að stærð, 5 kílóvatta rafstöð, og verið er að ljúka húsi fyrir verkafólk, sem er 153 fermetrar og á geta hýst um 20 manns. - Í fyrravor var fyrst dreifplantað í stöðina að nokkru ráði, og nú eru til þar yfir milljón plöntur, sem bíða útplöntunar næsta vor. - Enn er eftir að byggja plöntugeymslu, frægeymslu og auka verður við verkfærageymslur. Svo verður og að byggja fleiri gróðurhús áður en langt um líður, og er ætlunin að bæta við 100 fermetra húsi á þessu ári. Fyrir því er stofnkostnaði stöðvarinnar enn ekki lokið, þó að mikið sé frá. Og vorið 1951 ættu fyrstu plönturnar að geta farið úr stöðinni, og upp frá því ætti rekstur stöðvarinnar að geta orðið stöðugur. Bygging stöðvarinnar hefir gengið hægara en skyldi, og er engu öðru um að kenna en fjárskorti. Ef unnt hefði verið að leggja meira til stöðvarinnar í upphafi, hefði stofnkostnaður hennar bæði orðið minni en ella, og auk þess væri hún farin að senda frá sér plöntur.

Hæstu útgjaldaliðir Skógræktar ríkisins voru um kr. 140 þúsund til gróðrarstöðvanna, kr. 70 þúsund til endurbóta á girðingum, kr. 60 þúsund til gróðursetningarstarfa, kostnaður vegna dvalar Norðmannanna kr. 22 þúsund, viðhald, fasteigna kr. 17 þúsund. Tekjur urðu kr. 12 þúsund af plöntusölu, kr. 12 þúsund af skógarhöggi og um kr. 8 þúsund af ýmsu öðru. Halli af rekstri jarðýtunnar nam kr. 11 þúsund sakir þess, að óhæfilegan tíma tók að útvega ýmsa varahluti. En þetta verkfæri er áður búið að draga góðan skilding í bú.

FRIDUN SKÓGLEND.

Engar girðingar voru settar upp á árinu nema um 600 metra löng bráðabirgðagirðing um plöntur þær, sem settar

voru í Straumshraunin á Reykjanesi. Eins og getið var um í fyrra, voru um 1000 sitkagreniplöntur settar niður í hálfgróið hraun í Straumslandi, og nú í vor var þessari tilraun haldið áfram með því að setja þar enn 1000 sitkaplöntur og 1000 aðrar barrplöntur. Gróðursetningin frá því vorið 1948 tókst vel og plönturnar döfnuðu mjög vel sumarið 1949 þrátt fyrir óvenju stutt og erfitt sumar. Og mjög var eftirtektarvert, hve miklar breytingar urðu á gróðrinum innan girðingar við eins árs friðun. Einkum tóku nokkrar grastegundir miklum framförum á þessum skamma tíma. Slík dæmi sýna, hve mikil áníðsla er á hinum rýra gróðri Suðurnesja, þótt daglega verði ekki vart við mikinn fjárfjölda á þessum slóðum.

Endurbætur á girðingum urðu all miklar. Snjóþungt var um Suðurland, og vestanvert Norðurland er líða tók á vetur, og sliguðust margar girðingar. Í Haukadal í Biskupstungum fór girðingin í kaf á löngu svæði, og um 6 vikna skeið varð að stugga fé á brott frá girðingunni á hverjum einasta degi. Að öðrum kosti hefði fé rásað á hjarni inn í girðinguna, en þar eru um 2000 þroskamiklar skógarfurur frá 1943, sem hefðu verið bitnar upp til agna, ef þær hefðu ekki verið varðar. Og í sambandi við þær skemmdir, sem urðu á barrgróðri á Laugarvatni og í Hagavík af sauðbeit, er nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort sauðfjáreigendur megi sleppa fé sínu á hjarnbreiður eftirlitslaust, er það getur rásað óhindrað yfir girðingar annarra og valdið stórspjöllum, án þess að þeir þurfi að bera ábyrgð á því tjóni, sem það veldur. Í Hagavík var beint fjárhagslegt tjón milli kr. 20 og 30 þúsund, sem eigandi Hagavíkur mun sennilega verða að bera bótalaust. Í Haukadal mun varslan hafa kostað um kr. 2000,00 til þess að verja jafnmargar furur. Gróðursetning barrviða getur aldrei orðið almenn, fyrr en þeir, sem gróðursetja, hafa jafnan rétt í þjóðfélaginu og sauðfjáreigendur. Á Laugarvatni urðu hrapalegar skemmdir fyrir handvömm eina, og voru margar skógarfurur étnar upp til agna, þótt sumar hefðu náð nærri

tveggja metra hæð á 11 árum. Laugarvatnsskólinn hyggst nú að bæta þetta með stórfeldri gróðursetningu á næstu árum, og hefur hann gert samning um þetta við Skógrækt ríkisins.

Samkvæmt skýrslum skógarvarðanna, urðu víða all miklar skemmdir á girðingum, og var mikið verk og töluverður kostnaður við að bæta úr skemmdunum. En auk þess eru margar af gömlu girðingunum svo úr sér gengnar, að þær verður að bæta á næstu árum. Ennfremur verður að koma upp fáeinum nýjum girðingum um lönd, sem keypt hafa verið undanfarin ár. Hér að neðan verður birt yfirlit um þær, sem mesta nauðsyn ber til að lagfæra og ekki er kostur á að draga lengi án þess að það, sem áunnist hefur, fari að níðast niður.

Síðla árs var Skógrækt ríkisins gefinn kostur á að eignast jörðina Hafursá í Vallahreppi á Fljótsdalshéraði fyrir kr. 100.000,00, er greiðast skyldu með kr. 10.000,00 jöfnum árlegum afborgunum. Jörðin er næsta býli utan við Hallormsstaðaskóg, og því liggja lönd jarðanna saman. Tilraunastöð hefir verið rekin á Hafursá um nokkurra ára skeið, en sú stöð var flutt að Skriðuklausti á s. l. vori. Talið var rétt að ganga að þessu boði, einkum af tvennum ástæðum. Önnur var sú, að skógarvörðurinn á Hallormsstað telur, að svo framarlega sem beit verði aflétt af útjörð Hafursár. muni landið gróa með birkiskógi á fám áratugum, bæði af gömlum rótum og eins af fræi úr Hallormsstaðaskógi.

Þarf því engu til að kosta nema girðingu. Hin ástæðan til að ráðist var í jarðakaupin er sú, að komist jörðin í einkaeign, hlyti kaupanda að vera nauðugur einn kostur að koma upp miklu sauðbúi, jafnvel stærra en jörðin gæti að skaðlausu borið, ef kaupverðið væri yfir kr. 100.000,00, en þá hlytu jafnframt að verða miklir erfiðleikar á því að halda Hallormsstaðaskógi fjárlausum. Væri það goðgá mesta að láta elsta friðaða skóglendi landsins, annað hvort spillast af beit, eða þurfa að kosta bæði fé og tíma til að

verja skóginn langt skeið. Svo voru og enn önnur atriði, sem mæltu með kaupum Hafursár, t. d. landþrengslin á Hallormsstað, húsakosturinn á Hafursá og fleira.

Eins og fjárhag ríkisins er nú háttað, er varla unnt að ráðast í friðun nokkurra skóglenda né verja nokkur lönd þótt brýn nauðsyn væri. Þannig hafa árlega komið óskir um að girða spildu í Aðaldalshrauni, þar sem uppblásturinn er að færast sunnar með hverju árinu og stór lönd eru í hættu. Þessum óskum hefur enn ekki verið unnt að sinna. Samt sem áður verður ekki hjá því komist, á þessu eða næsta ári, að endurbæta eftirtalдар girðingar um þessa skóga og lönd. Aftan við hvert skóglendi er áætluð lengd girðingarrinnar, sem gera verður upp að nýju.

Vatnaskógur	3100	metrar.
Búðahraun	3500	-
Skuggabjörg	3000	-
Þórsmörk	5500	-
Garður í Fnjóskadal	600	-
Vaglir á Þelamörk	200	-
Fosselsgirðing	1000	-
Grund í Eyjafirði	300	-
Norðtungugirðing	<u>2000</u>	-

Samtals 19200 metrar.

En af nýjum girðingum verður að koma þessum upp:

Hafursá	3000	metrar.
Straumur	13000	-
Miðhálstaðir	<u>3000</u>	-

Samtals 19000 metrar.

Með núverandi verðlagi munu endurbæturnar ekki nema undir kr. 2500 á kílómetur, en um kr. 4000 á hvern kílómetur nýrrar girðingar, Alls þarf því tæpar kr. 50 þús. til nauðsynlegustu endurbóta, en um kr. 76 þúsund til nýrra girðinga.

VIÐARHÖGG.

Skógarhögg var svipað á Hallormsstað og undanfarið, en hins vegar all miklu meira á Vöglum en venja hefir verið. Skógarhöggið á Vöglum hefir gefið sæmilegar tekjur, enda er mun auðveldara að koma viðarafurðum þaðan á markað heldur en frá Hallormsstað.

Viðarhöggið nam:

Í Hallormsstaðaskógi	31,9 tonnum
Í Vaglaskógi	175,1 -

Samtals 207 tonnum

Viðurinn skiptist þannig eftirnytjum:

Eldiviður og reykingaviður	159,0 tonn
Efniviður	21,5 -
Staurar 500, renglur	5,4 -
Viður til kola	21,1 -

Ekki var unnt að koma neinu skógarhöggi við í Þórðarstaðaskógi á s.l. ári sakir þess, að jörðin stóð í eyði eitt ár, og því erfitt að halda fólk þar við skógarhögg einvörðungu. Nú hefir jörðin verið byggð á ný, og verður þá hafin grisjun þar á næstu árum, en hennar er mjög mikil þörf til þess að ungskógurinn geti náð eðlilegum þroska. Í skóginum við Jafnaskarð var og grisjað töluvert til þess að ryðja frá hinum ungu barrplöntum, sem þar hafa verið gróðursettir. Þeim viði er ekki unnt að koma í verð sakir erfiðleika á flutningum.

Vöxtur birkisins í Hallormsstaðaskógi og Vaglaskógi er nú orðinn svo hraður og trén standa yfirleitt svo þétt, að nauðsyn ber til að grisja þessa skóga mun meira en áður hefir verið gert. Verður að gera þetta, hvort sem unnt er að selja viðinn eða ekki. Takist ekki að selja allt, sem fellur, þá hlýtur grisjunin að hafa nokkurn kostnað í för með sér. Verði grisjunin hins vegar ekki framkvæmd og skotið á frest sakir kostnaðar, verður ekki unnt að fá upp gild og góð tré í þessum skógunum.

Með góðri grisjun má ætla, að þeir, sem búa hér á landi eftir hálfa öld, geti haft 15-18 metra háa birkiskóga fyrir augum á þessum slóðum og notið þeirra nytja, er svo háum trjám fylgja. Að öðrum kosti má búast við að birkið nái ekki meira en 10-12metra hæð að jafnaði, er það vex upp í flækju, og slík tré verða miklu síður notuð til smíða eða gagnviðar. Til þess að Hallormsstaðaskógur, Vaglaskógur og Þórðarstaðaskógur, ásamt nokkrum öðrum skógum, geti orðið fallegir og stórvaxnir birkiskógar að 50 árum liðnum, má ekki skjóta stórfeldri grisjun lengur á frest. Þá má ekki samtímis hugsa um, hvort sá viður, er felldur er, sé allur markaðsvara, eins og gert hefir verið fram að þessu.

GRÓÐRARSTÖÐVAR.

Á Tumastöðum var haldið áfram að reisa nauðsynlegustu byggingar, svo sem síðar mun lýst. Ennfremur var keypt gler í 100 fermetra gróðurhús og all mörgum vermireitum komið upp. Í stöðina var ekið um 100 bílhlössum af sandi auk áburðar, og land tætt og unnið til þess að nægilega stórt land verði hæft undir dreifplöntun vorið 1950. Dreifplöntunarbeiðin vorið 1949 voru um 5 þúsund fermetrar, og með því plöntumagni, sem nú er til, ætti að þurfa um 20 þúsund fermetra undir dreifplöntun næsta vors. Ennfremur voru sett niður skjólbelti, og því starfi verður að halda ótrautt áfram um næstu ár.

Gróðrarstöðin á Vöglum var starfrækt eins og venjulega, en þar er nú óvenju lítið af plöntum í bili sakir mikilla vanhalds á ungviði haustið 1948 og þurrkanna vorið 1949. Elstu reitirnir eru orðnir leirkenndir og ófrjófir, og fyrir því var ekið miklum mó í þá s.l. ár. Munu þeir komast aftur í sæmilega rækt á næsta ári.

Á Hallormsstað var nýju svæði bætt við stöðina og dreifplantað í það í fyrsta sinn á þessu ári. Er það um 2500 fermetrar. Samtímis var rutt 1300 fermetra svæði, sem

dreifplanta má í vorið 1950. Þrátt fyrir þessar viðbætur munu afköst gróðrarstöðvarinnar ekki aukast verulega fyrir en að þrem eða fjórum árum liðnum, sakir þess, að elstu reitirnir þrír verða að liggja í tröð eitt ár, jafnskjótt og þeir losna undan þeim plöntum, sem þar eru. Hallormsstaðastöðin er nú orðin um 10 þúsund fermetrar.

Sakir hins kalda vors og miklu þurrka, sem gengu í byrjun vaxtartímans, urðu margvísleg vanhöld í öllum gróðrarstöðvunum, einkum þó á þeim plöntum, sem dreifsettar voru. Vöxtur þeirra varð og minni en venjulegt er, enda var sumarið með allra skemmsta móti sunnanlands. en norðanlands og austan var miðbik sumarsins mjög svalt. Þar bætti úr, að haustið var bæði langt og gott.

Við samanburð á þessum töflum og töflum fyrra árs, kemur í ljós, að sáning barrfræs er nú miklu meiri, og dreifsetning hefur meir en tvöfaldast. Hins vegar komu um 50 þúsundum færri plöntur úr stöðvunum til gróðursetningar heldur en 1948. Og sakir þess, að dreifsetningin varð minni árið 1948, heldur en árið 1947, munu færri plöntur koma úr stöðvunum vorið 1950 en 1949. Má ekki búast við nema um 130 þúsund plöntum vorið 1950, þegar gulvíðir er undanskilinn. En um hann hirða menn mjög lítið, þrátt fyrir að nota megi hann til skjóls og prýðis.

Vorið 1951 má hins vegar búast við mjög mikilli aukningu á framleiðslunni, og koma þá bæði sitkagreni og lerki á markaðinn svo að um munar. Þó skal þess getið, að ekki er unnt að mæla með lerkinu til gróðursetningar, þar sem mikil úrkoma er.

GRÓÐURSETNING.

Hingað var flutt, eins og undanfarin ár, töluvert af barrplöntum frá Norður-Noregi, og voru þær gróðursettar í ýmsum skóglendum. ýmist á vegum Skógræktar ríkisins, skógræktarfélaganna eða einstaklinga.

Spoločnosť v pridružení domna 1050.

[illegible]

Plöntur afhentar úr gróðrarstöðvunum vorið 1949.

	Hallormsst.	Vaglir	Tumast.	Samtals
Birki	28600	71500	4200	104500
Reynir	7100	700	1800	9600
Gráreynir	„	„	700	700
Þingvíðir	6200	300	1700	8200
Gulvíðir	500	400	„	900
Ribs	1800	100	150	2050
Sólber	„	„	500	500
Laxaber	„	„	550	550
Spírea Douglasi	„	„	700	700
Sitkagreni	10200	„	700	10900
Samtals ..	54400	73000	11000	138400

Alls komu hingað 155 þúsund barrplöntur, og skiptust þær þannig eftir tegundum: - Skógarfura frá Maalselvdal og nokkrum öðrum stöðum í Tromsfylki, samtals 90 þúsund. Skógarfura frá Nordlandsfylki, alls 10 þúsund. Fururnar voru flestar þriggja ára. Rauðgreni, 30 þúsund samtals, frá Rognan og Troms, en öll sömu ættar, - frá norðurmörkum grenisins í Noregi. Þessar plöntur voru fjögurra ára. Ennfremur, komu 12 þúsund tveggja ára lerki, af rússneskum uppruna, frá Hakaskoja í Bogradskihéraði í Rússlandi. - Og loks komu 13 þúsund tveggja ára einstofna fjallafuruplöntur, en óvíst er um uppruna þeirra. Þá kom einnig nokkuð af runnum og öðrum trjáplöntum, alls um 5 þúsund.

Til dreifingar fóru því alls hér á landi um 300 þúsund plöntur vorið 1949, og var það svipað magn og árið áður.

Um gróðursetningu þá, sem fram fór á vegum Skógræktar ríkisins, skal þetta tekið fram:

Í Þjórsárdal voru settar 1000 skógarfurur í mjög ófrjótt og lítt gróið land, inn á milli hraunhóla, suður af Reykholti. Þetta var aðeins gert í tilraunaskyni, til þess að sjá, hvort yfirleitt sé unnt að gróðursetja í þess konar land. Samtímis



Sitkagreni á Tumastöðum. Gróðursett 1944.

Ljós. Garðar Jónsson.

var sáð 1,5 kg af furufræi á sama stað og í sama tilgangi. Verður vikið að sáningunni síðar.

Á Tumastöðum voru sett niður 200 sitkagreni og 1500 rauðgreni í brekkuna norðaustur af bænum. Áður höfðu verið sett hér 800 sitkagreni árið 1944 og nokkuð af rauðgreni árið 1948. Sitkagrenin hafa þrífist með ágætum og allmörg hafa náð meters hæð, en sum meira, á 5 árum.

Í Haukadal í Biskupstungum önnuðust Norðmennirnir alla gróðursetningu. Skýrt er frá starfi þeirra í síðasta Ársriti og vísast til þess, sem þar er ritað. Hér skal aðeins talið upp það, sem sett var niður. - Í Svartagilshvamm voru sett 2000 sitkagreni. Í Miðhlíðina voru sett 3500 rauðgreni, 1500 lerki, ásamt nokkrum sitkagreniplöntum. Þetta var gróðursett milli brauta þeirra, sem Maalselvfuran var sett í árið 1943, í belti, sem er 50 metra breitt og um 700 metrar á lengd, eða alls um 3,5 hektarar. Skógarfura var sett niður í holtið norður af Marteinshver, alls um 6050 plöntur, en þar hafði áður verið sett niður rauðgreni, og var furan sett inn á milli þess, þar sem þessi staður var ekki talinn nógu góður undir greni. Í Haukadal var sáð töluverðu af furufræi.

Í Hagavík voru settar niður 2700 barrplöntur í landareign dr. Helga Tómassonar, hinn 15. júní, er Norðmennirnir voru á leið til Þingvalla.

Á Þingvöllum voru sett niður 2500 rauðgreni og 3000 skógarfurur, nálægt Ölkofrahól, rétt við stað þann, þar sem gróðursettar voru 25000 plöntur vorið 1948. Hinn 17. júní voru 150 sitkagreni og um 1200 rauðgreni sett í austurbarm Almannagjár, skammt norður af furulundinum.

Við Efri-Reyki í Biskupstungum voru settir niður 1000 barrviðir á vegum Skógræktar ríkisins.

Í Straumshrauni voru settar 1000 sitkagreniplöntur, 500 rauðgreni og 500 skógarfurur hjá stað þeim, sem gróðursett var í vorið áður. Sú gróðursetning hefur tekist vonum framar, og plönturnar frá 1948 stóðu ágætlega haustið 1949, þrátt fyrir afar kalt og slæmt vor og sífelda norðanþræsinga fram í miðjan júní, og þrátt fyrir mikið næturfrost aðfaranótt 6. september. Lengd vaxtartímans í Straumshrauni hefur ekki verið nema um 80 dagar milli vor og haustfrosta, og er þetta alveg óvenju skammur tími, því að jafnaði mun hann vera um 120 dagar á þessum slóðum. Samt hefur þetta ekki valdið neinum sýnilegum spjöllum enn sem komið er. Í Jafnaskarðsskóg voru gróðursett

3000 rauðgreni. 4200 skógarfurur og 900 einstofna fjallafurur. Í fyrra voru einnig sett þarna 3000 rauðgreni, og er nú markið að halda áfram að setja barrviði niður á þessum stað á næstu árum, enda virðist sem vaxtarskilyrði séu þar mjög ákjósanleg. Nokkur þúsund furuplöntur voru settar niður á ýmsum stöðum á Vesturlandi, í girðingar skógræktarféлага og annara. Þær plöntur, voru allar gróðursettar af sjálfboðaliðum.

Í Reykjahólsgirðingu í Skagafirði voru settar niður 5000 skógarfurur, en 2500 furur í fjórar aðrar girðingar.

Í Vaglaskógi gróðursettu Norðmennirnir 3700 rauðgreni, 3600 skógarfurur og 3000 lerki, og var þetta sett skammt frá því svæði, sem gróðursett var í vorið áður. Alls hefur nú verið sett í um 5 hektara samfelt land á þessum stað í Vaglaskógi, en áður hafði verið sett fura í nokkra hektara lands utar í skóginum. Jafnhliða plöntuninni í Vaglaskógi, voru settar niður 5000 skógarfurur og 500 greni á Sellandi hjá Sigurði O. Björnssyni á vegum Skógræktar ríkisins, en alls setti hann niður 9200 furur og 700 greni á þessu eyðibýli, sem hann hugsar sér að græða með skógi. Skógræktarfélag Eyfirðinga setti niður 9500 skógarfurur og 2200 rauðgreni, og var mest af því sett í Vaðlaheiðargirðinguna. Þar lögðu Norðmennirnir og liðsinni sitt við gróðursetninguna. Frá Vöglum voru sendar 750 skógarfurur að Höfða í Mývatnssveit.

Á Hallormsstað voru aðeins sett niður 500 sitkagreni til reynslu. Sakir þess, hve úrkoma er lítil efst á Fljótsdalshéraði, er mjög vafasamt að sitkagreni geti náð góðum þroska. Eiga þessar plöntur, ásamt nokkrum hundruðum, sem sett voru þar 1938, að skera úr um þetta er tímar líða. Vöxtur sitkagrenisins frá 1938 hefur verið mjög hægur, og er öðru varla um að kenna en of lítilli úrkomu. Þó er hugsanlegt, að of mikill skuggi kunni að eiga nokkurn þátt í hinum hæga vexti.

Auk þessa, sem hér hefur verið frá sagt, hafa margir einstaklingar og félög sett niður all mikið af plöntum vor-

ið 1949. Um sumt er getið er getið í skýrslum skógræktarfélaganna, en annað kemur hvergi fram.

Sú gróðursetning barrviða, sem fram hefur farið undanfarin þrjú ár, og er beint framhald af starfi því, sem aðeins var byrjað á 1936 og haldið var áfram til 1939, er í sjálfu sér ekki neitt stórvirki. Þetta er miklu frekar aðdragandi og upphaf að því, sem verða á. Gróðursetningin hefur verið eins konar tilraun um það, hvernig haga eigi gróðursetningu í enn stærri stíl. Ýmis konar mistök hafa orðið við gróðursetninguna, og af þeim hefur meðal annars komið skýrt fram: - Þar sem vandað hefur verið til gróðursetningarinnar eftir föngum, og nákvæmni og vandvirkni gætt í hvívetna, heppnast gróðursetningin vel. Þótt gróðursetning trjáplantna sé mjög einfalt starf og auðlært, er alveg ótrúlegt, hversu margir eiga erfitt með að leysa hana vel af hendi. Fljótþærni og kæruleysi, eða þá leti manna og sofandaháttur við störfin, kemur fram í vanhöldum þeim, sem á plöntunum verða á fyrsta og öðru ári. Af þessum ástæðum er ekki unnt að fela öðrum gróðursetningarstörf en vandvirku fólki, sem fengið hefir nokkra tilsögn og æfingu áður. Og sakir þess er mjög vafasamt, hvort nota skuli skólabörn til mikilsháttar gróðursetningar, eins og margir hafa hampað og haldið fram. Skólabörn eiga aðeins að setja niður plöntur til þess að læra nákvæmni og vandvirkni við þessi störf, svo að þau kunni þau síðar meir, er þau hafa nóga krafta í köggjum til þess að valda plöntuhaka nokkrar klukkustundir í senn. Það eitt er líka alveg nóg ástæða til að kenna sem flestum unglingum að fara með og hirða plöntur. Til þess að þetta megi verða, þurfa kennararnir að vera leiðbeiningarstarfi vaxnir, en það fæst ekki nema með því að koma föstum námskeiðum á fót við Kennaraskólann.

Í sambandi við gróðursetninguna má og geta nokkurra tilrauna, sem gerðar hafa verið með sáningu á furufræi á víðavangi. Vorið 1948 voru rispaðar nokkrar rákir í lyngmóa í Haukadal, svipað því, sem gert er fyrir birki-



Sitkagreni á kvíabólinu í Múlakoti. Gróðursett 1940.

H. B.

fræsáningu en þó nokkru minni. Þar var sáð norsku furufræi á sama hátt og sáð er birkifræi. Þarna uxu upp ágætar plöntur fyrsta sumarið, og urðu rætur þeirra upp í 10-15 sentímetra langar. Fyrir því er ástæða til að halda, að furuplönturnar verjist holklakanum eigi verr, og jafnvel betur, heldur en ársgamlar birkiplöntur. Þessar plöntur komu ágætlega undan snjó vorið 1949, og það sumar tóku þær alveg eðlilegum framförum.

Vorið 1948 var líka sáð nokkru furufræi á skurð bakka á Tumastöðum. Þar var rótarlaus jarðvegur, og þótt plönturnar kæmu vel upp, varð hávaðinn af þeim holklakanum að bráð. Þó lifa allmargar enn, og eitthvað kemst á legg. En það er sýnilegt, að sóa þarf mjög miklu fræmagni, ef sáð er í slíkt land. Þess vegna var ekki frekar að gert með sáningu í þess konar land.

Hins vegar þótti sáningin í Haukadal gefa svo góða raun, að hún var endurtekin á miklu stærra svæði. Og nú var

landið búið undir sáningu á ýmsan hátt. Sumu af fræinu var sáð með sömu aðferðum og árið áður, í smárispur í lyngmóa. Öðru fræi var dreift yfir alveg óhreyfða móa til að ganga úr skugga um, hvort jarðvinnsla væri yfirleitt nauðsynleg á slíku landi. Enn fremur var lyng og gras sviðið af nokkru svæði, og fræinu síðan sáð í öskusár. Sást það strax á miðju sumri, að fræið spíraði vel með þessum hætti. Loks var mikið land brotið með diskherfi, og voru það lyng- og grasmóar, þar var sáð furufræi í rastirnar eftir diskana. Og enn fremur var ofurlitlu af fræi sáð á mel, sem var að byrja að gróa upp. Auk sáninganna í Haukadal var sáð furufræi í Þjórárdal og við Selland í Fnjóskadal. Nú munu næstu ár skera út um, hvort slíkar ræktunaraðferðir takist og þær, sem hér hafa verið reyndar. Um árangurinn skal engu spáð, en úr því að sá má furufræi á svipaðan hátt í Noregi, þá væri ekki undarlegt þótt koma mætti furu til að vaxa með einfaldari sáningaraðferð hér á landi. Kostnaður við sáningu er mjög lítill. Ekki þarf nema milli eitt og tvö kíló fræs á hvern hektara lands, svo að aðalkostnaðurinn verður vinnan. En nægi að sviða lyng og gras, eða að nota diskherfi, þá getur kostnaður á hvern hektara lands aldrei numið miklu.

BYGGINGAR OG VEGIR.

Á Tumastöðum var reistur bústaður fyrir verkafólk, en þar mun þurfa að hýsa um 20 manns á vorin, þegar stöðin er komin á rekspöl. - Þetta hús er 17×9 metrar með eldhúsi, matsal og svefnklefum ásamt snyrtiherbergjum og geymslu. Er það einlyft og kjallaralaust, hlaðið úr vikurholsteini, með lágu risi og járnklæddu þaki. Húsið er vandað í hólfi og gólf.

Á Hallormsstað var sett miðstöð í bústað skógarvarðarins, en hann býr í gömlu timburhúsi, er byggt var milli 1880 og 1890. Var það að vonum mjög köld vistarvera, og

hefur samtímis þessu verið gert við glugga og húsið þéttað eftir föngum.

Í Haukadal var aukið við viðleguhús, sem þar er, til þess að unnt sé að hýsa þar menn við gróðursetningu á vorin, og í skóginum við Jafnaskarð var einnig hafist handaum byggingu lítils skála. Hann er $4,5 \times 4,5$ metrar á steinsteypum grunni.

Til vega og vegaviðhalds var ekki varið nema um kr. 5000, og er það miklu minna en nauðsyn krefur. Vegakerfið á Vöglum og Hallormsstað er nú svo úr sér gengið að til vandræða horfir. En það er erfitt að láta gera mikla vegi eða vegabætur, þegar önnur enn nauðsynlegri störf, svo sem stækkun gróðrarstöðvanna, þurfa alla fjármuni er lausir liggja.

FERDIR.

Eftirlitsferðir voru með svipuðu móti og undanfarin ár. Skógræktarstjóri fór nokkrar ferðir til eftirlits í mars og apríl, til ýmissa staða á Suðurlandi, til þess að skoða beitarskemmdir á barrtrjám og barrplöntum. Hinn 7.-25. júní, var hann á ferðalagi með Norðmannahópinn, sem kom hingað til lands, en Norðmennirnir settu niður plöntur í Haukadal, Hagavík, á Þingvöllum, Vöglum, Sellandi og í Vaðlaheiðarbrekkur. Í júlí og ágúst fór hann venjulega eftirlitsferð norður og austur á land, og í þeirri ferð var öspin á Fáskrúðsfirði skoðuð og ráðstafanir gerðar til þess að friða hana. Síðari hluta ágústmánaðar fór hann að Tumastöðum, í Þjórsárdal og Haukadal, og í ágústlok aftur austur að Hallormsstað til þess að sýna Búnaðarþingi og gestum þess Hallormsstaðaskóg. Hinn 20. september fór hann vestur á firði til þess að halda fundi með skógræktarfélagum þar, og voru alls haldnir 6 fundir á þessum stöðum: - Þingeyri, Núpi, Flateyri, Suðureyri, Búðardal og Vatneyri. Og í október var haldinn fundur með Skógræktarfélaginu Mörk á Síðu.

Skógarvörðurinn á Austurlandi fór engar ferðir nema í Fáskrúðsfjörð til þess að athuga betur útbreiðslu asparinnar.

Skógarvörðurinn á Norðurlandi leiðbeindi við gróðursetningu að Laugum, Fjalli í Aðaldal og Sellandi. Hann fór og nokkrar ferðir um Þingeyjarsýslur til girðingaeftirlits.

Skógarvörðurinn á Vesturlandi var í Noregi við skógræktarstörf frá því í mars og fram í júní, en vann síðan við gróðursetningarstörf á ýmsum stöðum í Borgarfirði í júní. Síðari hluta júlí fór hann eftirlitsferð til Vestfjarða, en um Snæfellsnes og Dali í september.

Skógarvörðurinn á Suðvesturlandi hafði eftirlit með gróðursetningu og fór eftirlitsferðir að Haukadal, Þingvelli, Hagavík og Efri-Reykjum.

Skógarvörðurinn á Suðurlandi var fararstjóri þess hóps Íslendinga, sem til Noregs fór í skiptum fyrir Norðmennina, og dvaldi þar í þrjár vikur. Hann fór tvær eftirlitsferðir að Skarfanesi, þrjár á Þórsmörk og eina ferð í Þjórsárdal.

ÝMISLEGT.

Vorið 1949 var mjög stirt, og vetur hafði verið mjög snjóþungur um mikinn hluta landsins. Þetta varð til að seinka ýmsu og olli miklum aukaútgjöldum sakir girðingaviðhalds.

Laufgunartími birkis var um 17. júní á Suðvesturlandi, um 21. júní í Vaglaskógi og 23. í Hallormsstaðarskógi. - Lauffall hófst um Borgarfjörð strax upp úr 6. september, og öll blöð voru fallin hinn 20. Skógurinn á Vöglum hóf ekki að fella lauf fyrr en 15. september, og varð ekki blaðlaus fyrr en í septemberlok. Á Hallormsstað stóð lauffall yfir 10. til 15. október, og er slíkt óvenju-seint.

Vaxtartíminn hefir því verið um 110 dagar á Hallormsstað, um 90 dagar á Vöglum, en varla meir en 85 á Vestur-

landi, sem mun óvenju stutt á þeim slóðum. Næturfrostið 6. september mun hafa átt drjúgan þátt í því, að svo varð.

Fræ á birki var lítið. Í Bæjarstaðaskógi fékkst ekkert fræ, en í hlíðunum inn af skóginum tókst að ná í nokkra poka. Í Hallormsstaðaskógi varð fræs varla vart, og svo hefir verið um mörg undanfarin ár. Sama máli gegnir um Vaglaskóg. Hins vegar var mjög mikið fræ á kjarri víða um Borgarfjörð.

Skógarmaður gerði lítið vart við sig. Þó sáust nokkur merki hans bæði á Vöglum og Hallormsstað. Nú er orðið svo langt síðan að síðustu maðkaár voru, að búast má við þeim aftur á næstu árum.

All mikið var af lerkikönglum í Hallormsstaðaskógi og á Akureyri. Fræið virtist vera þroskað að eðlilegum hætti allt fram í ágústbyrjun, en þá kom mikið kuldakast um miðjan mánuðinn, og mun það að líkindum hafa skemmt allt fræið. Að minnsta kosti er engum öðrum sýnilegum orsökum til að dreifa. Rauðgrenitrén við Jökullæk á Hallormsstað báru þroskaða köngla, en enn hefir ekki verið gerð athugun á spírun þess fræs.

Árssprotar barrtrjáa voru með allra styttesta móti. Þó náði unga lerkíð á Hallormsstað ágætum lengdarvexti. Sitkagrenið setti fremur stutta sprota, og liggur næst að kenna það bæði kulda og þurrki. Samt sem áður komst það vel fram úr vorkuldum, og toppkal var miklu fátíðara en við hefði mátt búast.

Þá hefir nú verið getið hins helsta, sem unnið hefir verið hjá Skógrækt ríkisins árið 1949, og skal staðar numið, þótt margt annað mætti tína til.

Minningarorð.

Í Ársritum Skógræktarfélags Íslands undanfarin ár hafa oft verið birtar minningargreinar um þá menn, sem lagt hafa skógræktarmálum liðsinni sitt. Nú er það svo, að sá hópur stækkar jafnt og þétt, sem lætur sig mál þessi varða og leggur mikið af mörkum til þeirra í verki eða á annan hátt. Jafnframt því er það ljóst, að Ársritið getur ekki haldið þeim sið að birta langar minningargreinar. Hins vegar er bæði ljúft og skylt að minnst manna sem stutt hafa málefnið, en framvegis verður það aðeins gert á skemmri hátt en áður.

Gunnlaugur Kristmundsson

Ástæða væri, til að rita lengra mál um ævi og starf Gunnlaugs Kristmundssonar en rúm Ársritsins leyfir. Með ævi hans lauk merkilegum þætti í uppgræðslumálum landsins. Með árvekni, þrautseigju og bjargfastri trú á málstaðinn innti hann meira starf af hendi í þágu lands og þjóðar en flestir samtíðarmenn hans. Fyrir atbeina hans munu milli 30 og 40 þús. hektarar ógróins eða lítt gróins lands klæðast gróðri á nýjan leik á næstu árum eða áratugum, en slíkt er álíka stórt að flatarmáli og öll samanlögð ræktun landsmanna var til skamms tíma, eftir 1000 ára



Gunnlaugur Kristmundsson.

búsetu í landinu. Og ef vel verður búið að þeim arfi, sem Gunnlaugur skildi eftir, munu óbornar kynslóðir geta notið góðs af handaverkum hans um alla framtíð.

Gunnlaugur er fæddur hinn 26. júní, 1880 á Þverá í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann var barnakennari að mennt en lærði síðan verklega sandgræðslu á Jótlandi. Hann tók að starfa að sandgræðslu hér á landi árið 1907 og hélt því starfi áfram til ársins 1947, er hann lét af störfum. Lengst af hafði hann jafnframt á hendi barnakennslu á vetrum, enda voru störfin framan af frekar umsvifalítill. En á þeim árum fékk Gunnlaugur mikla reynslu og þekkingu á gróðri og uppgræðslu, og á því byggði hann síðar allt sitt starf, er verkefnin ukust og stækkuðu.

Gunnlaugur Kristmundsson var að eðlisfari óeigingjarn maður, sem barðist fyrir góðum málstað og göfugri hugsjón alla ævi. Tvennt var það, sem hann harmaði mikið. Annað var að honum skyldi ekki hafa gefist kostur á því að helga sandgræðslunni alla krafta sína löngu fyrir en það varð.

Hitt var að hann taldi sig skorta nægilega mikla undirbúningsmenntun og náttúrufræðilega þekkingu. Og sjálfsagt hefði hann fengið ýmislegu fleiru til leiðar komið, ef hann hefði ekki farið á mis við þetta tvennt. En hann var líka mjög heppinn á annan hátt, sem ekki má gleyma.

Gunnlaugur var, eins og áður er sagt, hinn þrautseigi, árvökuli og iðni starfsmaður, en hann var ekki baráttumaður að sama skapi. Þess vegna varð það bæði honum og öllu sandgræðslustarfinu mjög mikið happ, er Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri tók upp samstarf við hann og barðist fyrir sandgræðsluna út á við, á hinum pólitíska vettvangi. Fyrir samstarf þeirra tveggja varð sandgræðslan viðurkennd sem nauðsyn og snar þáttur í ræktunarstarfi þjóðarinnar, og upp af því samstarfi spruttu síðar allar meiri háttar framkvæmdir sandgræðslunnar.

Gunnlaugur Kristmundsson lést hinn 19. nóvember 1949 eftir stutta legu en langvarandi vanheilsu. Með honum féll í valinn einn hinn vandaðasti maður til orðs og æðis.

Matthías Thorsteinsson.

Fyrir um það bil 8 árum reit ég grein í dagblað um skilyrði fyrir ræktun barrtrjáa og sitthvað fleira. Skömmu síðar fékk ég bréf frá Matthíasi Thorsteinsson í Detroit, þar sem hann sagði í fáum línunum, að sér hefði verið ánægja

að lesa greinina og kvaðst jafnframt senda mér bók um skógrækt, sem hann taldi að mér mætti að gagni koma. Og upp frá þessu varð ekki lát á bókastraumnum frá Matthíasi. Sendi hann mér nú nærri reglulega eina og tvær bækur á mánuði, og með þessum bókum sendi hann hingað nýjar og góðar hugmyndir, hvatningu og þekkingu, sem hefur orðið starfsemi skógræktar á Íslandi að ótrúlega miklu gagni. Þótt ég skrifaði Matthíasi alloft og þakkaði bókasendingar og leitaði jafnframt eftir því, hver þessi vinur okkar væri, fékk ég fáar upplýsingar um hann sjálfan og ekkert um hagi hans. En mér virtist svo, að þegar ég sendi nærgöngular spurningar, þá kæmu fleiri bækur frá honum en vant var.

Að Matthíasi látnum fékk ég þessar upplýsingar um ævi hans frá konu, er þekkti hann mjög vel. Matthías fæddist hinn 31. ágúst 1887 að Hjalteyri. Foreldrar hans voru Þorsteinn Einarsson frá Brú á Jökuldal og síðari kona hans Jóhanna Matthíasdóttir frá Holti í Reykjavík. Þriggja ára



Matthías Thorsteinsson

að aldri fluttist hann með foreldrum sínum suður í Borgarnes ólst þar upp hjá þeim fram um fermingaraldur, er móðir hans dó. Faðir hans fluttist þá til Reykjavíkur með son sinn, en þar dó hann tveim árum síðar. Eftir það dvaldist Matthías um skeið hjá móðurbróður sínum, Matthíasi í Holti. Hann gerðist síðan starfsmaður hjá Edinborgarverslun í Reykjavík skömmu eftir að hún var stofnuð, og þar var hann uns hann fluttist vestur um haf. Settist hann fyrst að í Winnipeg og var þar um 7 ára skeið við verslunarstörf.

Eftir þetta flutti hann alfarinn til Bandaríkjanna, þar sem hann settist að í Detroit og vann sem deildarstjóri hjá stóru mjólkursöluhúsi.

Árið 1920 kvæntist hann Soffíu Lárusdóttur frá Stykkishólmi og áttu þau einn son, Carl að nafni, sem nú stundar nám við háskólann í Manitoba. Konu sína missti Matthías árið 1939.

Matthías var bókhneigður mjög, tryggur og vinfastur og kátur mjög í vinahópi. Hann andaðist í Detroit hinn 5. apríl 1950.

Guðmundur Ólafsson.

„Skjótt hefur sól brugðið sumri“ munu margir þeirra hafa hugsað, sem tóku þátt í aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Þingvöllum nú í vor, er þeir fréttu lát Guðmundar Ólafssonar röskum tveim vikum eftir fundinn. Að vísu urðu sumir varir við, að Guðmundur gekk ekki heill til skógar, en í viðmóti var hann jafn hýr og hlýr og á fyrri fundum.

Þótt daglegt starf Guðmundar lægi fjarri trjám og skógum var áhugi hans fyrir hvorutveggja mikill og óþreytandi. Fyrir mörgum árum reisti hann sér sumarhús í fæðingarsveit sinni og hóf þar myndarlega trjárækt. Hann lifði

það, að sjá trén hækka og þroskast, svo að nú er blettur hans einn hinn fegursti á þeim slóðum. Skógræktarfélagi Íslands reyndist Guðmundur hin mesta hjálparhella og studdi það oft með góðum gjöfum. En hann vildi aldrei að slíkt kæmist í hámaeli.

Eftir að Skógræktarfélag Reykjavíkur var stofnað tók hann sæti í varastjórn þess. Var hann fulltrúi félagsins á þrem undanförnum aðalfundum. Þar var hann öllum aufúsugestur, og sýnir kvæði Ketils á Fjalli það betur en mörg orð.

Guðmundur Ólafsson var fæddur að Minna Mosfelli í Mosfellssveit hinn 2. ágúst, 1892. Ungur lærði hann bakaraiðn, og á árunum 1913-1916 dvaldist hann



Guðmundur Ólafsson.

í Vesturheimi, aðallega í Winnipeg. Árið 1920 setti hann á stofn brauðgerðarhús ásamt Stefáni Sandholt, og ráku þeir félagar það til dauðadags Guðmundar með hinni mestu þrýði. Guðmundur kvæntist Aðalheiði Þorkelsdóttur árið 1923 og lifir hún mann sinn.

Guðmundur Ólafsson var einstaklega þrúður maður, myndarlegur og fríður sýnum. Hann var mikils metinn af félögum sínum og hafði óskorað traust þeirra. Guðmundur var söngvin mjög og söngelskur, og var hann um langt skeið í söngkórurum.

Hann andaðist hinn 16. júlí í sumar eftir uppskurð og skamma legu.

Undanfarin 10 ár hefur Skógrækt ríkisins átt mikil samskipti við U. S. Forest Service í Alaska. Í höfuðborginni Juneau eru aðalstöðvar skógarþjónustunnar þar á landi, og um þær hafa viðskipti okkar farið að langmestu leyti. Þær sorgarfréttir bárust hingað á þessu hausti, að tveir atgjörfismenn af hinu fálidaða starfsliði þar hefðu látist. Báðir þessir menn höfðu gert skógræktinni hér á landi margvíslegan greiða á undanförunum árum, og þykir því hlýða að minnast þeirra.

Harry Sperling.

Hann var skrifstofustjóri skógarþjónustunnar í Alaska, og hafði verið það um langt skeið. Fóru því mestöll viðskipti milli Íslands og Alaska um hendur hans. Og betri viðskiptamann verður ekki á kosið. Að Harry Sperling látnum sagði B. Frank Heintzleman, sem er yfirmaður skógarþjónustunnar í Alaska, á þessa leið: „Við, sem vinnum að skógræktinni, gátum hvergi nærri gert okkur grein fyrir dugnaði Harrys fyrr en að honum látnum. Hann hafði rækt starf sitt svo lengi og svo vel, að okkur hinum fannst þetta ganga eins og í sögu. Hann var ágætur starfsmaður og mjög fjölhæfur.“

Þegar ég gisti Alaska fyrir 5 árum naut ég mikillar gestrisni og sérstakrar alúðar á heimili hans og konu hans. Þau bjuggu í snotru húsi með stálpuðum börnum sínum fjórum. Það var glaðvært og friðsælt heimili, og hvergi annars staðar hefur mér verið jafnvel tekið af ókunnugu fólki. Og ég þarf ekki að taka það fram, að Harry Sperling leysti úr öllum þeim mörgu óskum, sem ég bar fram við hann bæði þá og síðar, eins vel og kostur var á. Fyrir röskum tveim árum missti Harry Sperling konu sína og tregaði hana mjög. Nú er hann sjálfur farinn sömu slóð, en hin ágætu börn þeirra eiga um sárt að binda.

Harry Sperling var fæddur í Grodno í Rússlandi 24. febr. 1895, en fluttist með fjölskyldu sinni barn að aldri til Minneapolis. Þar fékk hann skólamenntun sína, en síðan var hann í fyrri heimsstyrjöldinni á vígstöðvunum í Frakklandi í hálft annað ár. Skömmu eftir heimkomuna gerðist hann starfsmaður U. S. Forest Service, og 1921 fluttist hann til Juneau, þar sem hann bjó síðan til dauðadags.

Fyrir þrem árum hjólaði Harry Sperling ásamt tveim börnum sínum allan endilangan Alaskaþjóðveginn og suður til heimahaganna í Minneapolis. Þetta þótti mikið afrek, sem von var, enda munu engir aðrir hafa lagt upp í slíka ferð.

Harry Sperling var einstaklega ástsæll meðal samstarfsmanna sinna, og fyrir starf sitt var hann í sambandi við menn víðs vegar um allt Alaska, og þar munu flestir málsmetandi menn hafa heyrt hans að góðu getið og margir notið greiða hans.

Hann andaðist hinn 11. ágúst í sumar.

Charles H. Forward

Öllum, sem þekktu þennan afkastamikla og sístarfandi mann, mun hafa brugðið við andlát hans. Lífsfjórið og lífskrafturinn var svo mikill. Hann var talinn með fjölhæfustu starfsmönnum skógarþjónustunnar í Alaska, þar sem hann skipaði næsthæstu stöðuna.

Hann greiddi götu okkar við fræsöfnun á sama hátt og Sperling eftir því, sem það féll í hans verkahring. Eitt sinn safnaði hann til dæmis óumbeðinn töluvert miklu af fræi fyrir okkur á stað, þar sem sjaldfarið var um, en hann hafði aðeins heyrt þess getið að mig langaði sérstaklega til að fá fræ þaðan.

Charles H. Forward var fæddur 27. okt. í Los Angeles, en fluttist til Alaska að loknu prófi í skógrækt árið 1926,

og starfaði hann þar óslitið upp frá því. Hann lætur eftir sig ekkju og 4 börn. Hann andaðist hinn 3. september í haust af hjartaslagi.

Með fráfalli þessara tveggja manna höfum við Íslendingar misst hauka úr horni vestur í Alaska, sem ávalt voru boðnir og búnir til að greiða götu okkar, hvenær sem til þeirra var leitað. Þeir fylgdust vel með því, hvernig hinn vestræni trjágróður festi rætur hér úti í miðju Atlantshafi, enda er mikið af trjám hér á landi afkvæmi þeirra í óeiginlegri merkingu. Mikið af fræinu er hingað komið fyrir þeirra hjálp og tilstuðlan.

Hákon Bjarnason.

Aðalfundur

Skógræktarfélags Íslands.

haldinn í Oddfellowhúsinu í Reykjavík 29.-30. okt. 1949.

Fundurinn hófst kl. 10 árdegis.

Varaformaður félagsins Hermann Jónasson, alþingismaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Skýrði hann frá því, að formaður Skógræktarfélagsins, Valtýr Stefánsson, væri veikur; flutti kveðju hans og bar fram óskir um skjótan báta honum til handa.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar og lagði fram skrá yfir fulltrúa á fundinum.

Kjörbréf höfðu verið athuguð fyrir fundinn.

Auk stjórnarinnar sóttu þessir fulltrúar fundinn:

Frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur:

Guðmundur Marteinsson, Helgi Tómasson, Ingólfur Davíðsson, Sveinbjörn Jónsson, Egill Hallgrímsson, Guðbrandur Magnússon, Guðni Ólafsson, Jón J. Jóhannesson, Vigfús Guðmundsson, Þórður L. Jónsson, Hákon Guðmundsson.

Frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar:

Þorvaldur Árnason, Ingvar Gunnarsson, Jón Gestur Vigfússon, Sigfús Jónsson, Jón Magnússon.

Frá Skógræktarfélagi Borgfirðinga:

Haukur Jörundsson, Daníel Kristjánsson, Valdimar Elíasson, Magnús Jónsson.

Frá Skógræktarfélagi Stykkishólms:

Guðmundur Bjarnason.

Frá Skógræktarfélagi Skagafjarðarsýslu:

Ólafur Sigurðsson, Sigurður Jónasson.

Frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga:

Ármann Dalmannsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Finnur Árnason, Guðmundur Karl Pétursson.

Frá Skógræktarfélagi Suður-Þingeyinga:

Ísleifur Sumarliðason.

Frá Skógræktarfélagi Norður-Þingeyinga:

Erlingur Jóhannsson.

Frá Skógræktarfélagi Austurlands:

Guttormur Pálsson, Þórarinn Pálsson.

Frá Skógræktarfélagi Rangæinga:

Ólafur Bergsteinsson.

Frá Skógræktarfélagi Árnesinga:

Jóhannes Helgason, Ólafur Jónsson.

Frá Skógræktarfélagi Svarfdæla:

Ármann Sigurðsson.

Frá Skógræktarfélaginu Mörk:

Siggeir Björnsson.

Frá Skógræktarfélagi Akraness:

Guðmundur Jónsson.

Frá Skógræktarfélagi Austur-Húnavatnssýslu:

Þorbjörn Björnsson.

Útdráttur úr skýrslu stjórnarinnar.

Varaformaður ræddi um tillögur þær, er síðasti aðalfundur fól stjórninni til meðferðar. Viðvíkjandi skýrslusöfnun um uppblástur og eyðingu lands sagði hann, að þjóðirnar væru að komast til skilnings á því, að eigi mannkynið að eiga framtíð, og eins og rányrkjan er mikil úr sjónum, þá þarf að halda vel utan um hin dökku litlu korn, gróður-moldina. Gat ræðumaður þess, að í hinu víðlenda og frjósama landi Bandaríkjanna, hefðu öll forsetaefnin í síðustu forsetakosningu lofað að leggja mikla áherslu á baráttuna við uppblásturinn. Tillögur í svipaða átt og frá Skógræktarfélagi Íslands hefðu borist víðar að til Búnaðarfélags Íslands og hefði farið fram skýrslusöfnun á vegum Búnaðarfélagsins varðandi uppblástur og eyðingu landsins.

Um tillögu um aukið gjaldeyrisleyfi fyrir girðingaeftir til skógræktar sagði form. að ekkert hefði áunnist á þessu ári.

Árangur af umsókn stjórnarinnar um hækkun framlags frá ríkinu til skógræktar bar þann árangur, að ríkisstyrkurinn var hækkaður um kr. 25000.00.

Varðandi tillögu um starfsemi skóla við skógrækt hefði stjórnin skrifað til allra félaga, en lítið af svörum hefði borist.

Stjórnin hefði snúið sér til Tilraunaráðs ríkisins í jarðrækt, að því er snerti tilraunir með ræktun trjágróðurs til skjóls fyrir annan nytjagróður. Tilraunaráð lofaði að hefja slíkar athuganir að Hallormsstað undir umsjón tilraunastjórans á Hafursá.

Þá minntist form. á komu norska skógræktarfélksins, en nánari skýrsla um Noregsferðina yrði gefin síðar á fundinum.

Niðurlagsorð ræðumanns voru á þessa leið:

Stefna þarf að því að koma upp bæjarskógum sem víðast um landið, friða það skóglendi, sem til er í landinu og planta í þau barrplöntum, sem orðið gætu að nytjagróðri. Einnig þarf að taka önnur svæði til friðunar og planta í þau, skólana þurfum við að fá í lið með okkur á svipaðan hátt og Norðmenn gera. Þá þarf, síðast en ekki síst, að vinna að því áfram að breyta hugsunarhætti fólksins varðandi skógræktina, því að starf og hlýhugur ungu kynslóðarinnar í þessu stórmáli, varðaði mestu.

Skýrsla varaform. var þökkuð með almennum lófataki.

2. Gjaldkeri, Einar G. E. Sæmundsen, las upp reikninga félagsins, ennfremur reikninga sjóða í vörslum félagsins og reikning Landgræðslusjóðs.

Reikningarnir voru allir bornir upp og samþ. í einu hljóði.

3. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri sagði frá hinni margþættu starfsemi Skógræktar ríkisins, sýndi myndir af trjágróðri og gaf ýmsar upplýsingar.

Þá skýrði hann frá tillögum um grundvöll fyrir skiftingu styrks milli hinna einstöku skógræktarféлага.

Þá sagði hann frá ferðalögum starfsmanna skógræktarinnar um landið vegna leiðbeiningarstarfs. Dráttur hefði orðið á útkomu ársritsins að þessu sinni m. a. vegna ferðalaganna milli Noregs og Íslands.

Hann skýrði frá skemmdum á barrplöntum, sem urðu vegna snjólaga á síðastliðnum vetri og vori, og ennfremur réttlæysi skógaeigenda gagnvart fjáreigendum í sambandi við það.

Hjá Skógrækt ríkisins, taldi skógræktarstjóri, að væri um 1 milljón plantna í uppvexti. Slæmar horfur voru með að fá fræ frá Alaska, en betri horfur um fræ frá Noregi. Helst þyrfti að senda menn til Alaska til fræsöfnunar. Stærsta uppeldisstöð Skógræktar ríkisins er nú að Tumastöðum. Verið er að gera tilraunir með margar nýjar tegundir, meðal annars frá Eldlandseyjum og Suður-Ameríku. 12 birkiafbrigði verða reynd frá Alaska, og birkifræi hefur nú verið safnað frá mörgum stöðum hér á landi, til þess að gera á því samanburð. Sigurður Hafstað sendifulltrúi okkar í Rússlandi hefur náð í nokkuð af barrfræi frá Rússlandi, einkum Siberíu, og er gefið fyrirheit um meiri fyrirgreiðslu þaðan.

Á næsta ári er Skógræktarfélag Íslands 20 ára, og mun þá aðalfundur þess fara fram á Þingvöllum, og verður þá væntanlega farin skoðunarferð að Tumastöðum, til að kynnst því, sem þar er verið að gera.

Fyrirhugað er að planta samfelldum barrskógi í land í Haukadal í Bisk-

upstungum, Einnig hefur verið samið við K. F. U. M. um að planta barrplöntum í Vatnaskóg. Athugaður var trjágróður í Skorradal, þar sem Guðmundur Marteinson hafði gengist fyrir trjáplöntun, og virtist það ætla að gefa góða raun.

Samkvæmt útreikningi sýnir vöxtur lerkitrjáanna á Hallormsstað, að óhætt sé að gera ráð fyrir um 3 m³ viðarvexti á hektara á ári, og er það meira en menn þorðu að gera sér vonir um.

Að lokum skýrði skógræktarstjóri frá því, hvernig barrviðarplöntum reiddi af í hrauni sunnan Hafnarfjarðar.

Erindi skógræktarstjóra var þakkað með lófataki.

4. Tillaga kom fram um að kjósa 5 manna allsherjarnefnd til að fjalla um tillögur, sem fram kæmu á fundinum. Var það samþ. og eftirtaldir menn kosnir í nefndina.

Sigurður Jónasson,
Haukur Jörundsson,
Dániel Kristjánsson,
Ólafur Sigurðsson,
Ingvar Gunnarsson.

Þegar hér var komið, var kl. orðin rúml. 12 á h. og var þá fundi frestað.

Kl. 2 e. h. var fundur settur á ný og var þá fyrir tekið:

5. Erindi Garðars Jónssonar skógarvarðar.

Skýrði hann frá för Íslendinganna til Noregs síðast liðið vor.

Þá kom á fundinn upphafsmaður að þessari för, sendiherra Norðmanna, herra Torgeir Anderssen-Rysst, og var komu hans fagnað með lófataki. Aðrir hvatamenn að förinni voru Hákon Bjarnason, Valtýr Stefánsson og Reidar Bathen fylkissskógræktarstjóri í Troms.

Ræðumaður lýsti því, hverja þýðingu skógræktin hefði í Norður-Noregi. Skógarnir leggja til efnisvið í húsin, eldsneyti til að hita þau upp og sjóða matinn og hjá mörgum gæfi hann drjúgar tekjur að auki. Þarna norður frá myndi ekki vera byggilegt, ef ekki væri skógurinn.

Loks gat ræðumaður ekki nóg samlega lofað þá gestrisni, sem ferðamennirnir nutu og það gagn, sem verða mundi af förinni.

Ræðumanni var þakkað með lófataki.

6. Skógræktarstjóri, Hákon Bjarnason skýrði frá dvöl Norðmanna hér á landi í vor. Voru þeir 30 að tölu, eða jafnmargir og þeir Íslendingar, er fóru til Noregs.

Ferðast var víða um landið og unnið að gróðursetningu á ýmsum stöðum. Gróðursett var í Haukadal, á Þingvelli, í Fnjóskadal, við Eyjafjörð á vegum Skógræktarfélags Eyfirðinga og víðar.

Gestirnir höfðu rómað móttökurnar og sérstaklega taldi ræðumaður, að móttökurnar á Akureyri yrðu þeim eftirminnilegar.

Vandi er að dæma um gagnið af slíkum ferðum, en fullvíst er, að ferð

Íslendinga, til Noregs markar spor og eykur trú manna á framtíðarmöguleika varðandi skógræktina.

Ræðumaður lagði til, að stefnt yrði að slíkum gagnkvæmum ferðum 2. eða 3. hvert ár og vildi að efnt yrði til næstu ferðar árið 1951.

Var tekið undir orð ræðumanns með lófataki.

7. Þá var tekið fyrir, samkv. dagskrá, almennar umræður og skýrslur félaganna.

Egill Hallgrímsson skýrði frá, að félag Suðurnesjamanna í Reykjavík hefði eignast um 15 ha lands nálægt Vogastapa og hefði þegar gróðursett þar um 4000 plöntur ýmsra tegunda.

Guðmundur Marteinsson skýrði frá störfum Skógræktarfélags Reykjavíkur, en það hefur nú til meðferðar umfangsmikla starfsemi. Í Fossvogsstöðinni eru hundruð þúsunda ungplantna í gróðurreitum.

Í stöðinni er nú verið að reisa hús til að létta þar aðstöðu. Girðing Heiðmerkur hefur verið á döfinni í 11 ár, og nú er búið að girða 13 ferkílómetra lands. Þarna voru gróðursettar nokkur þús. barrplöntur í vor. Skógræktarfélag Íslands beitti sér á sínum tíma fyrir fjársöfnun fyrir girðingarefni en Reykjavíkurbær hefur borið kostnað af að koma upp girðingunni.

Jón Magnússon skýrði frá starfi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Girtir hafa verið 8 ha og nokkru plantað þar og einnig er unnið að því að girða 30 ha að auki; land, sem hefir legið undir uppblæstri.

Haukur Jörundsson skýrði frá því, hvers vegna aðalfundur Skógræktarfélags Ísland gat ekki orðið í Borgarfirði að þessu sinni. Orsökinn var sú, að öll samkomuhús í héraðinu voru gerð að barnaheimilum. Ræðumaður kvartaði undan örðugleikum á útvegum girðingarefnis.

Félagið hefur alið upp birkiplöntur og þrífast, þær öllu betur, en aðfengnar plöntur.

Furuplöntur, settar niður í vor, dafna vel en rauðgreni þó enn betur.

Guðmundur Bjarnason gaf skýrslu um störf Skógræktarfélags Stykkishólms. Þar var búið að girða land 1948 og plantað þá nokkur hundruð plöntum, sem þrífast vel. Okkur vantar reynslu og þekkingu og hvers konar leiðbeiningar. Fyrir okkur vakir að græða Þórsnesið trjágróðri.

Ólafur Sigurðsson sagði frá starfsemi Skógræktarfélags Skagfirðinga. Félagið á vól á 40 ha landi í Hegranesi. Er ætlunin að girða 4-5 ha í vor, ef efni fæst til þess! Félagið á 6000 plöntur í uppeldisstöð sinni.

Tekinn hefur verið upp sá háttur, að fara með unglöntur í jeppakerru og leggja síðan með þær í eins konar húsvitjunarferð um héraðið. Hefir þetta borið töluverðan árangur og haft vekjandi áhrif.

Þegar sýslunefndin var 75 ára, var stofnaður sjóður, til þess að vinna að skógrækt í héraðinu. Sjóðurinn er nú um 30 þús. krónur.

Þorbjörn Björnsson sagði að Skógræktarfélag Austur-Húnavatnssýslu starfaði í 5 deildum. Væri starfsemi ennþá fremur lítil, en þó væri nú hafist handa um gróðursetningu. Hann taldi rétt, að full þörf væri á liðsinni

skólakennara og taldi meiri ástæðu til að láta skólabörnin vinna að gróðursetningu, en að ferðast með þau landshornanna á milli. Hann taldi verð á plöntum of hátt fyrir almenning. Þá kvartaði hann yfir, að hafa ekki átt kost á að fá barrplöntur. Hann taldi „yfirreið“ þeirra Skagfirðinga til fyrirmyndar.

Fyrst væri að boða trúna á heimilunum og síðan vaknaði héraðsáhugi.

Magnús Rögnvaldsson skýrði frá hinu unga félagi Dalamanna, sem lítið hefði getað aðhafst enn vegna skorts á girðingarefni.

Ármann Dalmannsson gat þess, að Skógræktarfélagi Eyfirðinga væri á svipuðum aldri og Skógræktarfélag Íslands og yrði 20 ára næsta vor.

Plantað hefur verið á árinu innan félagsins og deilda þess 23. þús. plöntum. Hann taldi, að ýmislegt hefði mátt læra af norska skógræktarfélkinu. Rauðgrenið, sem plantað var í vor, virðist standa sig vel, en vafasamara er með furuna. Við höfum hafist handa um uppeldisstöð og munum því eitthvað geta dregið úr plöntukaupum annarsstaðar frá. Samkv. smávægilegum breytingum á lögum félagsins, er gerðar voru á síðasta aðalfundi, hafa tvær nýstofnaðar deildir gengið í félagið á árinu og er stefnan sú, að koma upp bæjarskógum sem víðast í sveitunum, eins og stefnt er að í Þingeyjarsýslu. Félagið hefur meðal annars byrjað á ræktun skjólbelta í sambandi við uppeldisstöðina.

Þegar hér var komið, var gert kaffihlé.

Að lokinni kaffidrykkju var fundinum haldið áfram, um kl. 4.40 e. h.

Ísleifur Sumarliðason sagði frá starfi Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga. Félagið starfar í 9 deildum. Það leggur einkum áherslu á að koma upp bæjarskógum. Skortur á girðingarefni veldur erfiðleikum.

Guttormur Pálsson sagði, að Skógræktarfélag Austurlands stefndi að því, að koma á deildaskipun. Búið er að koma þeim á í kaupstöðum og kauptúnunum. Nú strandar á því, að ekki fæst girðingarefni, og hlýtur það að verða hemill á starfseminni.

Austurland stendur vel að vígi, þegar það getur farið að sitja að mestu leyti fyrir plöntum frá Hallormsstað. Stefnt er að því, að upp komi deildir í hverjum hreppi. Leitað hefur verið til kaupstaða og sveitarfélaga til að kosta mann, er verði ráðunautur deildanna. Við, sem höfum unnið að þessu undanfarið, höfum ástæðu til að gera okkur góðar vonir.

Ármann Sigurðsson talaði af hálfu Skógræktarfélags Svarfdæla, sagði að það væri nýtt félag, eins og fleiri sagði hann stefnuna vera þá, að koma á nytjaskógum við hvert heimili, en tilfinnanlegur skortur er á girðingarefni. Okkar fátæku Skógræktarfélög hafa vart ráð á að senda menn til Noregs sagði ræðumaður, og er þó af því mikið gagn, og til gagnkvæms ávinnings fyrir báðar þjóðirnar. Þess vegna mætti ríkið styrkja náms- og kynningarferðir skógræktarfólks milli landanna.

Ólafur Bergsteinsson lýsti starfi Skógræktarfélags Rangæinga og kvað það hafa takmarkast af skorti á girðingarefni og trjáplöntum. Meðan svo

er, er ekki unnt að beita fullkomnum áróðri fyrir málefnið. Hann taldi þörf á, að menn væru oftár á ferð með fróðleik, svo sem erindisflutning, kvikmyndasýningar o. fl.

Ólafur Jónsson mælti f. h. Skógræktarfélags Árnesinga. Félagið hefur séð um garð á Selfossi, sem ber nafnið: Tryggvagarður. Félagið hefur einnig greitt fyrir bæjarskógum á Skeiðum.

Hann taldi mikinn ávinning að Noregsförinni og hvatti til þess að framhald yrði á slíkum ferðum.

Siggeir Björnsson sagði frá Skógræktarfélaginu Mörk á Síðu. Félagið hefur fengið nokkuð af girðingarefni. Áætlað er að hafa eitt félag fyrir alla sýsluna. Nokkrar skógarleifar eru í héraðinu, og er ráðgert að gróðursetja erlendar tegundir í skjóli þeirra.

Guðmundur Jónsson gaf skýrslu um störf Skógræktarfélags Akraness. Taldi hann ganga fremur seint með trjárækt félagsins m. a. vegna sandfoks úr gördum og víðar að. Áhugamenn hafa nú hjálpað til að hefta sandfokið, og hafa unnið að því ókeypis að moka á bílana við moldarflutning og hefur því bílhlass af mold ekki kostað félagið, nema 10-12 kr. Þessu mun verða haldið áfram. Ræðumaður áleit, að skógræktarfélög ættu að sitja fyrir einstaklingum um plöntukaup.

Dr. Helgi Tómasson skýrði frá, að hann hefði komið 10 þús. plöntum niður í Hagavík. Auk þess hefðu norsku gestirnir sett niður um 3000 plöntur.

Hann sagði og frá því að sauðfé hefði komist í girðinguna í Hagavík og eyðilagt mikið af barrplöntum, sem þeim fundist lostætari en birkiplöntur. Sautján sauðkindur hefðu náðst í girðingunni í sumar og sæust þó hvergi gallar á henni. Enda hafa þær sést stökkva yfir fullkomnar girðingar. Hann las uppkast að tillögu um það, að fénaður, sem brýst inn yfir ógallaðar girðingar skyldi rétt dræpur. Ræðumaður vildi, að sameinuð yrði yfirstjórn skógræktar og sandgræðslu.

Tillögurnar gengu til allsherjarnefndar.

Sigurður Jónasson skýrði frá Noregsför sinni. Hann kvað sig hafa haft litla trú á því, að unnt væri að rækta hér nytjaskóga, nema þar sem best væru skilyrði. En í Noregsförinni taldi hann sig hafa sannfærst um, að nytjaskóga, ýmissa tegunda, mætti rækta hvar sem er á Íslandi.

Sumarið er stutt í Tromsfylki, 2½-3 mán. Þar er á stórum svæðum allt undirlendíð þakið furuskógi. Þarna hefur verið plantað greni inn til dala og út til, stranda. Síberiska lerkíð þrífst þarna vel. Hann taldi að allar þær trjátegundir, sem vaxa í Tromsfylki, ættu að geta náð enn meiri þroska í íslenskum jarðvegi þegar skjólgróðurinn er fenginn.

Að lokum flutti ræðumaður hvatningarkvæði, er hann hafði sjálfur ort. Var honum þakkað með almennum lófataki.

Hákon Bjarnason svaraði því næst ýmsum fyrirspurnum og athugasemdum fulltrúa. Hann taldi fulla þörf á að koma á kennslu við Kennara-

skólann gróðursetningu trjáplantna. En frumkvæðið að því að láta skólabörn annast gróðursetningu, þarf að koma frá skógræktarfélagunum sjálfum, og þau þurfa að hafa samvinnu við skólana í viðkomandi héraði.

En hvað á að sitja fyrir? Fjármagnið er mjög takmarkað. Hvort eiga bæjarskógar að sitja fyrir, eða á að sá og planta í stór samfeld lönd, þar sem skilyrði eru góð?

Hann taldi ekki ráðlegt að láta barrplöntur þangað, sem enginn skjólgróður er fyrir. Þess vegna ætti að byrja með birki, þar sem planta á bersvæði. Ganga þarf úr skugga um, hversu kyngott okkar eigið birki er, en það tekur 10–15 ár.

Erfitt er að koma plöntum frá Skógrækt ríkisins út um landið nógu fljótt. Þess vegna er athugandi að láta héraðsskógræktarfélagin taka að sér plöntudreifingu fyrir Skógrækt ríkisins.

Við óskum eftir skýrslum um skógræktargirðingar á vegum félaganna og jafnframt skilgreiningu á því, hvenær, og hve miklu hafi verið plantað í þær.

Hann kvaðst óttast, að tillögur H. T. myndu ekki mæta neinum skilningi hjá þeim, sem völdin hafa.

Guðbrandur Magnússon sagði frá sitkagrenitrénu í Alaska, sem Hákon hafði safnað frá af. Tréð hefði verið fellt og reyndist 45 m. á hæð. E. t. v. verður einhvern tíma unt að segja þjóðsögur af slíku tré hér á landi, sagði ræðumaður.

Þorvaldur Árnason sagði nánar frá fyrirætlun Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Hann flutti stjórninni þakkir fyrir skýrslu hennar og starfið á síðast liðnu ári.

Guðmundur Marteinsson tók undir þakkir til stjórnarinnar, en lýsti, hversu bagalegt væri, hve seint ársritið kemur út. Það tefði fyrir innheimtu árgjalda hinna ýmsu félaga.

Vegna annríkis skógræktarstjóra, taldi hann athugandi, hvort ekki væri ástæða til, að hann fengi aðstoð við ritstjórnina.

Hákon Bjarnason hvatti menn til að senda Skógræktarfélaginu ritgerðir í ársritið.

Guðm. Karl Pétursson sagði, að þó margir væru nú orðnir trúaðir á að skógar gætu þrífist hér, þá væru það tiltölulega fáir, sem að því ynnu; aðeins fámennur áhugamannahópur. Þess vegna þarf meiri útbreiðslustarfsemi um þetta mál. Taldi hann, að enn væru landbúnaðarmenn ekki vaknaðir til nægilegrar umhugsunar eða skilnings á nytsemi skógargróðurs.

Hann benti á, að hagkvæmt gæti verið að sameina gróðursetningu og sundnám að vorinu, þar sem sunðið færi víða fram á námskeiðum á svipuðum tíma og venjulega væri gróðursett. Auka þyrfti áróður fyrir málinu, og námskeiðum yrði að koma upp við Kennaraskólann.

Hermann Jónasson tók í sama streng, en taldi að framkvæmdir á því sviði yrði að haldast í hendur við aukid plöntuuppeldi og útvegum á girð-

ingarefni. Hann áleit að bændur hefðu nú orðið mikinn áhuga fyrir skógræktinni, en fólksfæð, skortur á girðingarefni og of mikill kostnaður væru hemill á framkvæmdir þeirra enn sem komið er. Marga kennara taldi hann einnig áhugamenn á þessu sviði.

Íslenska moldin, sagði hann að lokum, mun reynast sá grundvöllur, sem traustastur verður til að byggja framtíð okkar á.

Guttormur Pálsson sagði að Skógrækt ríkisins þyrfti meira fjármagn og meira vinnuafli. Þess vegna er liðveisla skólanna eða skólabarnanna stórt atriði.

Guðmundur Marteinnsson tók undir þá hugmynd að sameina gróðursetningu og sundnám, en var því mótfallinn að lögbjóða þetta fyrir en nauðsyn krefði.

Hermann Jónasson áleit tímabært að lögbjóða nám kennaraefna í gróðursetningu. Áleit hann hagkvæmt að kenna börnum gróðursetningu með kvikmyndum í sambandi við náttúrufræði kennslu. Síðar mætti stíga næsta skrefið með því, að lögbjóða eins konar þegnskylduvinnu barna í þessu efni.

Þorsteinn Þorsteinsson vildi, að því yrði beint til kennaraþings, hvort ekki væri hægt að fá skólana til að beita sér fyrir skógræktardögum og láta skólabörn þá mæta til gróðursetningar.

Er hér var komið var kl. rúml.7 e. h. og var þá fundi frestað til næsta dags.

Sunnudaginn 30. okt. 1949.

Kl. 10 árd. mættu fundarmenn við fundarstað, og var farið þaðan suður í Fossvog í boði Skógræktarfélags Reykjavíkur, og var skoðuð þar uppeldisstöð félagsins undir leiðsögn Einars G. E. Sæmundsen, framkvæmastjóra félagsins. Einnig var farið inn fyrir Elliðaár og skoðaður skógargróður Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Var fundarmönnum sýnd þar hin mesta vinsemd, og var förin hin ánægjulegasta og lærdómsrík fyrir marga.

Kl. 2 e. h. sama dag hófst fundur á ný og var þá fyrir tekið:

8. Álit allsherjarnefndar.

Daníel Kristjánsson skýrði álit nefndarinnar og lagði fram eftirfarandi tillögur:

1. Með skírskotun til ályktunar aðalfundar Skógræktarfélags Íslands, árið 1947, um uppeldi og dreifingu trjáplantna, svo og bréf stjórnarinnar til skógræktarfélaganna, beinir fundurinn því til stjórnarinnar að koma í framkvæmd tillögu þeirri, er þar um getur, á þann hátt, að félögin annist móttöku og dreifingu trjáplantna. Ennfremur væntir fundurinn þess, að skógræktarfélögin fái plönturnar með hagstæðustu kjörum, en þau séu hins vegar ábyrg gagnvart Skógrækt ríkisins, fyrir sölu þeirra og dreifingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Þar sem Viðskiptanefnd neitaði um allan innflutning girðingarefnis til skógræktarfélaganna á árinu, vill aðalfundur Skógræktarfélags Íslands benda á, að þar með er eðlileg framþróun í skógrækt á Íslandi stöðvuð, og væntir fundurinn þess, að slíkt komi ekki fyrir aftur. Tillagan samþykkt með öllum atkv. gegn 1.
3. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands lýsir ánægju sinni yfir því, að skifti á skógræktarmönnum milli Noregs og Íslands fóru fram á þessu ári. Jafnframt skorar fundurinn á öll skógræktarfélög í landinu, að hefjast handa um fjársöfnun til utanferða Íslendinga eftirleiðis, og verði slíkar ferðir farnar eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Eftir nokkrar umræður var till. samþykkt samhljóða.
4. Tillaga frá Ármanni Sigurðssyni:
Ársfundur Skógræktarfélags Íslands, 1949, beinir þeirri áskorun til stjórnar félagsins, að hún vinni að því að fá lögfestan styrk frá ríkinu til gagnkvæmra skifta á skógræktarfólki milli Íslands og Noregs, eða Íslands og annara landa, sem vinni að aukinni skógrækt.
Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
5. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, 1949, felur stjórn félagsins:
 1. að starfa að því af alefli, að lögfest verði nám í gróðursetningu og hirðingu trjáplantna við Kennaraskóla Íslands.
 2. að beina þeim tilmælum til fræðslumálastjórnarinnar, að hún geri það sem í hennar valdi stendur til þess, að kennarar leiðbeini börnum í gróðursetningu trjáplantna.
Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
6. Lagt var fram frumvarp til laga, um að framlag til skóggræðslu skuli dregið frá skattskyldum tekjum við álagningu skatta til ríkissjóðs. Var það á þessa leið:

1. gr.

Skattgreiðandi á rétt til að telja framlag til skóggræðslu til frádráttar skattskyldum tekjum samkvæmt eftirgreindum reglum:

1. Land, sem tekið er til skóggræðslu má ekki vera minna, en 6 ha samfellt land, og verður skattgreiðandi að hafa full umráð landsins.
2. Skóggræðsla telst ræktun birkis og annars trjágróðurs á skóglausu landi og gróðursetning eða sáning barrviða í birkiskóglendi.
3. Leggja skal fram vottorð frá skógræktarstjóra eða fulltrúa hans, um að landið sé vel fallið til skóggræðslu, og að það sé girt traustri sauðheldri girðingu.
4. árið eftir að skattgreiðandi hefur gróðursett að fullu í 1 ha. landsins samkvæmt vottorði skógræktarstjóra eða fulltrúa hans, er skattgreiðanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sinum fjárhæð, er nemi 2/3 hlutum af gróðursetningarkostnaði og

hlutfallslegum girðingarkostnaði, allt að kr. 3600,00 og hærra, ef um meiri gróðursetningu er að ræða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði. Í reglum skal tillit tekið til kostnaðar við gróðursetningu mismunandi trjategunda.

Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

7. Tillaga um ófriðhelgi búfjár í girtu skóglendi.

Nefndin hafði haft til athugunar tillögu dr. Helga Tómassonar, en taldi sig ekki geta gengið eins langt, og lagði nefndin því fram aðra tillögu.

Töluverðar umræður urðu um tillöguna, og tóku ýmsir til máls.

Hermann Jónasson ræddi um vandann, sem væri á þessu máli að samræma rétt sauðfjárbóndans og skóggæðslunnar.

Helgi Tómasson óskaði eftir að sín tillaga væri bókuð og taldi fundinn ekki fylgja þessu máli nægilega eftir, með því að samþykkja tillögu nefndarinnar.

Fer tillaga H. T. hér á eftir:

Aðalfundurinn beinir því til félagsstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir breytingum á skógræktarlögunum þannig, að samkvæmt þeim verði:

1. Sauðfé, hross og nautgripir innan viðurkenndra skóggirðinga rétt dræp fyrirvalaust.
2. Þó skal þeim, sem sér um drápið, skylt að hafa vitni að því, að skepnan sé tekin innan girðingar.
3. Svo og að tilkynna það hreppstjóra, en skógareigandi greiði hreppstjóranum andvirði skepnunnar samkvæmt gildandi verðlagsskrá. enda eigi skógareigandi síðan hræið.

Guttormur Pálsson gat þess að óbilgirmi margra sauðfjáreigenda gagnvart friðhelgu landi, stafaði af menningarskorti Íslendinga á þessu sviði.

Svohljóðandi tillaga frá allsherjarnefnd var þá næst borin upp:

Komist sauðfénaður inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með fullgildri girðingu, skal viðkomandi eigandi skógræktarsvæðisins merkja það sauðfé og tilkynna það síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni ekki um kennt, getur hlutaðeigandi krafist, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Eigandi skógræktarsvæðisins greiði síðan þann mismun, er á kann að vanta, til þess, að sauðfjáreigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri, eða nánustu vandamenn hans hlut að máli og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann til að framfylgja lögnum í hans stað.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Tillaga um skiftingu styrks milli skógræktarféлага.
 1. Skilyrði fyrir styrk er, að skýrslur séu póstlagðar fyrir 15. mars.
 2. Styrkur greiðist með kr. 5.000 á hvern félagsmann.
 3. Það, sem afgangs er, skiftist milli féлага í hlutfalli við þau dagsverk, sem leyst eru af hendi. Í dagsverki telst: Gróðursetning 250 trjáplantna. Sáning í 10000 fermetra. Uppeldi 200 barrplantna 2½ ára, eða jafngamalla birkiplantna (reynir, runnar og skrauttré ekki talin til styrks).
Í girðingarvinnu koma 60-70 m. í dagsverk.
 4. Hámarksstyrkur til féлага miðast við 1/7 af öllum ríkisstyrkinum. Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
9. Aðalfundurinn beinir því til félagsstjórnarinnar, að hún reyni að beita áhrifum sínum til þess, að lögin um ítölu verði framkvæmd um allt land.
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
10. Fundarstjóri las tillögur frá Magnúsi Jónssyni og koma þær hér á eftir:
 1. Fundurinn beinir þeirri áskorun til skógræktarfélaganna í landinu, að þau hafi ársfundi sína á vorin sem næst þeim tíma, er gróðursetning trjáplantna fer fram.
 2. Krafa verði gerð um það og lögfest, að hreppsnefndir og skólanefndir sjái barna- og unglingaskólum landsins fyrir landi, þar sem því verður við komið, til trjáæktar á vegum kennaranna og unglinganna.
 3. Fundurinn beinir því til Skógræktar ríkisins að koma upp trjáæktarreitum, á uppblásnum svæðum og gróðursetja þar birki sem byrjun á því að klæða þessi lönd gróðri. Myndi mega nota til þess smá plöntur úr skógum þeim, er næst liggja.

Eftir nokkrar umræður voru tillögurnar allar samþykktar samhljóða.
11. Tillaga frá félagsstjórninni:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Reykjavík 29.-30. okt. 1949, ályktar að kjósa þá sendiherra Norðmanna á Íslandi, Torgeir Anderssen-Rysst og fylkisskógarmeistara í Troms fylki, Reidar Bathen, sem heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands fyrir hið mikla starf, sem þeir hafa unnið Skógræktarfélagi Íslands og skógræktarmálum landsins.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
12. Tillaga um næsta aðalfund.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, 1949, ályktar að halda næsta aðalfund á 20 ára afmæli félagsins á Þingvelli 1950, og treystir því, að héraðsskógræktarfélögin á Suðurlandi, veiti aðstoð sína við fundarhaldið, eftir því, sem þau geta við komið.

Samþykkt samhljóða.

13. Kosningar.

Úr stjórninni átti að ganga Valtýr Stefánsson, ritstjóri. Var hann endurkjörinn með 30 atkvæðum. Tveir aðrir fengu 1 atkvæði hvor.

Í varastjórn var kosinn dr. Björn Jóhannsson með 25 atkvæðum.

Endurskoðendur voru kosnir.

Halldór Sigfússon,

Björn Steffensen.

Varaformaður Hermann Jónasson lauk fundi með nokkrum hyatningarorðum, þakkaði fundarmönnum komuna og áhugann. Sagði hann að okkur væri ætlað að koma til þessara funda að vorinu, svo við yrðum fyrir áhrifum þess. Hér á þessum fundi hefði sannast að áhuginn væri sá sami, þó komið væri fram á vetur.

Að mæltum fleiri vel völdum orðum, sleit formaður fundi og fundarmann þökkudu kveðjuorð hans með lófataki.

Að lokum þökkudu fundarmenn þeim Hermann Jónassyni og Helga Tómassyni góða fundarstjórn.

Hermann Jónasson.

Guðbrandur Magnússon.

Á. Dalmannsson.

Eftirmáli.

Kl. 7 e. h. mættu fundarmenn til kveldverðarboðs að Höll. Var setið þar í góðum samfagnaði í boði Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur. Voru þar einnig mættir sem boðsgestir, sendiherra Norðmanna, Torgeir Anderssen-Rysst, landbúnaðarráðherra, Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri og fleiri. Varaformaður félagsins, Hermann Jónasson, stjórnaði hófinu, bauð gesti velkomna og tilkynnti, að fundurinn hefði kjörið þá heiðursfélaga: Hr. Andersen Rysst, sendiherra, og R. Bathen, fylkisskógarmeistara.

Margar ræður voru fluttar, og kom ljóslega fram brennandi áhugi manna fyrir því að klæða landið skógi og ennfremur einlægur vilji til samstarfs milli Norðmanna og Íslendinga um, skógræktarmálin.

Ræður þeirra Anderssen-Rysst, sendiherra, skógræktarstjóra, landbúnaðarráðherra og margra annara, báru vott um þetta. Minntist landbúnaðarráðherra meðal annars á samþykkt þá, er Búnaðarþing hefði gert á 50 ára afmæli sínu í sumar, varðandi samstarf um skógræktarmál. Væntu ræðumenn allir góðrar samvinnu allra til mikilla átaka í framtíðinni.

Að kvöldverði loknum skemmtu menn sér við samræður og fleira.

Að lokum var sest að kaffidrykkju og að henni lokinni skildu menn með hlýjum kveðjum og óskuðu hver öðrum góðrar heimferðar.

Skýrslur skógræktarfélaganna

árið 1949.

Skógræktarfélag Akraness.

Stjórn félagsins: Guðmundur Jónsson, formaður, Jón M. Guðjónsson, ritari; Jón Guðmundsson, gjaldkeri, Sveinbjörn Oddsson og Jóhann B. Guðnason. Tala félaga 224, hefur fækkað um 26 frá árinu áður.

Starfsemi félagsins aðallega fólgin í að útvega félagsmönnum trjáplöntur. Félagið hefur miðlað um 1500 plöntum ýmissa tegunda til ýmissa aðila.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 9707,68, tekjur kr. 8185,42, þar af ríkisstyrkur kr. 2000,00. - Gjöld ársins kr. 3443,35. Í sjóði kr. 13999,75 og óinnheimt ársgjöld kr. 450,00. Hrein eign við árslok kr. 17449,75. Eignaauki kr. 3787,07.

Skógræktarfélag Árnesinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Jónsson, formaður, Sigurður Eyjólfsson, ritari, Einar Pálsson, gjaldkeri, Jón Ingvarsson og Helgi Kjartansson. Tala félaga 125, sama og undanfarin ár.

Engar girðingar settar upp sakir efnisskorts. Afhentar voru 4600 birkiplöntur auk nokkurra reyni og greniplantna. Sád var trjáfræi, birki og sitka í 16 fermetra reit. Tveir menn tóku þátt í Noregsför að tilhlutan félagsins. Stofnuð var deild í Hveragerði fyrir forgöngu manna þar á staðnum. Þess má geta, að skógræktin á Álfaskeiði, sem er að nokkru tilkomin vegna stuðnings skógræktarfélagsins. stendur með miklum blóma, einkum birkið og sitkagrenið.

Í sjóði við ársbyrjun voru kr. 6575,12, tekjur á árinu kr. 11382,65, þar af ríkisstyrkur kr. 4500,00. - Gjöld á árinu kr. 11784,03. Í sjóði kr. 6273,74. Hrein eign í árslok kr. 15973,74.

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga.

Stjórn félagsins: Þorbjörn Björnsson, formaður, sr. Gunnar Árnason, ritari, Jón S. Pálmason, gjaldkeri, Steingrímur Davíðsson og Ágúst B. Jónsson. Tala félaga 87.

Settar voru 2500 birkiplöntur í 5 girðingar á félagssvæðinu og nokkuð látið á einstaka bæi. Aðalfundur var ekki haldinn.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 2392,59, tekjur á árinu kr. 2807,32, þar af ríkisstyrkur kr. 15000,00. - Gjöld á árinu kr. 1509,85. Hrein eign við árslok kr. 3833,81.

Skógræktarfélag Austurlands.

Stjórn félagsins: Guttormur Pálsson, formaður, Haraldur Þórarinnsson, ritari, Þórarinn Þórarinnsson, gjaldkeri: Tala félaga 409.

Félagið úthlutaði 2500 birkiplöntum til félagsmanna og gróðursetti 500 skógarfurur í Eyjólfsstaðaskóg. Sett var upp 1,5 km girðing við Neskaupstað, þar sem deild úr félaginu starfar. Félagið hafði starfsmann í þjónustu sinni í 2½ mánuð. Ferðaðist hann um félagssvæðið á vegum þess og undirbjó stofnun deilda. Fékk hann hvarvetna góðar undirtektir.

Stjórn félagsins hefur skrifað formönnum allra búnaðarfélaga og sent þeim frumvarp til laga fyrir hreppaskógræktarfélag ásamt greinargerð. Voru þeir hvattir til að stofna deildir og þar skírskotað til ályktunar búnaðarþings að Egilsstöðum haustið 1949.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 1170,25, tekjur á árinu kr. 13704,00, þar af ríkisstyrkur kr. 9000,00. Gjöld á árinu kr. 13943,80. Í sjóði kr. 930,45. Hrein eign við árslok kr. 22500,00.

Skógræktarfélag Borgfirðinga

Stjórn félagsins: Haukur Jörundsson, formaður, Daníel Kristjánsson, ritari, Guðmundur Jónsson, gjaldkeri, Benedikt Guðlaugsson og Magnús Jónsson. Tala félaga 286.

Félagið rekur dálitla uppeldisstöð að Hvanneyri. Þaðan var eftirtöldum plöntum útbýtt ókeypis til félagsmanna: 3000 birkiplöntum, 100 reyniviðum og 200 víðiþlöntum. En auk þessa lét félagið meðlimum sínum aðkeyptar plöntur í té, svo sem 3000 skógarfurur og 1100 aðrar plöntur, einkum í trjágarða. Reiturinn á Hvanneyri var stækkaður nokkuð. Í girðinguna á Snaga voru settar 2500 furu og greniplöntur frá Troms. Auk þess var þar sáð birkifræi. Á árinu voru haldnir 3 stjórnarfundir og aðalfundur. Menn úr stjórn félagsins fóru í nokkrar leiðbeiningaferðir til félagsmanna.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 25556,94, tekjur kr. 13117,23, þar af ríkisstyrkur kr. 7500,00. Gjöld á árinu kr. 7446,55. Í sjóði kr. 31227,62. Hrein eign við árslok kr. 35077,62.

Skógræktarfélag Dalasýslu.

Formaður félagsins er séra Pétur Oddsson, Hvammi í Dölum.

Fyrirhuguð sáning og girðing um gróðurreit félagsins í Hvammi, komst eigi til framkvæmda fyrr en um haustið. Herfað var, áburður borinn í og unnin önnur undirbúningsstörf. - Unnið var að undirbúningi fyrirhugaðrar girðingar í Búðardal. Félagið útvegaði um 400 plöntur til dreifingar meðal manna. - Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu. - Reikningar hafa ekki borist.

Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Stjórn félagsins: Guðmundur K. Pétursson, formaður, Þorsteinn Davíðsson, ritari, Ármann Dalmannsson, gjaldkeri, Þorsteinn Þorsteinsson, varaformaður og Björn Þórðarson. Tala félaga 348.

Á vegum félagsins voru þessar plöntur settar í girðingar þess: 5500 birki 2/2 frá Vöglum í Vaðlaheiði, 5200 skógarfurur frá Troms á s. st., 7000 birki 2/2 frá Vöglum í Kjarnaland, 1200 rauðgreni 2/2 frá Troms á s. st.; 250 birki 2/2 frá Vöglum í Kongsstaðaháls. Auk þess voru gróðursettar 3100 plöntur í Hrafnagilshreppi, aðallega birki og 1600 plöntur í Saurbæjarhreppi, og stóðu félagsdeildirnar á hvorum stað fyrir því verki. Alls hafa því nærri 25 þúsund plöntur verið settar á vegum félagsins þetta ár. 130 sjálfboðaliðar unnu að gróðursetningu í 426 vinnustundir. - Félagið rekur 1200 fermetra uppeldisreit. Þar var sáð birki í 50 fermetra og furu í 5 fermetra. Aðrar tegundir í uppeldi eru greni, reynir og ýmsir runnar. - Stjórnin hefur haldið fundi eftir þörfum og aðalfund. Hún sá og um mót-töku norska skógræktarfélksins á Akureyri með mestu þrýði. - Félagið hefur fastan starfsmann 8 mánuði á hverju ári.

Tekjur félagsins á árinu voru kr. 55267,88, þar af ríkisstyrkur kr. 15000,00. - Gjöld á árinu kr. 51740,15. Innstæður og fastir sjóðir félagsins námu kr. 45954,68. Auk þess eiga deildirnar um kr. 3500,00 í sjóðum, en þær hafa útvegað plöntur og látið vinna fyrir um kr. 4000,00 á árinu.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

Stjórn félagsins: Þorvaldur Árnason, formaður, Jón Gestur Vigfússon, ritari, Jón Magnússon, gjaldkeri, Sófus Jónsson. Einn, stjórnarmeðlimur, Gunnlaugur Kristmundsson, dó á árinu. Tala félaga 466.

Gróðursett var í Lækjarbotnagirðingu samtals 5800 plöntur, þar af voru 3600 birki, 1000 skógarfurur, 1000 rauðgreni og 200 sitkagreni. Er þá nærri fullsett í eldri hluta girðingarinnar. Öll gróðursetning var unnin í sjálfboðavinnu. Girðingin um Lækjarbotna var stækkuð á árinu. Lengd viðbótarinnar er 2300 metrar. Mjög vönduð girðing. Á árinu voru haldnir 3 félagsfundir og, stjórnarfundir, eftir þörfum.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 19077,53, tekjur kr. 27377,59, þar af ríkisstyrkur. kr. 10000,00. Gjöld ársins kr. 22001,60. Í sjóði kr. 24454,06. Hrein eign við árslok kr. 61632,05. Eignaaukning er kr. 21024,88.

Skógræktarfélag Ísafjarðar.

Stjórn félagsins: Baldur Johnsen, formaður, Björn Jónsson, ritari, Elías Pálsson, gjaldkeri, Kjartan Jóhannsson og M. Simson. Tala félaga 56.

Gróðursettar voru 460 trjáplöntur, en ekki hefur verið tilgreint hvar.

Ennfremur voru garðeigendum látnar plöntur í té. Samkomubann til sumarmála og kalt vor drögu úr framkvæmdum.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 6257,36, tekjur kr. 4308,76, þar af ríkisstyrkur kr. 2000,00. - Gjöld ársins kr. 1918,15. Í sjóði kr. 8647,97. Hrein eign við árslok kr. 22564,88. Eignaauki kr. 3390,61.

Skógræktarfélag Mýrdælinga.

Stjórn félagsins: Óskar Jónsson, formaður, Gunnar Magnússon, Gunnar Stefánsson, gjaldkeri, Vigfús Ólafsson og Erlingur Sigurðsson.

Gróðursettar voru 1440 trjáplöntur, 200 rauðgreni, 240 sitkagreni, 1000 birki. Þessar plöntur voru gróðursettar við Deildará, við Litlahvamm, Pétursey og í Vík.

Gjöld ársins kr. 1858,00. Í sjóði kr. 1121,00 og innstæður kr. 10956,21. Hrein eign við árslok kr. 12077,21.

Skógræktarfélagið Mörk.

Stjórn félagsins: Siggeir Björnsson, formaður, Eyjólfur Eyjólfsson, ritari, Sumarliði Björnsson, gjaldkeri, Gísli Vigfússon og Bjarni Loftsson. Tala félaga 85.

Félagið hefur útvegað sér töluvert af girðingarefni til þess að friða skóglendi á Holtsdal á Síðu, en tími vannst ekki til að koma girðingunni upp á þessu ári. - Útbreiðslufundur var haldinn að Múlakoti á Síðu.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 6212,35, tekjur kr. 4150,00, þar af ríkisstyrkur kr. 1500,00 og styrkur frá hreppssjóði Kirkjubæjarhrepps kr. 2000,00. - Gjöld ársins kr. 7235,85. Hrein eign við árslok kr. 12,476,50. Eignaauki er kr. 3950,28.

Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga.

Félagið starfar í tveim deildum. Önnur er í Presthólahreppi en hin í Kelduhverfi. Stjórn Kelduhverfinga: Erlingur Jóhannsson, formaður, Björn Haraldsson og Björn Þórarinsson. Stjórn Presthóladeildar: Brynjólfur Sigurðsson, formaður, Rannveig Gunnarsdóttir og Halldór Sigurðsson. Tala félaga 99

Tvær smágirðingar settar upp og gróðursett í þær. Einn stjórnarfundur og aðalfundur á hvorum stað.

Skógræktardeild Kelduhverfinga: Í sjóði við ársbyrjun kr. 396,00, tekjur kr. 1703,08, þar af ríkisstyrkur kr. 1000,00. - Gjöld ársins kr. 80,00. Í sjóði kr. 2019,08. Hrein eign við árslok kr. 2019,08. Eignaauki kr. 1623,08.

Skógræktardeild Presthólahrepps: Í sjóði við ársbyrjun kr. 425,60, tekjur kr. 1740,71, þar af ríkisstyrkur kr. 1000,00. - Gjöld ársins kr. 781,60. Í sjóði kr. 1384,71. Hrein eign við árslok kr. 1384,71. Eignaauki kr. 959,11.

Skógræktarfélag Rangæinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Bergsteinsson, formaður, Klemens Kr. Kristjánsson, Guðmundur Erlendsson, Helgi Jónasson og Árni Sæmundsson. Tala félaga 210.

Um 2000 plöntur, mestmegnis birki, voru settar í stöð félagsins að Stórólfsfshvoli. Þar var einnig sáð birkifræi. Félögum var selt nokkuð af plöntum.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 1292,00, tekjur kr. 6100,00, þar af ríkisstyrkur kr. 5000,00. - Gjöld ársins kr. 4330,73. Í sjóði kr. 3062,00. Hrein eign við árslok kr. 9079,00. Eignaauki kr. 1787,00.

Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Stjórn félagsins: Guðmundur Marteinsson, formaður, Ingólfur Davíðsson, ritari, Jón Loftsson, gjaldkeri, Helgi Tómasson, Sveinbjörn Jónsson. Tala félaga 1470.

Á Heiðmörk voru gróðursettar 8000 skógarfurur frá Troms, 500 rauðgreni 2/2 frá Troms og 500 sitkagreni 2/4 frá P. W. S. Alaska. Í stöðina við Rauðavatn, 2000 birki frá Vögllum og 3000 skógarfurur frá Troms. Skjólbelti voru gerð í Fossvogi og í þau plantað birki 500 stk., sitkagreni 350 stk., skógarfuru 500 stk. og rauðgreni 225 stk. af ofan nefndum stofnum. Sáð var 1 kg skógarfurufraes í 3/4 ha í Heiðmörk.

Í Fossvogsstöðina var sáð þessum tegundum fræs: Sitkagreni frá Pakenham og Homer í Alaska í 100 fermetra, skógarfura frá Tromsströnd í 25 fermetra, rauðgreni frá Rana í 15 fermetra, birki, norskt, í 8 fermetra, birki úr Bæjarstað í 25 fermetra, hlyni úr Reykjavík í 8 fermetra og reyniberjum í 20 fermetra. Dreifsett var birki 2/0, 10 þúsundir, skógarfura, 2/0, 15 þúsundir, sitkagreni 2/0 20 þúsundir, lerki 2/0 5 þúsundir. Auk þessa 20 þúsund græðlingar af víði, sólberjum, ribsí og ösp.

Skógræktarfélaginu voru faldar allar framkvæmdir á Heiðmörk af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þar var hlaðið undir 2,5 km veg og borið ofan í að nokkru,

Í Fossvogi var byggður vandaður skáli, sem er allt í senn, plöntugeymsla, verkstæði og matstofa verkafólks.

Haldinn var einn félagsfundur á árinu og 5 stjórnarfundir.

Tekjur félagsins námu kr. 127304,67, þar af ríkisstyrkur kr. 27000,00 og styrkur frá bæjarsjóði Reykjavíkur kr. 75000,00. Gjöld á árinu námu kr. 113105,74. Í sjóði kr. 781,04 og innstæður í Landsbankanum kr. 925,75 og Búnaðarbanka Íslands kr. 361162. Eignir kr. 19504,65.

Skógræktarfélag Seyðisfjarðar.

Stjórn félagsins: Margrét Friðriksdóttir, formaður, Gunnlaugur Jónasson, ritari, Gísli Jónsson, gjaldkeri, Emília Blöndal og Sigrún Einarsdóttir. Tala félaga 62.

Félagið á skógargirðingu í Fögruhlíð, innan við bæinn í Seyðisfirði. Þar voru settar 70 sitkagreni frá Hallormsstað. Aðrar plöntur, sem þar áttu að fara niður, reyndust skemmdar og ónothæfar að mestu. Félagið hefur og litla gróðrarstöð, og þaðan var selt nokkuð af plöntum. - Haldnir voru 2 stjórnarfundir og aðalfundur.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 1442,79, tekjur kr. 4879,36, þar af ríkisstyrkur kr. 2000,00. - Gjöld ársins kr. 3512,19. Í sjóði kr. 2809,96. Hrein eign við árslok kr. 11433,48.

Skógræktarfélag Siglufjarðar.

Stjórn félagsins: Jóhann Þorvaldsson, formaður, Gunnar Jóhannsson, ritari, Kjartan Bjarnason, gjaldkeri, Jón Þorsteinsson og Guðmundur Jónasson. Tala félaga 49.

Félagið fékk nýtt land vestan Fjarðarár, um 6 ha að stærð, staurar voru settir niður, en lengra komst verkið ekki. Lengd girðingar verður 1100 m. Gamla girðingin gerð upp. Í sáðreit félagsins er allmikið af árgömlu birki. Félagið lét rúmlega 600 plöntur af hendi til barnaskólans og einstaklinga. Haldnir voru 6 stjórnarfundir og aðalfundur.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 11211,14, tekjur kr. 10618,73, þar af ríkisstyrkur kr. 2000,00 og framlag Siglufjarðarkaupstaðar kr. 5000,00. - Gjöld ársins kr. 11218,44. Í sjóði kr. 10611,43. Hrein eign við árslok kr. 13361,43.

Skógræktarfélag Skagfirðinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Sigurðsson, formaður, Haukur Hafstað, ritari, Sigurður Jónasson, gjaldkeri, Gunnar Gíslason og Ole Bang. Tala félaga 309.

Sakir votkulda og fjarveru aðal starfsmanns félagsins, lá starfsemin að mestu niðri. Hirt var nokkuð um reitinn í Varmahlíð að vanda og nokkuð af plöntum sett í hann og Birkihlíðarreitinn. Hafinn var undirbúningur að deildaskiptingu í félaginu. Í því sambandi voru fundir haldnir með ungmennafélögum á nokkrum stöðum.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 13043,18, tekjur kr. 8243,61, þar af ríkisstyrkur kr. 8000,00. - Gjöld ársins kr. 3995,40. Í sjóði kr. 18101,39. Hrein eign við árslok kr. 38441,39, þar af er kr. 5747,87 eignaaugi.

Skógræktarfélag Stykkishólms.

Stjórn félagsins: Guðmundur J. Bjarnason, formaður, Bjarni Andrésson, ritari, Gunnar Jónatansson, gjaldkeri. Tala félaga 30.

Sett upp 450 metra girðing 1948 og í hana gróðursett samtals 1300 plöntur árin 1948 og 1949. Félögum voru afhentar 220 plöntur á sama tíma. Plöntun og uppsetning girðingar unnið í sjálfböðavinnu og nemur hún um kr. 2200,00, ef metin væri til verðs. - Stjórnarfundir voru 2 og aðalfundur.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 1752,00, tekjur á árinu kr. 3566,00, þar af ríkisstyrkur kr. 1000,00. - Gjöld ársins kr. 1485,71. Í sjóði kr. 2287,29 og innstæða í sparisjóði kr. 1545,00. - Hrein eign við árslok kr. 7927,40.

Skógræktarfélag Suðurnesja.

Stjórn félagsins: Ófeigur J. Ófeigsson, formaður, Hallgrímur Th. Björnsson, Huxley Ólafsson, Oddbergur Eiríksson, Ragnar Guðleifsson og Sveinn Pálsson. Tala félaga um 50.

Félagið var stofnað hinn 5. marz 1950, einkum fyrir forgöngu Félags Suðurnesjamanna í Reykjavík. Formaður þess félags, Friðrik Magnússon, hefur skýrt frá því, að það félag hafi komið upp 2180 m langri girðingu undir Háabjalla, suðaustur af Vogastapa. Í þessa girðingu voru settar 2000 birkiplöntur, 700 rauðgrenisplöntur, 500 skógarfuruplöntur og 100 sitkagreni. Þetta gróðursetningarstarf var allt unnið af sjálfbóðaliðum. Nú mun Skógræktarfélag Suðurnesjamanna taka að sér umsjón þessarar girðingar.

Á stofnfundi félagsins færði Egill Hallgrímsson, kennari félaginu kr. 1000,00 að gjöf.

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga.

Stjórn félagsins: Tryggvi Sigtryggsson, formaður, Sigurður Gunnarsson, ritari, Ketill Indriðason, gjaldkeri, Jón Kr. Kristjánsson og Jón Sigurðsson. Tala félaga 408.

Félagið starfar í deildum, og eru alls um 60 girðingar og gróðurreitir á vegum félagsins. Auk þess er lítill uppeldisreitir á Laugabóli í Reykjadal. Í reiti félagsmanna voru settar 13730 plöntur alls. Þar af voru 9530 birki, 120 reyniviðir, 3245 skógarfurur, 650 rauðgreni og 36 sitkagreni.

Þessar girðingar voru reistar á árinu: Við barnaskólann á Svalbarðsströnd, 400 m, að Fellsseli í Kinn, 170 m, að Laugabóli, 550 m, að Árhvamm 170 m og að Lindahlíð 300 m, eða alls um 5,8 ha lands. - Stjórnarfundir voru 2 og aðalfundur 2. júlí.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 1346,63, tekjur kr. 18123,00, þar af ríkisstyrkur kr. 14000,00. - Gjöld ársins kr. 6060,00. Í sjóði kr. 13409,63. Hrein eign við árslok kr. 13409,63, þar af er kr. 12063,01 eignaauki.

Skógræktarfélag Svarfdæla.

Stjórn félagsins: Valdimar Óskarsson, formaður, Ármann Sigurðsson, ritari, Óskar Júlíusson, gjaldkeri, Friðrikka Ármannsdóttir, Jóhann G. Sigurðsson. Tala félaga 62.

Útvegað var efni til að stækka gróðrarstöð félagsins, en ekki komst það verk lengra. - Félagið miðlaði 300 plöntum til félaga. - Stjórnarfundir voru 3 og aðalfundur.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 5161,33, tekjur kr. 4512,85, þar af ríkisstyrkur kr. 1000,00. - Gjöld ársins kr. 3655,38. Í sjóði kr. 29,82 og innstæður kr. 1758,06. Hrein eign við árslok kr. 9346,43, sem er kr. 673,68 eignaauki.

Skógræktarfélag Vestur-Barðstrendinga.

Stjórn félagsins: Svavar Jóhannsson, formaður, Jóhann Skaptason, ritari, Jón G. Guðjónsson, gjaldkeri. Tala félaga 50, auk 5 deilda með 169 meðlimum.

Í Mikladalsgirðingu voru settar 300 birkiplöntur, 150 rauðgreni, 50 sitkagreni, 100 reyniviðir og 50 þingvíðiplöntur. Í Hólsland við Bíldudal voru

settar 500 birkiplöntur og nokkuð af furum og rauðgreni. - Í Tálknafirði gróðursettu stúlkurnar nokkuð af plöntum í girðingarnar á Sveinseyri og Sellátranesi. - Uppeldisreiturinn í Vestur-Botni var rekinn á sama hátt og áður. Þaðan komu 1230 plöntur, aðallega birki. - Félagið annaðist dreifingu plantna til sýslubúa eins og að undanfögnu.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 5161,33, tekjur kr. 4512,85, þar af ríkisstyrkur kr. 3000,00. - Gjöld ársins kr. 3578,13. Í sjóði kr. 111,15 og innstæður kr. 5984,90. Hrein eign við árslok kr. 9396,05, sem er kr. 934,72 eignaauki.

Skógræktarfélag Vestmannaeyja.

Engin skýrsla eins og vant er.

Skógræktarfélag Vestur-Ísfirðinga.

Stjórn félagsins: Björn Guðmundsson, formaður, Þorvaldur Zófóníasson, ritari, Guðmundur Ingi Kristjánsson, gjaldkeri. Tala félaga 92.

Plantað var: Í Garðshlíð 75 2/2 sitkagreni, í girðingu Þingeyrarhrepps 1000 birkiplöntum, á Næfranesi 10 2/2 sitkagreni, 50 skógarfurum 2/1, Troms, 50 rauðgreni 2/2 Troms, á Flateyri 1000 birkiplöntum í bráðabirgðareit, í Þverárgerði 250 2/2 birkiplöntum. Ofurlitlu var sáð af greni og furufræi í Garðshlíð. Ofurlítið plöntuuppeldi er að Læk. Þaðan komu 4500 2/2 sitkagreni og um 100 plöntur aðrar. - Útbreiðslufundir voru haldnir með kvikmyndasýningum á Þingeyri, að Núpi, á Flateyri og Suðureyri haustið 1949.

Í sjóði við ársbyrjun kr. 11751,48, tekjur kr. 4564,61, þar af ríkisstyrkur kr. 3500,00. Gjöld á árinu kr. 1730,15. Í sjóði kr. 14585,94. Hrein eign í árslok kr. 16585,94.

Smávegis.

1. MERKILEG ATHUGUN.

Í Norrlandi í Svíþjóð hefur hið mikla skógarhögg undanfarna áratugi valdið því, að auka þarf mjög gróðursetningu skóga. Víða um þessar slóðir á skógurinn erfitt með að yngja sig af sjálfsdáðum, einkum hátt til fjalla. Er Svíum því nauðugur sá kostur að taka upp gróðursetningu samtímis því, sem skógar eru ruddir, því að öðrum kosti verður landið nytjalaust. En ýmsir örðugleikar hafa orðið á því, og er sá talinn mestur, hve erfitt er að afla nægilega mikils trjáfræs, því að ekki er unnt að nota annað fræ á þessum slóðum en það, sem þroskast hefur á trjám, er lifa við álíka erfið veðurskilyrði. Slík tré bera ekki fræ nema með margra ára millibili.

Nú hefur L. Nordström skýrt frá því í stuttri grein í Nordlands Skogsvårdsförbunds Tidskrift, að hinn skammi vaxtartími valdi því, að fræ á skógarfuru nái ekki fullum þroska nema endrum og eins, þó að furan beri oft blóm og vísi að fræum, en þau nái ekki fullum þroska sakir þess, hve haustið leggst snemma að. Tók hann því það ráð að safna könglum snemma hausts, meðan þeir enn voru grænir og óþroskaðir, og flytja þá til hlýrri staða og láta þá þroskast þar áfram. Þessi aðferð hefur sennilega aldrei verið reynd áður, og því var það með nokkurri eftirvæntingu að menn biðu árangursins. Þá kom hið undarlega í ljós, að könglar þeir, sem safnað var grænum, báru mjög sæmilega þroskað fræ, allt upp í 67% af spírunar hæfu fræi, en hinir könglarnir, sem látnir voru sitja á trjánum fram á vetur báru nærri allir ónýtt fræ. Af einu tré voru 6% af fræjunum þroskuð, og var það hið mesta, en af 7 trjám af 10 kom ekkert þroskað fræ.

Í sambandi við þetta má geta þess, að sumarið 1949 var mikið af könglum á lerkitrjánum á Hallormsstað. Virtist fræið vera á góðri leið til fulls þroska, en þá komu mikil hrakviðri þegar leið á ágústmánuð, og fræhvíta sú, sem komin var í fræin þornaði alveg upp. Hugsanlegt hefði því verið samkvæmt tilraunum Nordströms að ná í þroskað lerkifræ með því að safna könglunum þegar veður tók að spillast.

2.LANDNÁM RAUÐGRENIS Í NOREGI.

Sagan um landnám trjánna um norðanverða Evrópu eftir lok síðustu ísaldar er bæði skemmtileg og fróðleg. Ýmsir þættir hennar eru að vísu enn óráðnir, en samt eru mönnum kunn öll helstu atriði hennar. Útbreiðsla rauðgrenisins hefur valdið nokkrum deilum meðal þeirra, sem vit þykjast hafa á, en þrátt fyrir að nýjar kenningar hafi skotið upp kollinum, hallast flestir enn í aðalatriðum að skýringum Norðmannsins A. T. Glöersen, er hann setti fram seint á öldinni, sem leið. Þó hafa menn aukið við kenningar hans og lagfært eftir því sem seinni tíma þekking krafðist. Í 7. hefti af Naturen, sem gefið er út í Bergen og kom út í sumar, skýrir prófessor Knut Fægri frá hinum nýju kenningum próf. Bertils Lindqvists í Stokkhólmi um útbreiðslu grenisins og gagnrýnir þær. Hér skal ekki farið út í þann meiningarmun, sem er milli prófessoranna, en til fróðleiks skal nokkuð skýrt frá hinni einkennilegu útbreiðslu rauðgrenisins um norðanverða Evrópu.

Þau lönd sem nú eru aðalaðsetur þessarar trjátegundar í Evrópu, voru að mestu hulin jökli fyrir mjög skömmum tíma eða um 10-16 þúsund árum. Þegar veðrátta hlýnaði hófu margar trjátegundir ferð sína norður og vestur á bóginn. Birki og skógarfura, ásamt ösp og elri virðast hafa fylgt jökulröndunum fast eftir, en allt virðist benda í þá átt, að rauðgrenið hafi orðið nokkuð síðbúið í þessari

kappgöngu. Þegar menn fóru að virða fyrir sér hina náttúrlegu útbreiðslu rauðgrenisins fyrir röskri öld tóku menn fljótt eftir því, að það óx ekki af sjálfsdáðum á stórum landsvæðum. Þar á meðal má telja alla Danmörku, suðurhluta Svíþjóðar og ennfreður allt landið vestanfjalls í Noregi, þegar undan eru skildir tveir eða þrír einangraðir staðir. Ennfremur lágu norðurmörk þess í Noregi við Saltfjallið, sem er bæði hátt og breitt og gengur í sjó fram, þar sem heimskautabaugurinn liggur yfir Noreg. En hins vegar teygði grenið sig langt norður fyrir heimskautabauginn í Svíþjóð og Finnlandi. Auðveldasta skýringin á þessu, og sú, sem enn er talin líklegust er á þá leið, að rauðgrenið hafi komið til Evrópu all seint á landnámstíð trjáanna eftir ísöldina. Varð það að leggja leið sína vestur og norður á bóginn beggja megin Eystrasalts. Að sunnan hafði það ekki náð til Danmerkur er sögur hófust. Að norðan hafði það ekki komist lengra en suður á Skán og Halland í Svíþjóð. Hins vegar var það komið um allt umhverfis Oslofjörðinn og hafði meira að segja sveigt fyrir Líðandisnes og var byrjað að leggja leið sína norður með ströndinni. Allir dalir upp af Austurlandinu voru vaxnir greniskógum, en á Vesturlandinu fannst það hvergi nema á tveim þrem stöðum, eins og áður getur. Talið er að hinir háu fjallgarðar milli Austur- og Vesturlandsins hafi reist skorður við útbreiðslu þess. En norður í Þrændalög hafði grenið komist um fjallaskörð frá Svíþjóð, og þaðan hefur það meira að segja teygt sig allar götur norður í Ranafjörð, þar sem Saltfjallið varð því Þrándur í götu: Nú hallast menn helst að því, að grenið hafi komist á hina einangruðu staði vestanfjalls í Noregi af mannavöldum fyrir ekki allmörgum öldum.

Menn greinir nokkuð á, hvenær grenið hafi komist yfir í Þrændalögin, en ýmsir hallast að því, að þangað hafi það ekki komist fyrr en fyrir um 2500 árum. Víst má teljast að grenið sé frekar ungt á þessum slóðum. Fræ grenisins eru allþung, og vængur sá sem flytur það frá móðurinni,

er ekki nógu stór til að bera það langar leiðir. T. d. lítur út fyrir, ef þær kenningar eru réttar, er hér hefur verið greint frá, að það hafi ekki komist yfir Eystrasaltið af sjálfsdáðum. Þarf þá engan að furða á því, að útbreiðsla þess hafi stöðvast á ströndum Atlantshafsins; og því voru auðvitað ekki neinar líkur til þess, að það gæti borist til Íslands af sjálfsdáðum.

3. GRÓÐURSETNING SKÓLABARNA Í NOREGI.

Eins og kunnugt er hafa norsk skólabörn unnið að gróðursetningu skógarplantna um áratuga skeið.

Á hernámsárunum féll þessi starfsemi að mestu niður, en strax að styrjöldinni lokinni var fitjað upp á henni að nýju. Í maí hefti Tidskrift for Skogbruk segir Sverre Osmo kennari frá reynslu sinni við þetta starf síðustu árin.

Það sem mestu máli skiftir að áliti þessa kennara, er að verkið sé vel undirbúið og skipulagt. Hópurinn á heldur ekki að vera mjög stór sem er að vinnu í hvert sinni. Hæfilegt er að hafa 20 börn í einu og skifta þeim þannig að tvö séu um hvern plöntuhaka. Börnin ættu ekki að vera yngri en 12 ára eða jafnvel 13 ára. Það er nauðsynlegt að börnin komist strax vel niður í starfinu og að þau vinni sér verkið hægt og rólega og umfram allt að forðast keppni eða meting, því þá er verkinu flaustrað af, sem ekki er hollt þegar æfinguna skortir.

Vinnutíminn ætti að vera álíka langur og skóladagurinn, eða 4-4½ klukkustund, en þar að auki matarhlé. Börnin eiga að fá frímínútur bæði fyrir og eftir hádegðið eins og þau væru í skólanum, en þar að auki þarf að sýna þeim umhverfið og bregða sér í leik.

Með þessu fyrirkomulagi telur Osmo að hvert barn setji niður 50 plöntur á dag eða allur hópurinn (20) um 1000 plöntur (meðalstærð).

Viðkomandi skógræktarfélag leggur til leiðbeinanda við gróðursetninguna kennurum til hjálpar.

4. STÓRT RAUÐGRENITRÉ.

Nýlega var höggvið stórt rauðgrenitré í Tonningskógi, í Stryn á Vesturlandi Noregs.

Þetta tré gróðursetti Arni Tønning, er seinna varð forseti lögbingsins, árið 1876. Tréð stóð sunnan undir hamravegg í skriðubrekku um 150 m yfir sjávarmáli.

Rauðgreni þetta, sem var aðeins 74 ára, þegar það féll, var 29.5 m að hæð, og viðarmagn þess 3.22 m². Þvermál þess 4 m frá jörðu var 66.5 cm.

5. DALGAS OG FLENSBORG.

Síðastliðið haust voru liðin 60 ár frá því að Chr. E. Flensborg, fyrrum forstjóri danska Heiðafélagsins, hóf störf sín hjá félaginu. Hann var lærlingur hjá Sörensen skógræktarmanni á Jótlandi. Þá voru heiðarnar með öðrum svip en þær hafa í dag. Sörensen þessi bjó á býli einu langt út á heiðum sem heitir að Sögaard. Þar hafði verið hafist handa um gróðursetningu furu á stóru svæði nokkrum árum áður en Flensborg kom þangað. Voru þær þá enn svo lágar í lofti að þaðan sá víða vegu um heiðarnar.

Það var einhverju sinni að Enrico Dalgas kom til Sögaard um þetta leyti og kom að Flensborg þar sem hann var að boga við að gróðursetja ávaxtatré heima við bæinn. Hann var að blanda húsdýraáburði saman við moldina í holunni. „Blessaður gerðu nú þetta almennilega“ sagði Dalgas, „og notaðu til þess hendurnar ... svona“ og Dalgas tók áburðinn með berum höndum af holubarminum og blandaði saman við moldina, og lét að rótum ávaxtatrésins.

Flensborg hefur aldrei gleymt þessari hagnýtu kennslu, og ekki síður á hvern hátt hún var sýnd. Hún er órjúfanlega tengd minningunni um Dalgas, manninum sem átti mestan þátt í hinu mikla afreki Dana í skógrækt og ræktun jósku heiðanna.

(Hedeselskabets Tidsskrift 1950).

6. *BARRTRÉ Í DANMÖRKU.*

Í smáfregn í Hedeselskabets Tidskrift er sagt frá barrtrjám í Danmörku. Þeir sem ferðast hafa um Danmörku hafa séð hversu mjög barrtrén setja svip sinn á skógana þar, en hitt munu færri vita að öll eru þau innflutt að eininum undanteknum. Að vísu er annað barrtré, ýviðurinn, til í dönskum skógum, en hann er þó ekki talinn með frumgróðri landsins. Barrtrén þekja nú meira en helming alls skóglendis í Danmörku, og það er því fróðlegt að fylgjast með því, hve langt er um liðið síðan þau hófu innrás sína.

Um fjórðungur af öllu skóglendi Danmerkur eru rauðgreniskógar, og þó eru fyrstu plönturnar ekki gróðursettar fyrr en árið 1730, við Tisvilde. Vitað er að rauðgreni óx í Danmörku fyrir síðustu ísöld, en það komst ekki þangað aftur fyrr en það var gróðursett þar, fyrir röskum tveim öldum. Ræktun þess var þó mjög hægfara framan af, en um 1763 kemst nokkur skriður á hana, en þá hófst duglegur þýskur skógræktarmaður v. Langen að nafni handa með nokkura gróðursetningu á Sjálandi. Langen flutti einnig inn aðrar tegundir sem voru nýjar í gróðurríki Danmerkur. Þetta voru lerki og þinur, sem báðar hafa reynst hinir bestu borgarar. Hann flutti líka inn skógarfuru, en hún var þá útdauð í Danmörku með öllu, fyrir nokkurum áratugum.

Hvítgrenið var fyrst gróðursett um 1790, og var fræið fengið frá Kanada. Fjallafura var fyrst reynd um aldamótin 1800. Var fræið frá Suður-Evrópu. Það var þó ekki fyrr en eftir miðja nítjándu öld sem fjallafuran varð nokkuð algeng, og þá fyrst og fremst á jósku heiðunum.

Tvær aldir er ekki langur tími í sögu þjóðar. Það er því gaman að staldra við staðreyndir sem þessar: Á þessum skamma tíma hafa Danir aukið skóglendi sitt stórkostlega, og þeir hafa skift að mestu um skógartré, þannig að röskur helmingur af skóglendi þeirra í dag, eru innflutt barrtré og af algjörlega nýjum rótum runninn.

SKRÁ YFIR SKÓGRÆKTARFÉLÖG Á LANDINU.

Heiti félaganna.		Stofn- dagur.	Stofn- ár.
1.	Skógræktarfélag Íslands.....		27. júní 1930
2.	-,,- Eyfirðinga		11. maí 1930.
3.	-,,- Vestmannaeyinga		17. jan. 1931.
4.	-,,- Skagfirðinga		7. apr. 1933.
5.	-,,- Borgfirðinga		5. nóv. 1938.
6.	-,,- Austurlands		2. júlí 1938.
7.	-,,- Seyðisfjarðar		13. okt. 1939.
8.	-,,- Svarfdæla		26. maí 1940.
9.	-,,- Siglfirðinga		22. sept. 1940.
10.	-,,- Árnesinga		2. nóv. 1940.
11.	-,,- Akurnesinga		18. nóv. 1942.
12.	-,,- Vestur-Ísfirðinga		1.des. 1942.
13.	-,,- Suður-Þingeyinga		19. apr. 1943.
14.	-,,- Vestur-Barðstrenginga		1. maí 1943.
15.	-,,- Rangæinga		20. nóv. 1943.
16.	-,,- Austur- Húnavetninga		14. maí 1944.
17.	-,,- Mýrdælinga, Vestur-Skaftafellssýslu ...		21. maí 1944.
18.	-,,- Mörk, Vestur-Skaftafellssýslu		29. nóv. 1944.
19.	-,,- Ísafjarðar		1. jan. 1945.
20.	-,,- Reykjavíkur		24. okt. 1946.
21.	-,,- Hafnarfjarðar		25. okt. 1946.
22.	-,,- Stykkishólms		2. nóv. 1947.
23.	-,,- Dalasýslu		2. maí 1948.
24.	-,,- Norður-Þingeyinga		13. júní 1948.
25.	-,,- Suðurnesjamanna		5. mars 1950.
26.	-,,- Strandasýslu		13. maí 1950.

7. RÓTARSKEMMDIR Á BIRKI.

Undanfarin ár hefur borið á einkennilegum rótarskemmdum og fúa í birkiplöntum í gróðrarstöðvunum, einkum sunnanlands. Komu skemmdir þessar oftast í ljós á miðju sumri, þannig að blöðin fölnuðu og féllu, en þegar tekið var í plöntuna hrökk hún í sundur við rótarhálsinn. Væri plantan grafin upp kom í ljós að þessi skemmd og fúi var oftast á litlum hluta rótarinnar, rétt undir yfirborði beðsins. Var svo komið, að nálega tók fyrir uppeldi birkis í græðireitnum í Múlakoti hin síðustu ár af þessum ástæðum. Orsök þessara skemmda varð ekki kunn fyrir en á síðastliðnu vori.

Þegar 2ja ára birkiplöntur voru teknar upp úr fræbeði í gróðrarstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í Fossvogi komu rótarskemmdir fljótt í ljós. Var rótarbörkurinn fleginn af, ofan frá rótarhálsi og nokkuð niður á rótina. Á einstöku plöntu var rótarbörkurinn horfinn frá rótarhálsi og fram á fínustu rótarangana.

Skemmdir þessar voru í smáblettum í beðunum en þess á milli voru alveg óskemmd svæði. Sumar ræturnar virtust vera nýskemmdar því rótarviðurinn var skjannahvítur í sárið. Þess vegna var því veitt sérstök athygli, hvort nokkurir ormar eða lirlfur væru í námunda við skemmdirnar, sem gætu verið valdir að þeim.

Hinn 4. maí fann Björn Vilhjálmsson, starfsmaður í skógræktarstöðinni, lirlfur, er voru að naga rótarbörkurinn á birkiplöntum, sem hann var að taka upp úr beði. Var ekki um að villast, að þar var fundinn skemmdarvargur sá, er tjóninu hafði valdið. Var leitað til Geirs Gígju á Atvinnudeild Háskólans um greiningu á lirlfu þessari. Tók Geir nokkrar lirlfur og lét þær klekjast út. Í bréfi dags. 20. júní 1950 segist Geir hafa „fengið fram fullvaxnar flugur, sem eru af tegundinni *Bibio nigri ventris* Hal. Tegund þessi hefur áður fundist hér á landi í Fljótshlíð, Þórsmörk, Reykjavík og nágrenni, og á einum stað á Vesturlandi.“ Hér er því vart

um nýja eða nýinnflutta flugutegund að ræða, heldur innlenda. Geir segir að fluga þessi sé til í Norður- og Mið Evrópu en sé ekki talin til skaðsemdardýra á þessum slóðum. Þó munu aðrar tegundir af sömu ætt (Bibiæidae) „valda nokkru tjóni með því að lirfan nagar bygg á ökrum, kartöflur í görðum o. fl.“

Um útrýmingu og varnir gegn þessum vágesti farast Geir Gígju svofelld orð.

„Til útrýmingar Bibio-lirfunni er meðal annars notað kartöfluhýði eða annað þvítíkt, sem vætt er í arsenik-eitri eða yfir stráð með „Schweinfurtergrönt“. Þetta er svo látið ögn ofan í moldina, þar sem vænta má að lirfurnar séu. Varað er við því að nota mikið af nýjum húsdýraáburði. Það hænir flugurnar að. Enda er slíkur áburður ásamt ýmsum rotnandi efnum, eftirsótt fæða lirfanna.

Flugurnar koma fram á vorin og verpa í moldina, einkum þar sem húsdýraáburð er að finna. Hvort eggin klekjast út hér á sama sumri og þeim er orpið, eða geymast til næsta vors, er ekki vitað með fullri vissu og þyrfti að athugast.

Til þess að eyða flugunum og varna þeim að verpa í beð hinna ungu birkiplantna, mætti strá gammexan eða öðru flugnaeitri yfir beðin um það leyti, sem vænta má að þær klekist út (síðast í maí-júníloka), og annað slagið næstu vikurnar á eftir. Rétt væri einnig að strá eitrinu um næsta umhverfi birkibeðanna.“

8. STYRKUR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA 1950.

Skógræktarfélag	Akraness	kr.	1.500.00
„-	Árnesinga	-	4.000.00
„-	Austur-Húnavetninga	-	1.500.00
„-	Austurlands	-	7.000.00
„-	Borgfirðinga	-	7.500.00
„-	Eyfirðinga	-	15.000.00
„-	Hafnarfjarðar	-	10.000.00
„-	Ísfirðinga	-	1.500.00
„-	Norður-Þingeyinga	-	1.000.00
„-	Mörk V.-Skaftafellssýslu	-	1.500.00
„-	Rangæinga	-	3.500.00
„-	Reykjavíkur	-	18.000.00
„-	Seyðisfjarðar	-	1.500.00
„-	Siglufjarðar	-	2.000.00
„-	Skagfirðinga	-	4.000.00
„-	Strandamanna	-	2.000.00
„-	Stykkishólms	-	2.000.00
„-	Suðurnesja	-	4.500.00
„-	Suður-Þingeyinga	-	12.000.00
„-	Svarfdæla	-	1.000.00
„-	V.-Barðstrendinga	-	3.000.00
„-	V.-Ísfirðinga	-	3.000.00
„-	Íslands	-	18.000.00
Samtals			kr. 125.000.00

Einhver fullkomnasta landbúnaðardrátt-
arvél, sem smíðuð er í heiminum er

DEUTZ - dieseldráttarvélin.

VÉLIN ER LOFTKÆLD.

★ *Eldsneytiskostnaður aðeins um $\frac{1}{6}$ á við góðan
benzíntraktor með sömu vélastærð.*

Aðalumboðsmenn á Íslandi

H. F. HAMAR
REYKJAVÍK.

BP

BP BENZÍN

MOBIL og CASTROL

smurningsolíur.

Olíuverzlun Íslands h.f.

ALLS KONAR PRENTUN,

stór og smá, einlit og fjöllit.

EF ÞÉR ÞURFIÐ

*á prentvinnu að halda, þá
leitið upplýsinga hjá okkur
um verð og tilhögun.*

PRENTSMÍÐJAN ODDI H.F.

GRETTISGÖTU 16 - SÍMI 2602.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

REYKJAVÍK,

ásamt útibúum á Akureyri,

Ísafirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

★ *Annast öll venjuleg bankaviðskipti*

innanlands og utan, svo sem innheimtur, kaup og sölu
erlends gjaldeyris o. s. frv.

★ *Tekur á móti fé*

til ávöxtunar á hlaupareikning eða með sparisjóðskjörum
með eða án uppsagnarfrests.

★ *Vextir*

eru lagðir við höfuðstól tvisvar á ári.

★ *Ábyrgð ríkissjóðs*

er á öllu sparisjóðsfé í bankanum og í útibúum hans.

KARTÖFLUR

eru góður og hollur matur, sem nær öll heimili landsins hafa á borðum alla daga ársins, og ætti flest þeirra að geta ræktað nægilegt af þeim til eigin þarfa.

★ Þjóðinni getur orðið það brýn nauðsyn, að vera sjálfri sér næg, um sem flest af því, er nota þarf í landinu.

Grænmetisverzlun ríkisins.

Höfum alltaf birgðir

af alls konar skyndiumbúðum

hentugum í ferðalög. Búum til

Ferðaapótek

með stuttum fyrirvara, við hæfi

hvers einasta manns. — — —

INGÓLFS APÓTEK

JÓN LOFTSSON H.F.

Hringbraut 121 - Reykjavík.

Sími 80600, tvær línur. Símnafni: Drangey.

Við seljum:

GIRÐINGAREFNI.

GALVANISERAÐA JÁRNSTAURA.

TRÉSTAURA.

BYGGINGAVÖRUR.

VIKURPLÖTUR til einangrunar.

VIKURHOLSTEINA.

★ *Góð og ábyggileg viðskipti. Fljót afgreiðsla.*

Verið samtaka um að efsla innlenda framleiðslu!

Kaupið HREINS:

Sápur, Skóáburð, Gólfáburð,

Þvottaduft og Fægilög.

H.F. HREINN er elzta og stærsta hreinlætisverksmiðja landsins og HREINS-VÖRUR standast alla samkeppni.

H.F. HREINN

Barónsstíg 2. Sími 3444 og 4325.

Leirvörur - Glervörur - Búsáhöld

TÆKIFÆRISGJAFIR

og

SNYRTIVÖRUR

í mestu úrvali.

VERZLUN

JÓNS ÞÓRÐARSONAR.

FLÓRA

Austurstræti 7 . Símar 2039 og 5639.

Vanti yður

FRÆ, BLÓM, KRANSA eða

TÆKIFÆRISGJAFIR,

þá komið til okkar.



Pantanir sendar um land allt gegn póströfu.

FLÓRA

Austurstræti 7 . Símar 2039 og 5639.

Heilsan er fyrir öllu!

Hafið ávallt hugfast
að lækna og aðrir
heilsufræðingar telja

mjólk, skyr og

aðrar mjólkurafurðir

einhverjar hollustu
fæðutegundir,
sem völ er á.

**Styðjið og eflið
íslenska framleiðslu.**

AÐALFUNDUR.

Aðalfundur Hlutfélagsins Eimskipafélags Íslands verður haldinn í fundarsalnum í húsi félagsins í Reykjavík *laugardaginn 2. júní 1951* og hefst kl. 11½ e. h.

D A G S K R Á :

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag og framkvæmdum á liðnu starfsári, og frá starfstilhöguninni á yfirstandandi ári, og ástæðum fyrir henni, og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstursreikninga til 31. desember 1950 og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum
2. Tekin ákvörðun um tillögur stjórnarinnar um skiptingu ársarðsins.
3. Kosning fjögurra manna í stjórn félagsins í stað þeirra, sem úr ganga samkvæmt samþykktum félagsins.
4. Kosning eins endurskoðanda í stað þess er frá fer, og eins varaendurskoðanda.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
6. Tillögur til breytinga á reglugerð Eftirlaunasjóðs H.f. Eimskipafélags Íslands.
7. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp kunna að vera boðrin.

Þeir einir geta sótt fundinn, sem hafa aðgöngumiða.

Aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum hluthafa í skrifstofu félagsins í Reykjavík, dagana 30. og 31. maí næstkomandi. Menn geta fengið eyðublað fyrir umboð til þess að sækja fundinn í aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík.

Reykjavík, 10. janúar 1951.

Stjórnin.

ÁLAFOSS

*Kaupirðu góðan hlut,
þá mundu hvar þú fékkst hann.*

Álafoss föt bezt.

Verslið við ÁLAFOSS,
Þingholtsstræti 2.

STEYPUSTÖÐIN H.F.

*Skrifstofur Steypustöðvarinnar
eru í Elliðaárdvögi. - Sími 1180.*

Kaupið hjá oss,

þá sparið þér steypuefni. Ekkert efni fer í súginn. Nýtízku tæki tryggja fljóta afgreiðslu og mikil afköst. Nækvæmlega vegið efni tryggir góða teypu.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

hefur gefið út ýmsar búfræðibækur, sem allar eru seldar með kostnaðarverði.

Við viljum hér með benda á þessar bækur:

Aldarminning

Búnaðarfélags Íslands,

2 bindi, bæði aðeins kr. 24.00.

Millipínganefnd

Búnaðarþings 1943,

2 bindi, bæði á kr. 50.00.

Nafnið á þessari bók segir lítið um innihald hennar. En í bindum þessum er meðal annars: Verðlaunaritgerðir eftir Guðmund Jónsson, Guðmund Jósafatsson, Ólaf Sigurðsson, Jón Sigurðsson, Gísli Kristjánsson, Halldór Stefánsson og Jónas Pétursson. — Einnig skýrlur um matarþörf, eftir dr. Helga Tómasson, um Ameríkuferð eftir dr. Halldór Pálsson, og um framleiðslu landbúnaðarins, eftir Metúsalem-Stefánsson.

Athugið, að bækur þær, sem hér eru nefndar og fleiri af útgáfubókum vorum, eru varanleg eign.

Búnaðarfélag Íslands.

Menn deila um margt,

*en um eitt
verður ekki deilt,
og það er,
að*

VÍSIR

*er
fjölbreyttasta
blaðið.*

★ Gerist áskrifendur!

DAGBLAÐIÐ

VÍSIR

Sími 1660.

Húsgögn eru dýr



.... á síðari árum hefur það margost komið fyrir, að menn hafa tapað stórfé á því að hafa ekki húsmuni sína tryggða í samræmi við núverandi verðlag.

Sjóváttryggingarfélag Íslands



TJARNARCAFÉ

*Skemmtilegustu og vinsælustu
veizlusalir bæjarins.*

★ Þar skemmtið þið ykkur best.

FÆÐI yfir lengri og skemmri tíma.

Egill Benediktsson.

Símar: 3552 og 5533.

GRÓÐURHÚSAGLER og RÖR

GARÐYRKJUMENNI!

Athugið, að hjá okkur gjörið þér ávallt
hagkvæmust kaup á gróðurhúsagleri og
rörum í gróðurhús yðar.

Öllum fyrirspurnum greiðlega svarað í
síma 1400.

Eggert Kristjánsson & Co. h.f.

Reykjavík.

Morgunblaðið

ÞEIR,

sem kaupa Morgunblaðið — verð kr. 16.00 á mánuði, fá á ári lesmál, sem svarar 1000 bókaörkum, en það samsvarar 90 meðalstórum bókum, og er þó ekki auglýsingarúm blaðsins reiknað með. En þetta lesmál flytur líka fregnir af öllu því helzta, sem gerist, innan lands og utan.

Lesbók Morgunblaðsins,

er með stærstu og fjölbreyttustu tímaritum landsins, — allt þetta fyrir kr. 16.00 á mánuði.

Morgunblaðið

er helmingi útbreiddara en nokkurt annað íslenskt dagblað, og þar af leiðandi lang öflugasta auglýsingatækið, sem völ er á.

HÓTEL VÍK

VALLARSTRÆTI 4
REYKJAVÍK.

KAUPI

allar tegundir af

LÝSI.

BERNH. PETERSEN

REYKJAVÍK

Sími 1570 (tvær línur).

Símnefni: *Bernhardo.*

*Hafnarstræti 9,
Reykjavík.*

*Símnefni: Kolosalt.
Sími 1120.*

KOL & SALT

Beztu kolategundir ávallt fyrirbyggjandi.

Fljótust afgreiðsla.

Reynið viðskiptin.

Gerið pantanir í síma 1120.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

*Austurstræti 5 . Reykjavík
Sími 81200.*

AUSTURBÆJARÚTIBÚ

Hverfisgötu 108. Sími 4812.

ÚTIBÚ Á AKUREYRI.

Bankinn

annast öll innlend

bankaviðskipti.

Tekur á móti fé

í sparisjóð

og hlaupareikning.

★ Nokkur GEYMSLUHÓLF ennþá óleigð.

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

REYKJAVÍK

Sími 1249.

Símnafni: Sláturfélag.

LANDSINS

FULLKOMNASTA

ÚRVAL

**af alls konar
nýju,
frosnu,
reyktu og
söltuðu
KJÖTI,
niðursuðuvörum,
og áskurði á brauð.**

REGNKÁPUR, alls konar.

SJÓFATNAÐUR, alls konar.

GÚMMÍSTÍGVÉL.

VINNUFATNAÐUR, alls konar.

VINNUVETTLINGAR, alls konar.

MÁLNINGAVÖRUR, alls konar.

STUNGUSKÓFLUR.

★ Sendum gegn póströfu.

VERÐANDI, veiðarfæraverzlun

Símar 3786 - 1986. Reykjavík.

Klæðaverzlun

Andrésar Andréssonar h.f.

Laugaveg 3 - Sími 81250.

*Stærsta
tíðkuverzlun
landsins,
fyrir*

karla- og kvenfatnað.

Handband

Ef þér þurfið
að fá

handbundnar bækur,

þá snúið yður

til okkar,

vér höfum

úrvals bókbandsefni.

SVEINABÓKBANDIÐ H.F.

Snorrabraut 37, (Austurbæjarbíó).



Járnsmiði . Trésmíði . Málmsteypa

Happdrætti Háskóla Íslands

býður yður tækifæri til stórhappa fyrir lítið gjald.

$\frac{1}{1}$ ársmíði kostar 240 krónur á ári.

$\frac{1}{2}$ miði kostar aðeins 120 krónur á ári.

$\frac{1}{4}$ miði kostar aðeins 60 krónur á ári.

Vinningar: Kr. 4.200.000.00.

Kaupið

**minningarspjöld
Landgræðslusjóðs,**

þegar þér viljið minnast
látinna vina og vandamanna.





*Elita,
stærsta
og fullkomnasta
verksmiðja sinnar greinar.*

VINNUSÁTAGIÐ ÍSLANDS 5;
KJÓSDAGIR



SÆLGÆTISGERÐIN VÍKINGUR

Vatnolífg. 11

REYKJAVÍK

Þóthellu St.

Símanúmer:

4666 4044

1111 2. hæð Skrifstofu og málavél

Framleiðir hinar viðurkennda

VÍKINGS-ÞÖRUT:

KRAFTA- og BÚSKULAFI,

ÁTSÓKKILAFI,

KONFERT í þokum og kassum,

RÓTUR og STANGIR.